



BYGGÐASTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2024



Frá Seyðisfirði.

Umsjón: Hanna Dóra Björnsdóttir og Helga Harðardóttir.

Hönnun, teikningar og umbrot: Blek hönnunarstofa, Akureyri – blekhonnun.is

Ljósmynd á forsiðu: Í Þórsmörk, Kristján P. Halldórsson.

Ljósmyndir: Kristján P. Halldórsson, bls. 2, 8, 14, 17, 19, 24, 28, 31, 35, 36, 37, 38, 40, 41, 43, 53, 54, 62, 63.

Reinhard Reynisson, bls. 56. Hjalti Eypór Árnason, bls. 44, 46. Hanna Dóra Björnsdóttir, bls. 15, 22, 48, 126. Sigríður Elín Þórðardóttir, bls. 16, 49.

Árið í myndum bls. 57-61 og aðrar myndir: Ýmsir starfsmenn Byggðastofnunar.

Kort og gröf: Byggðastofnun nema annað sé tekið fram.

ISBN 978-9935-518-17-0

FORMÁLI STJÓRNARFORMANNS.....	4
INNGANGUR FORSTJÓRA.....	6
STJÓRN OG STARFSFÓLK BYGGÐASTOFNUNAR.....	9
STARFSEMI FYRIRTÆKJASVIÐS.....	10
STARFSEMI LÖGFRÆÐISVIÐS.....	15
STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS.....	16
Brothættar byggðir.....	18
Samningar við landshlutasamtök um atvinnu- og byggðapróun.....	21
Mælaborð.....	23
Mannfjöldaspá 2023-2074 á sveitarfélagagrunni.....	29
Stöðugreining landshluta.....	30
Þjónustukort.....	31
Sóknaráætlanir landshluta.....	32
Þjónustukönnun Byggðastofnunar.....	33
Verkefnastyrkir samkvæmt stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2026.....	34
Aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga.....	35
Borgarstefna.....	38
Aflamark Byggðastofnunar.....	38
Sérfræðiþjónusta á heilbrigðissviði.....	41
Þróun byggðavísitölu.....	41
Svæðisbundin flutningsjöfnun.....	42
Byggðarannsóknasjóður og styrkir til meistaranema.....	43
Samstarf við háskóla.....	46
Landstólpinn.....	46
Eyrarrósir.....	47
NORA, Norræna Atlantssamstarfið.....	48
Norrænir vinnu- og rannsóknarhópar um byggðapróun.....	48
Norðurslóðaaætlunin (NPA).....	49
ÁRIÐ Í MYNDUM.....	57
FJÁRHAGUR OG REKSTUR.....	62
ÁRSREIKNINGUR BYGGÐASTOFNUNAR 2024.....	63
SKÝRSLA STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR OG FORSTJÓRA.....	64
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA.....	70
YFIRLIT UM AFKOMU.....	75
EFNAHAGSREIKNINGUR.....	76
SJÓÐSTREYMI.....	77
YFIRLIT UM BREYTINGU EIGIN FJÁR.....	79
SKÝRINGAR.....	80
VIÐAUKI (ÓENDURSKOÐAÐUR) STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING.....	113
FRAMLÖG OG STYRKIR.....	116
LÖG UM BYGGÐASTOFNUN.....	117
REGLUGERÐ FYRIR BYGGÐASTOFNUN NR. 347/2000.....	121

FORMÁLI STJÓRNARFORMANNS

Óli Halldórsson

Stjórnarformaður Byggðastofnunar

Byggðamálin

Byggðamál eru fyrir margt löngu orðin órjúfanlegur hluti samfélagslegrar umræðu. Á kosningaárum eins og liðnu ári, 2024, koma á vettvangi stjórnmalanna fram markmið og áform í byggðamálum af margvíslegu tagi. Þó stefnumarkandi byggðaaætlan leggi ákveðinn grunn um stefnu og aðgerðir í stjórnsýslu byggðamálanna til lengri tíma geta stjórnvöld hverju sinni sannarlega haft töluverð áhrif með öðrum hætti. Þetta getur til að mynda verið með útfærslu og byggðafestu fiskveiðikerfisins, framkvæmd búvörulaga, náttúruvernd, virkni menntakerfisins, áherslum skattkerfisins og samgöngumálum. Pólitískar áherslur í hinum ólíku málaflokkum tengjast því þannig beint og óbeint hvernig búsetuskilyrði þróast um landið sem gerir þær að byggðamálum í sjálfu sér.

Þjóð og hagar

Færa má margvíslegar og ólíkar röksemdir fyrir viðhaldi byggða um land allt. Að samfélög, stór og smá, þrífist og búseta sé til staðar sem víðast og með sem fjölbreyttustum hætti. Stundum verður samfélagsumræða um byggðamálin þó óþarflega grunn og byggðatengdar aðgerðir réttlættar sem aðgerðir til að varðveita menningararf en ekki skapa verðmæti. Þessu fylgir líka gjarnan einhvers konar brauðmolakenning um byggðirnar, þar sem höfuðborgarsvæðið verður ómeðvitaður útgangspunktur sem skammti úr hnefa sínum bjargir til byggðanna. Ef vel lukkist, hrökkvi svo nægilega margir molar af gnægtaborði borgarinnar til að fæða byggðirnar svo virða megi fyrir sér á sólríkum sumardögum sólbakaða bændur við heyskap og glaðværa trillusjómenn við löndun. Byggðamál eru ekki gæluverkefni eða einhvers konar góðgerðastarf. Þó viðhald byggðar um landið varðveiti vissulega menningararf þjóðarinnar þá eru byggðamálin fyrst og fremst harðkjarna hagsmunamál. Þau eru samofin þjóðarhag hvernig sem á það er litið. Miklu auðveldara er að færa rök af hagrænum toga fyrir viðhaldi öflugra samfélaga um land allt heldur en með einhverjum menningarsögulegum þjóðrembingi. Tekjuliðir þjóðarbúskaps Íslendinga eru beint og óbeint háðir hinum dreifðu, fjölbreyttu byggðum, þegar skoðað



er neðan yfirborðsins. Meginstólpar verðmætasköpunar atvinnulífsins, svo sem fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, orka og ferðaþjónusta verða ekki skilin frá byggðunum og tekna af þeim ekki aflað án búsetu og innviða um allar þessar byggðir. Drifkraftur nýsköpunar, hugmyndaauðgi og önnur þekkingardrifin óstaðbundin vinna á sér heldur ekki lögheimili í borgum heldur allt eins hvarvetna um byggðir landsins. Auðlindir þjóðarinnar, fólkið, fyrirtækin og mannvirkin sem tengja og virkja þetta allt saman, mynda í stórri heild undirstöður verðmætasköpunar, að höfuðborginni meðtalinni sem mikilvægum hluta þeirrar heildar. Landstórt og auðlindaríkt smáriki með mannfáar sveitir og veikar byggðir getur ekki borið kröfuharða atvinnuvegi nútímans, sem þurfa sterk þjóðvegakerfi, öfluga almannaðjónustu, orku, verslanir, gisti- og veitingaðjónustu og síðast en ekki síst öryggi til matvælaframleiðslu fyrir þjóðina.

Byggðastofnun og stjórn

Í stjórnsýslu ríkisins gegnir Byggðastofnun kjölfestu-hlutverki í þessum byggðamálum öllum með lögbundnu grundvallarhlutverki sínu til þess að „... að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu“. Stofnunin er þannig miðja opinberrar stjórnsýslu í byggðamálum, með yfirsýn og samræmingarhlutverk, rekstur margvíslegra eflingar-

verkefna fyrir byggðirnar auk þess að vera lánastofnun sem atvinnulífi dreifðra byggða standur næst þegar vilji almenna bankakerfisins þrýtur. Stjórn Byggðastofnunar framfylgir daglegum rekstri í gegnum áætlanir, eftirlit og uppgjör en hefur einnig ákveðið frumkvæðishlutverk í gegnum lögbundna skyldu til stefnumótunar um áherslur, verkefni og starfshætti. Stjórnin hefur á liðnu ári rækt þessa frumkvæðisskyldu með ýmsum eftirtektarverðum málum. Stjórnin setti þannig af stað verkefni á grunni byggðaaætlunar sem myndar farveg til tilfærslu óstaðbundinna ríkisstarfa frá höfuðborgarsvæðinu út í landsbyggðirnar. Verkefnið fór af stað í árslok 2024 og hafði um áramót þegar leitt af sér tilflutning þónokkurra ríkisstarfa úr höfuðborginni út í byggðir landsins. Þá átti stjórnin einnig frumkvæði að tilraunaverkefni þar sem Byggðastofnun kemur beint að byggingu atvinnuhúsnæðis á svæðum þar sem markaðsverð hefur ekki mætt byggingarkostnaði. Um áramót var hafinn undirbúningur að fyrsta slíka verkefninu með nýbyggingu iðnaðarhúsnæðis í Búðardal. Þá setti stjórnin einnig af stað undirbúning að verkefni sem snýr að sambærilegum tilflutningi óstaðbundinna starfa á einkamarkaði út í byggðir landsins, m.a. eftir að hafa ýtt við stjórnendum banka í eigu ríkisins varðandi möguleika á að staðsetja í byggðum landsins stærri hluta þeirra hundruða miðlægu starfa sem nú er sinnt í þessum bönkum í höfuðstöðvum bankanna í höfuðborginni.

Gullæðar ókominna ára

Mannfjöldatölur undanfarinna ára sýna jákvæð teikn að því að leyti að í öllum landshlutum hefur fólki fjölgað, ekki eingöngu á höfuðborgarsvæðinu. Þessi fjölgun í byggðum landsins hefur þó ekki haldið í við mannfjöldapróun höfuðborgarsvæðisins. Ennfremur er það svo að þó landshlutar í heild birti jákvæða þróun að einhverju leyti þá eru afmörkuð samfélög innan þeirra sem eiga undir högg að sækja. Enginn veit hvar næsta gullæð finnst og hvernig hún birtist okkur og skapar verðmæti fyrir þjóðina.

” Meginstólpar verðmætasköpunar atvinnulífsins, svo sem fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, orka og ferðaþjónusta verða ekki skilin frá byggðunum, og tekna af þeim ekki aflað án búsetu og innviða um allar þessar byggðir.

Gullið getur fundist á ný á Siglufirði, vestur í Bolungarvík, á Hvolsvelli, innst í Jökuldalnum eða úti í Grímsey. Það getur fundist í formi náttúruauðlindar, hugbúnaðar, ferðaþjónustu, orku, landbúnaðar, framleiðslu, eða einhvers nýskapandi samspils lands og fólks. Það þarf að forðast að hugsa um byggðamál út frá brauðmolum og þjóðrembingshætti. Það er brýnt þjóðhagslegt viðfangsefni að tryggja að við séum sem mest og best búin undir að nýta tækifærin okkar, hvar sem þau kunna að finnast og í hvaða formi sem þau birtast. Það felst ekki í því að skammta byggðum landsins lágmarksaðgang að lögggu, lækni og presti og ljósvita á helstu sker. Heldur í því að byggja áfram upp alvöru innviði um landið sem gerir byggð um allt land samkeppnishæfa um fólk og fyrirtæki. Þannig finnum við tækifærin og förum síður á mis við ófundnar gullæðar ókominna ára.

Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn Byggðastofnunar fyrir afar farsælt og ánægjulegt samstarf á árinu. Einnig forstjóra fyrir mjög gott samstarf sem og öðru hæfu starfsfólki stofnunarinnar. Þá vil ég einnig þakka ráðherrum sem fóru með ráðuneyti innviða á árinu fyrir sýndan áhuga og metnað gagnvart byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar, þeim Svandísi Svavarsdóttur sem gengdi ráðherraembætti framan af ári og Eyjólfu Ármannssyni sem tók við ráðuneytinu að loknum kosningum síðari hluta árs.

INNGANGUR FORSTJÓRA

Arnar Már Elíasson
Forstjóri Byggðastofnunar

Hvar er best að búa?

Ég hef heimsótt öll sveitarfélög á Íslandi og kynnst ágætlega fjölbreytileika þeirra. Flestir telja sig eiga besta bakarí á Íslandi, allmargir bestu sundlaugina og allir fallegustu sveitina. Líklega hafa allir rétt fyrir sér, enda þykir hverjum sinn fugl fagur. Það er hins vegar áhugavert að rýna þetta aðeins nánar. Hvar er virkilega best að búa og hvernig getum við mælt það?

Stofnunin hefur alla tíð með ýmsum leiðum mælt styrkleika og veikleika byggðarlaga, enda eru slíkar mælingar grunnforsendur þess að beita almennum og sértækum byggðaaðgerðum. Við höfum haldið úti mælaborðum um nokkurt skeið sem gefa á einfaldan og aðgengilegan hátt mikið magn upplýsinga um fjölmarga mælanlega þætti sem hægt er að nýta til rýni og samanburðar á byggðarlögum. Þarna má nefna mælaborð eins og tekjur einstaklinga, orkukostnað, staðsetningu ríkisstarfa, fasteignagjöld o.s.frv.

Ekki síður mikilvægir eru huglægu matsþættirnir, þ.e.a.s. hvað finnst íbúum þessara byggðarlaga um sitt byggðarlag. Er þeir hamingjusamir og bjartsýnir, hvað finnst þeim um grunnskólann, mannlífíð, gæði unglingsstarfs og um menninguna?

Íbúakönnun landshlutanna var síðast framkvæmd veturinn 2023-2024. Tilgangur hennar er að kanna hug íbúa til búsetuskilyrða, aðstæður á vinnumarkaði og afstöðu til mikilvægra atriða, s.s. hamingju og hvort íbúar séu á förum frá landshlutanum. Samkvæmt könnuninni eru Skagfirðingar hamingjusamastir Íslendinga, íbúar Akraness eru hrifnir af gæðum tónlistarstarfs í sínu byggðarlagi, bestu loftgæðin eru í Dölum að mati heimamanna og mesta nálægðin við fjölbreytta náttúru virðist vera í Þingeyjarsýslu.

Byggðastofnun gaf út bókina *Byggðafesta og búferlaflutningar* árið 2022. Ritið veitir yfirlit um svæðisbundna mannfjöldapróun á Íslandi og mynstur



búferlaflutninga innan lands og utan. Í bókinni kemur m.a. fram að um 70% íbúa landsins vildu helst búa þar sem þeir þegar búa þó að fasteignaverð væri hið sama um allt land. M.ö.o. íbúar Sauðárkróks vildu helst búa áfram á Sauðárkróki (73%) þrátt fyrir að húsnæðisverðið væri það sama í miðbæ Reykjavíkur. Hið sama má segja um Ísfirðinga (69%), Húsvíkinga (72%) og íbúa Vestmannaeyja (69%).

Af þessu má ráða svarið við spurningunni. Fólki finnst einfaldlega best að búa þar sem það býr.

Óstaðbundin störf til eflingar landsbyggðanna

Stofnunin hefur nú hafið útgreiðslu styrkja til ríkisstofnana sem færa stöðugildi frá höfuðborgarsvæðinu í landsbyggðirnar. Er þetta gert af fjármagni úr gildandi byggðáætlun með það að markmiði að fjölga ríkisstörfum í byggðum landsins, enda eru ríkisstörf hlutfallslega langflest á höfuðborgarsvæðinu, miðað við íbúafjölda. Þegar þetta er skrifað hafa störf verið flutt frá höfuðborgarsvæðinu á Neskaupstað, Húsvík, Hvammstanga, Akranes, Ísafjörð, Akureyri og í Suðurnesjabæ.

Þessu til viðbótar er fyrirhugað að stutt verði við uppbyggingu starfsaðstöðu til óstaðbundinna starfa um land allt á árinu 2025, einnig með styrkjum úr byggðááætlun.

Óstaðbundin störf eru eitt stærsta byggðamál síðustu ára og mun stofnunin róa öllum árum að því að efla framgang þeirra áfram, ekki eingöngu með útdelingu styrkja og eftir atvikum lánveitingum heldur einnig með stöðugri uppfærslu mælaborða um staðsetningu ríkisstarfa annars vegar og lausra fjarvinnustöðva um land allt hins vegar.

” Samkvæmt könnuninni eru Skagfirðingar hamingjusamastir Íslendinga, íbúar Akraness eru hrifnir af gæðum tónlistarstarfs í sínu byggðarlagi, bestu loftgæðin eru í Dölum að mati heimamanna og mesta nálægðin við fjölbreytta náttúru virðist vera í Þingeyjarsýslu.

Auk þessa hefur stofnunin sjálf riðið á vaðið með góðu fordæmi en um fimmtungur starfsmanna hennar eru þegar staðsettir utan höfuðstöðva hennar sem þó eru á Sauðárkróki.

Mörgum störfum er vissulega ekki hægt að sinna óstaðbundið en mikil tækifæri liggja í þeim störfum þar sem slíkt er mögulegt fyrir hinar dreifðu byggðir. Þannig má dreifa landsmönnum betur um landið sem er okkur öllum til hagsbóta.

Traustur rekstur með afar takmörkuðu framlagi á fjárlögum

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 var gert ráð fyrir að gjöld ríkisjóðs yrðu 1.395 milljarðar. Af þeim runnu um 213 m.kr. til reksturs Bygðastofnunar eða um 0,0153%. Að öðru leyti er rekstur Bygðastofnunar sjálfbær, að mestu leyti með vaxtatekjum vegna lánveitinga í landsbyggðunum.

Hagnaður af rekstri stofnunarinnar nam 1.305 milljónum króna á árinu en til samanburðar var afkoma jákvæð um 704 milljónir árið 2023. Eigið fé í lok desember 2024 var samkvæmt efnahagsreikningi 6.003 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 23,17% en var 22,64% í lok árs 2023.

Efnahagur Bygðastofnunar nam í lok desember 2024, 30.117 milljónum króna og hefur hækkað um 4.782 milljónir króna frá árslokum 2023. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlið efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 25.061 milljónum króna og höfðu hækkað um 2.989 milljónir króna frá árslokum 2023. Handbært fé í lok desember 2024 nam 2.637 milljónum króna, en var

927 milljónir króna í árslok 2023. Lántökur og skuldabréfa-útgáfur námu 23.406 milljónum króna og höfðu hækkað um 3.505 milljónir króna á árinu. Aðrar skuldir námu 708 milljónum króna og höfðu lækkað um 28 milljónir króna. Ný útlán á árinu 2024 námu 4.336 milljónum króna á móti 3.172 milljónum króna á árinu 2023.

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem innleiða tilskipun 2013/36/ESB (CRD IV), og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sem hefur verið veitt lagagildi hér á landi ásamt síðari breytingum, kveða á um lagalegar kröfur til eiginfjár stofnunarinnar. Lágmarkskrafa um eiginfjárlutfall undir stoð I er 8% af áhættugrunni fyrir útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Eiginfjárlutfall Bygðastofnunar 31. desember 2024 nam 23,17%. Samkvæmt breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem samþykkt voru á Alþingi 15. júní 2022 og tóku gildi 1. júlí 2022 gildir X. kafli um eiginfjárauðka ekki um Bygðastofnun og er stofnunin því undanþegin kröfum um sveiflujöfnunar- og verndunarauka frá þeim tíma.

Lánveitingar Bygðastofnunar eru hagstæðar

Á árinu var undirritað einkar mikilvægt samkomulag við European Investment Fund að svokölluðu Invest EU samkomulagi. Þessi samningur leysti af hólmi eldra samkomulag við sjóðinn sem bar heitið COSME. Með því öðlast stofnunin bakabyrgð sjóðsins á lánveitingum úr vissum lánaflokkum sem takmarkar tapshættu hennar og gerir henni þar með kleift að veita lán með mun hagstæðari skilmálum og kjörum en áður hefur tíðkast. Má þar helst nefna einkar eftirsóttá lánaflokk eins og lán til stuðnings atvinnurekstri kvenna, lán til kynslóðaskipta í landbúnaði, græn lán til umhverfisvænna verkefna og lán til viðkvæmra byggðarlaga. Lánveitingum Bygðastofnunar eru gerð betri skil í kafla fyrirtækjasviðs hér aftar.

Aflamark Bygðastofnunar skiptir víða sköpum

Á árinu runnu samningar Bygðastofnunar um aflamark hennar við útgerðir og vinnsluaðila um allt land sitt skeið. Vinna við nýja samninga var því fyrirferðamikil en gerðir hafa verið nýir samninga í öllum þátttökubyggðarlögum, utan við Grímsey og Flateyri sem munu líta dagsins ljós á næstu vikum.

Alltaf er mikil umræða um þetta þarfa verkefni Byggðastofnunar og skiljanlegt að menn hafi á því skiptar skoðanir þar sem verið er að úthluta takmörkuðum gæðum án endurgjalds. Því er það mikið metnaðarmál starfsmanna stofnunarinnar í þessu verkefni sem og öðrum að vanda vel til verka og fylgja skýrum réttarheimildum. Það hefur tekist einkar vel, sem meðal annars úttektir [Ríkisendurskoðunar](#) og innri endurskoðunar bera með sér.

Nýir samningar eru í flestum tilfellum til sex ára og með það að markmiði að auka fyrirsjáanleika í rekstri samningsaðila og ýta þannig undir byggðafestu í viðkomandi byggðum. Samkvæmt skilagreinum samningsaðila viðhéldu eða sköpuðu samningarnir 416 ársverkum/störfum í mörgum af viðkvæmustu byggðarlögum á Íslandi á seinasta fiskveiðiári. Störf sem mörg hver hefðu ella aflagst með viðeigandi neikvæðum byggðaáhrifum á þessum stöðum.

Á heimasíðu stofnunarinnar er ítarlegur „[spurt og svarað](#)“ kafli ásamt tilvitnunum í samningsaðila um mikilvægi verkefnisins. Þá er þar einnig að finna allagildandi samninga.

Hver er forsenda góðs árangurs?

Ég hef haft það fyrir vana í fyrri árskýrslum að koma hér að mannauði Byggðastofnunar og hlutverki hans í þeim mikla

árangri sem náðst hefur um land allt. Ekki verður breyting á því hér enda alveg ljóst í mínum huga að hjá stofnuninni liggur nú gríðarleg reynsla og þekking í starfsmanna-hópnum.

Það er krefjandi að viðhalda öflugu starfsfólki, enda samkeppni um hæfa starfsmenn eðlilega mikil. Því höfum við reynt að skapa þannig vinnustaðamenningu að starfsmönnum líði í senn vel í vinnunni og hafi ánægju af þeim verkefnum sem þeir sinna.


Árlega gerir Sameyki stéttarfélag könnun sem ber heitið „Stofnun ársins“. Könnunin mælir hug opinberra starfsmanna til sinna vinnustaða og mælir m.a. starfsanda, vinnuaðstöðu, stjórnun, laun, jafnrétti o.s.frv. Stofnunin hefur komið einkar vel út úr þessum könnunum á seinustu árum og varð engin breyting á því í ár. Þannig er hún í 19. sæti af 141 stofnun og því framar en 87% allra stofnana á Íslandi að þessu leyti.

Með ánægðu og jákvæðu starfsfólki tryggjum við frekari framgang verkefna stofnunarinnar í byggðum landsins og stuðlum þannig að hlutverki hennar að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.



Tjaldað á Mánárbakka.

STJÓRN OG STARFSFÓLK BYGGÐASTOFNUNAR



STARFSEMI FYRIRTÆKJASVIÐS

Starfsemi fyrirtækjasviðs var fjölbreytt á árinu 2024. Fyrir utan hefðbundna lánastarfsemi þá var unnið að mörgum verkefnum sem snéru að auknum sýnileika, betri þjónustu og eflingu atvinnulífs í landsbyggðunum. Í vor var skrifað undir samkomulag við Evrópska fjárfestingasjóðinn um aðild að InvestEU áætlun Evrópusambandsins. Það felur meðal annars í sér að stofnunin getur veitt áhættusamari lán í landsbyggðunum, en þar má nefna sérstakan lánaflokk til nýliðunar í landbúnaði og lán til viðkvæmra byggðarlaga.

Stjórn stofnunarinnar samþykkti að setja allt að 150 m.kr. til fjármögnunar á atvinnuhúsnæði í landsbyggðunum. Um er að ræða tilraunaverkefni sem miðar að því að hvetja til uppbyggingar atvinnuhúsnæðis þar sem aðstæður á húsnæðismarkaði hamlar frampróun atvinnulífs. Byggðastofnun og Dalabyggð undirrituðu viljayfirlýsingu í desember um uppbyggingu á atvinnuhúsnæði í Búðardal. Ef áætlanir ganga eftir mun Byggðastofnun fjármagna verkefnið að hluta, Dalabyggð útvega lóð undir atvinnuhúsnæðið en gert er ráð fyrir að fjárfestir eða framkvæmdaaðili muni stýra framkvæmdinni í samráði við stofnunina og sveitarfélagið.



Frá undirritun InvestEU samnings Byggðastofnunar við evrópska fjárfestingarsjóðinn (EIF).




Við undirritun fyrsta láns til nýliðunar í landbúnaði.

Lánsbeiðnir

Mikil aukning var á erindum til lánanefndar. Lánanefnd tók fyrir 297 erindi á árinu sem er aukning frá fyrra ári. Lánsbeiðnir voru 121, ýmsar skilmálabreytingar og veðbreytingar 128 og tilboð í hlutafé auk annarra beiðna tengdum útlánastarfseminni voru 48 talsins. Til samanburðar voru lánsbeiðnir 95 árið 2023, 82 árið 2022 og 112 árið 2021. Þrátt fyrir hátt vaxtastig og verðbólgu hefur ásókn í útlán stofnunarinnar verið töluvert meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Myndin sýnir fjölda lánsbeiðna til stofnunarinnar og afgreiðslur þeirra síðastliðin tíu ár. Lánsbeiðnum fækkaði eftir heimsfaraldur og svipar fjölda þeirra nú til ársins 2015. Samþykktarhlutfallið var svipað og undanfarin ár.



Mynd 2. Fjöldi lánsbeiðna til Byggðastofnunar frá 2015.



Lánaflokkar

Bygðastofnun býður upp á sjö lánaflokka sem eru sniðnir að þörfum landsbyggðanna og veita fjölbreytni í lánveitingum.


Stofnunin hefur verið í samstarfi við EIF (European Investment Fund) frá árinu 2020, fyrst með aðild að svokölluðu COSME ábyrgðakerfi til ársloka 2023 og svo með aðild að InvestEU ábyrgðakerfinu frá því í júní 2024. EIF er í eigu Evrópubankans og Evrópusambandsins að mestu leyti auk annarra minni opinberra aðila og einka-aðila. Aðild að ábyrgðasamkomulaginu gerir stofnuninni kleift að veita enn hagstæðari lánaskilmála en áður í gegnum tiltekna lánaflokka. Hefur nýjum og breyttum lánaflökkum verið vel tekið og eru þeir eftirsóttir víða um land.

Mikilvægt er að stofnunin fylgist áfram með þróun atvinnulífs og búsetu í landsbyggðunum og bjóði upp á fjármögnunarmöguleika sem best henta starfsemi innan þeirra hverju sinni.


Atvinnugreinar

Tæplega helmingur allra lánsbeiðna kom úr landbúnaði árið 2024, en landbúnaður hefur síðustu ár verið fyrirferðamesta atvinnugreinin í lánasafni Bygðastofnunar. Heildarútlán stofnunarinnar til landbúnaðar voru rúmlega 13,1 ma.kr. þann 31. desember 2024 eða 50% af lánasafninu í heild. Stærstu beiðnirnar eru vegna jarðakaupa auk þess sem að 90% lán vegna nýliðunar í landbúnaði hafa verið eftirsótt.

Lánsbeiðnum frá ferðaþjónustufyrirtækjum hélt áfram að fjölga árið 2024 en aukningin var mest í landbúnaði. Uppsöfnuð þörf hefur verið vegna kynslóðaskipta í landbúnaði og var því nýjum lánaflökki til nýliðunar vel tekið. Voru 16 lánsbeiðnir vegna nýliðunar samþykktar á árinu að heildarfjárhæð 1,9 ma.kr.



Mynd 3. Lánsbeiðnir eftir atvinnugreinum.



Mynd 4. Lánsbeiðnir eftir landshlutum.

Landsvæði

Þegar horft er til landsvæða koma hæstu lánsbeiðnirnar frá Suðurlandi eða 39% af heildarfjárhæð lánsbeiðna ársins 2024. Ástæður má einkum rekja til samsetningar atvinnu-lífs á svæðinu, en landbúnaður og ferðaþjónusta eru þar veigamikil. Flestar lánsbeiðnir berast frá umsækjendum á Norðurlandi vestra og Suðurlandi en Norðurland eystra og Vesturland fylgja þar á eftir. Fæstar umsóknir koma frá Austurlandi, Vestfjörðum og Suðurnesjum.

ALMENN LÁN

- 5,5% verðtryggt
- 4% álag á REIBOR
- 4,5% álag á SOFR (USD) og €STR (EUR)
- Lánstími allt að 20 ár

LANDBÚNAÐARLÁN

- 4,5% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 25 ár
- Á jörð verður að vera búskapur og föst búseta

LÁN TIL NÝLIÐUNAR Í LANDBÚNAÐI

- 4,5% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 25 ár
- Möguleiki er á því að greiða einungis vexti fyrstu þrjú árin
- Á jörð verður að vera búskapur og föst búseta

ATVINNUREKSTUR KVENNA

- 4,8% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 10 ár
- Að lágmarki 75% félagsins í eigu kvenna og undir stjórn þeirra
- Lánsupphæðir
 - Allt að 5 m.kr. án trygginga
 - Allt að 10 m.kr. með tryggingum

GRÆN LÁN

- 4,8% verðtryggt
- 2,5% álag á REIBOR
- Lánstími allt að 25 ár eða í samræmi við veðandlag
- Möguleiki er á því að greiða einungis vexti fyrstu þrjú árin
- Til umhverfisvænni verkefna

NÝSKÖPUNARLÁN

- Ræsing
 - 4,8% verðtryggt
 - 3,5% álag á REIBOR
 - Lánstími allt að sjö ár en möguleiki á að greiða fyrstu greiðslu eftir tvö ár og vaxtagreiðslu í eitt ár eftir það
 - Lánsupphæð að hámarki 10 m.kr.
 - Tryggingar: vörumerkis / vöru / þjónustu / tækjum auk 50% ssk. ábyrgð forsvarsmanna
- Uppskölun
 - 4,5% verðtryggt
 - 3,0% álag á REIBOR

- Lánstími allt að tíu ár en möguleiki á að greiða fyrstu greiðslu eftir eitt ár og vaxtagreiðslu í eitt ár eftir það
- Lánsupphæð að hámarki 10 m.kr.
- Tryggingar: vörumerkis / vöru / þjónustu / tækjum auk 50% ssk. ábyrgð forsvarsmanna

• Markaðssetning

- 5,0% verðtryggt
- 4,0% álag á REIBOR
- Lánstími allt að þrjú ár
- Lánsupphæð að hámarki 3 m.kr.
- Án trygginga
- Lánað er til hvers kyns verkefna sem hafa nýsköpunargildi og eru framkvæmanleg


LÁN TIL VIÐKVÆMRA BYGGÐARLAGA

- Veitt á skilgreindum svæðum
- Grunnforsenda lánveitingar er að viðkomandi byggðarlag sé sannarlega í viðkvæmri stöðu að mati stofnunarinnar
- Allt að 90% veðsetning í fasteign, lóð eða jörð
 - 4,5% verðtryggt
 - 2,5% álag á REIBOR
 - 3,5% álag á €STR (EUR)
 - Lánstími allt að 25 ár
- Allt að 75% veðsetning í vélum og tækjum
 - 5,5% verðtryggt
 - 4,0% álag á REIBOR
 - 4,5% álag á €STR (EUR)
 - Lánstími allt að tíu ár
- Allt að 75% veðsetning í skipum með kvóta
 - 4,8% verðtryggt
 - 3,5% álag á REIBOR
 - 4,0% álag á €STR (EUR)
 - Lánstími allt að fimmtán ár

ALMENNAR VEÐAKRÖFUR LÁNA
BYGGÐASTOFNUNAR:

- 75% veðsetning í jörðum/lóðum/fasteignum
- 50% veðsetning í vélum og tækjum
- 60% veðsetning í skipum með kvóta
- **Lántökugjald:** 0,5-1,2%

Tafla 1. Lánaflokkar Byggðastofnunar.




Mynd 5. Þróun lánasafns Bygðastofnunar frá árinu 2015.

Heildarstaða lánasafns Bygðastofnunar

Heildarstaða lánasafns Bygðastofnunar í lok árs 2024 var tæpar 26,3 ma.kr. á kröfuvirði en um 25,1 ma.kr. á bókfærðu virði. Veitt lán á árinu voru um 4,6 ma.kr. sem eru aukning frá því árið 2023 þegar veitt lán á árinu voru 3,2 ma.kr. Á myndinni má sjá þróun lánasafnsins frá árinu 2014, á bókfærðu virði. Í dag er lánasafnið að mestu í íslenskum krónum og hefur hlutur óverðtryggðra lána stækkað mikið undanfarin ár.

Útlán til landbúnaðar og ferðapjónustu vega þýngst í lánasafni stofnunarinnar, þar af eru útlán til landbúnaðar nú rúmlega 13,1 ma.kr. eins og áður segir og lán til ferðapjónustu um 6,2 ma.kr.

Starfsmenn fyrirtækjasviðs ferðast reglulega um landið allt í þeim tilgangi að kynna lánaflokka stofnunarinnar og hitta landsmenn, hlýða á og ígrunda hugmyndir þeirra sem þarfnast fjármögnunar. Heimsóknirnar hafa iðulega mælst vel fyrir.



Mynd 6. Staða lánasafns Bygðastofnunar 31.12.2024.

Hlutfjáreign Byggðastofnunar

Byggðastofnun á hlutfé í 25 fyrirtækjum víða um land. Er þetta hlutfé tilkomið vegna átaksverkefna fyrrum ríkisstjórna til eflingar atvinnulífs, breytinga skulda í hlutfé tengdu skuldauppgjöri eða vegna heimilda í lögum um stofnunina til þess að styrkja atvinnulíf í landsbyggðunum. Á árinu hefur Byggðastofnun unnið að því að efla áttahagafjórðinguna og var tæplega 20 m.kr. varið í það verkefni á árinu. Unnið verður áfram að eflingu félaganna á árinu 2025 í samvinnu við aðra hluthafa eða nýja fjórðinguna og er áætlað að allt að 100 m.kr. verði varið í það verkefni á árinu. Upplýsingar um áttahagafjórðinguna má finna á vef stofnunarinnar.

Eignarhlutur stofnunarinnar er hvergi hærri en 40% í samræmi við 20. gr. reglugerðar 347/2000 um stofnunina, enda hugmyndin að félögin séu rekin og þeim stýrt af heimafólki og frumkvöðlum í landsbyggðunum. Bókfært virði hlutabréfa í eigu Byggðastofnunar er rétt tæpur 1,3 ma.kr. en stofnunin hefur lengi átt bréf sem erfitt hefur reynst að losa. Hlutabréf í eigu Byggðastofnunar eru ávallt til sölu en lista yfir þau má nálgast á vefnum byggdastofnun.is.



Hrísey.

STARFSEMI LÖGFRÆÐISVIÐS

Verkefni lögfræðisviðs eru lögfræðiinnheimta, skjalagerð, rekstur fullnustueigna, regluvarsla og almenn lögfræðileg málefni. Lögfræðisvið starfar náið með fyrirtækjaviði og rekstrarsviði. Forstöðumaður lögfræðisviðs er einnig regluvörður og ábyrgðarmaður skv. 34. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Forstöðumaður sinnir einnig hlutverki persónuverndarfulltrúa.

Lögfræðisvið hefur umsjón með fullnustueignum stofnunarinnar ásamt rekstrarsviði. Öðru hvoru þarf stofnunin að leysa til sín eignir vegna gjaldfallinna skulda sem ekki fást greiddar. Fullnustueignum hefur fækkað stöðugt síðan árið 2015 og er nú svo komið að aðeins ein fullnustueign er skráð í bækur stofnunarinnar.

Á sviðinu starfa tveir starfsmenn, þ.e. forstöðumaður og ritari sem er jafnframt gjaldkeri. Forstöðumaður sinnir einnig stjórnslu póstmála í samvinnu við sérfræðing á þróunarsviði, í samræmi við lög nr. 98/2019 en verkefnið var flutt til Bygðastofnunar 1. júlí 2021 með lögum nr. 76/2021.

Aðgengi að viðeigandi póstpjónustu er á meðal mikilvægustu þjónustubátta og mætti jafnvel flokka sem grunnþjónustu. Veiting póstpjónustu er því ekki síst byggðamál sem verður að nálgast út frá hagsmunum þeirra sem þjónustunnar njóta.

Verkefni Bygðastofnunar á sviði póstpjónustu lúta fyrst og fremst að stjórnslu varðandi alþjónustu í pósti, ákvörðunum varðandi gjaldskrá alþjónustuveitanda og um endurgjald til hans vegna veittrar póstpjónustu á Íslandi, sérstaklega í dreifbýli. Stofnunin leysir einnig úr ágreiningsmálum milli póstrekenda og kvörtunum neytenda vegna póstpjónustu.



Kerlingafjöll.

STARFSEMI ÞRÓUNARSVIÐS

Í lögum og reglugerð fyrir Byggðastofnun kemur fram að hlutverk þróunarsviðsins er að annast samstarf við samningsaðila um atvinnuráðgjöf, vinna að gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga um byggðapróun og hafa umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs. Þróunarsviðið metur einnig áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsaðgerða á byggðapróun, veitir umsagnir og vinnur greinargerðir.

Byggðaaætlun, fjárlög og stjórnarsáttmáli ríkisstjórnarinnar leggja einnig línur um starfsemi þróunarsviðsins á hverjum tíma, auk þess er unnið að fjölbreyttum verkefnum á sviði byggðamála eftir því sem tilefni gefst til, ýmist að frumkvæði ráðuneytis eða stofnunarinnar sjálfar. Starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar er mikilvægasta stjórnækið í daglegum rekstri stofnunarinnar, hún er unnin af starfsfólki og stjórn og er birt í upphafi hvers árs, sjá [starfsáætlun fyrir árið 2024](#). Áætlunin byggir á stefnumótun og stefnumörkun Byggðastofnunar og lýsir helstu verkefnum sem stjórnendum og starfsfólki er falið að vinna að á árinu. Reglubundið er fylgst með framgangi áætlunarinnar og stjórn Byggðastofnunar gerð grein fyrir framvindu hennar á stjórnarfundum.



Fundur á þróunarsviði.

Mörg verkefni eru viðvarandi þar sem áherslur geta verið breytilegar milli ára en einnig eru tímabundin verkefni og svo eru enn önnur sem hafa verið færð til stofnunarinnar með lagasetningum s.s. eftirlit með fjárreiðum og framkvæmd sóknaráætlana og flutningsjöfnunarstyrkir vegna framleiðsluvara og sölu olíuvara.

Í byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 eru settar fram 44 aðgerðir, fram kemur hvaða ráðuneyti ber ábyrgð á framkvæmdinni, hver er framkvæmdaraðili og fjárhæð af byggðaaætlun til hvernar aðgerðar. Byggðastofnun er framkvæmdaraðili (stundum ásamt öðrum) tólf aðgerða.

- A.6. Aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði.
- A.9. Verslun í dreifbýli.
- A.10. Almenningsamgöngur á milli byggða.
- A.15. Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis.
- A.16. Kostnaðargreining vegna þjónustusóknar.
- B.5. Greining atvinnusóknar.
- B.7. Óstaðbundin störf.
- C.1. Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða.
- C.2. Brothættar byggðir.
- C.10. Áhrif loftlagsbreytinga og sveitarfélög.
- C.13. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.
- C.14. Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

Framangreind verkefni eru fáein dæmi um þau fjölmörgu verkefni sem unnin voru á árinu. Meginmarkið allra verkefna er það sama, þeim er ætlað að hafa jákvæð áhrif á lífsgæði íbúa og samkeppnishæfni byggðarlaga í landsbyggðunum. Þeim er jafnframt ætlað að stuðla að betra aðgengi að þjónustu, jöfnum tækifærum til atvinnu og að stuðla að blómlegum byggðum um land allt.



Drangsnes.

Það er mat Byggðastofnunar að vel hafi tekist við framkvæmd byggðaáætlunar en enn er of snemmt að leggja heildarmat á framvindu hennar nú þegar framkvæmdatíminn er einungis hálfnaður. Engu að síður er nú þegar hægt að merkja margvísleg jákvæð áhrif af framgangi aðgerða. Til að nefna nokkur dæmi hefur ákvörðun innviðaráðherra frá því október 2024 um að veita 150 m.kr. til að fjölga óstaðbundnum störfum þegar skilað árangri. Um áramót 2024/2025 var búið að ráðstafa um 5% fjármagnsins til að fjölga störfum um fimm í byggðum landsins sem annars hefðu verið unnin á höfuðborgarsvæðinu. Opinber grunnþjónusta er mikilvægt byggðamál og fyrir tilstilli tveggja aðgerða A.15. *Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis* og A.16. *Kostnaðargreining þjónustusóknar*, hefur verið hannað líkan til að greina kostnað vegna þjónustusóknar íbúa í byggðum landsins vegna heilbrigðisþjónustu. Líkanið greinir kostnað niður á póstnúmer. Þar með er orðið til greiningartæki sem hægt er að nota í stefnumótun um jöfnun aðgengis að heilbrigðisþjónustu til að mæta

þörfum íbúa eftir svæðum. Þá er vert að nefna að aðgerðin A.6. *Aðgengi að sérfræðiþjónustu* á heilbrigðissviði varð til þess að heilbrigðisráðherra skipaði starfshóp sem skilaði tillögum um beitingu ívilnunarheimilda Menntasjóðs námsmanna og í framhaldi var unnin svæðaskilgreining á grundvelli 1.mgr. 28. gr. laga um Menntasjóð námsmanna um beitingu sérstakra ívilnana vegna námsgreina á sérstökum svæðum. Þar með hafa skilyrði laganna fyrir því að sveitarfélög geti sótt um ívilnun vegna mönnunar tiltekinna starfsstétta heilbrigðisstofnana verið uppfyllt. Hins vegar hefur fjármagn ekki verið aukið til Menntasjóðs námsmanna til að standa undir ívilnuninni og hefur Byggðastofnun hvatt til þess að úr því verði bætt í næstu fjárlögum.

Mælikvarðar eru mikilvægt tæki til að meta og mæla árangur byggðaáætlunar og hefur starfsfólk þróunar-sviðsins lagt mikla áherslu á að safna gögnum og gera þau aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar. Þannig hefur opinber þjónusta verið kortlögð og er [þjónustukort](#) aðgengilegt á vefsíðunni á íslensku, ensku og pólsku. Kortið

nýtist sem mælikvarði á framgang aðgerða samkvæmt markmiðum byggðaaætlunar um að jafna aðgengi að þjónustu. Kortið hefur einnig nýst sveitarfélögum, verkfræðistofum og öðrum þeim sem vinna að skipulagsmálum og kortlagningu á einstökum svæðum vel.

Þá hefur verið unnið að því að bæta aðgengi að ýmsum byggðatengdum upplýsingum með mælaborðum sem birt eru á vef stofnunarinnar. Lögð er áhersla á myndræna og einfalda framsetningu með því að setja töluleg gögn fram í gröfum, töflum, myndum og kortum. Mælaborð sýna m.a. íbúafjölda og kynja- og aldursdreifingu eftir svæðum, fasteignagjöld og orkukostnað heimila um allt land. Fjöldi stöðugilda á vegum ríkisins, atvinnutekjur eftir svæðum og niðurstöður íbúakönnunar landshlutanna og Byggðastofnunar. Gögnin eru góður grunnur fyrir stefnumótun, svæðagreiningar og áætlanagerð fyrir stjórnvöld og hagaðila sem vinna að byggðamálum, rannsóknum og greiningum. Þeim er ætlað að leggja grunn að upplýstri umræðu og að stefnumótun í byggðamálum byggji á bestu fánlegu þekkingu hverju sinni.

Starfsfólk þróunarsviðs er í fjölbreyttu samstarfi við ýmsa aðila á sviði byggðapróunar, atvinnuráðgjafar, rannsókna og nýsköpunar. Mikið og gott samstarf er við starfsfólk innviðaráðuneytisins sem og við landshlutasamtök sveitarfélaga, við stýrihóp Stjórnarráðsins, Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands, Háskólann á Bifröst, Háskólann á Hólum, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Hagstofu Íslands, Ferðamálastofu, Landmælingar, Skipulagsstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá, Fjársýsluna og raunar mun fleiri aðila. Starfsfólk sviðsins tekur þátt í ýmsum nefndar- og samstarfshópum s.s. hagsmunaráði Landsnets, matsnefnd um styrki til atvinnumála kvenna, starfshóp forsætisráðherra um málefni Stranda svo eitthvað sé nefnt. Á þróunarsviði eru einnig unnar ýmsar greinargerðir fyrir stjórnvöld og veittar umsagnir um þingmál. Byggðastofnun hefur í auknum mæli komið á bændingum við lagafrumvörp á framfæri í samráðsgátt stjórnvalda.

Þróunarsviðið hefur á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki sem býr yfir mikilli seiglu, aðlögunarhæfni, reynslu og þekkingu á byggðamálum og er þeim þakkað fyrir vel unnin störf.

Á heimasíðu stofnunarinnar er að finna nánari upplýsingar um verkefni sem tengjast byggðaaætlun og starfsemi þróunarsviðsins. Á næstu síðum er ítarlegri umfjöllun um nokkur þeirra verkefna sem starfsfólk þróunarsviðs vann að á árinu 2024.

Brothættar byggðir

Byggðastofnun leiðir byggðapróunarverkefnið Brothættar byggðir sem hófst á árinu 2012. Verkefnið lýtur að því að leiða fram vilja og skoðanir íbúa, leita lausna og greina sóknarfæri á þeirra forsendum um framtíð byggðarlagsins í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag, landshlutasamtök og aðra hagsmunaaðila. Verkefnið vakti strax í upphafi nokkra athygli og eftirspurn varð mikil. Meginmarkmið Brothættra byggða samkvæmt byggðaaætlun er að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum.

Verkefnið hefur á undanförunum árum gjarnan verið hugsað til fjögurra til fimm ára og í sumum tilvikum hafa verkefni verið framlengd mæli sérstakar ástæður með því. Á árinu 2024 tók stjórn Byggðastofnunar ákvörðun um að miða við fimm ára tímalengd í nýjum verkefnum. Í lok árs voru samningar undirritaðir um nýtt verkefni í Reykhólahreppi og gilda þeir því til loka árs 2029. Jafnframt samþykkti stjórnin að leggja verkefninu til aukna fjármuni úr rekstri stofnunarinnar sem nemur 45 milljónum króna á ári næstu þrjú árin, það er 2025 – 2027. Þeir fjármunir verða einkum nýttir til að koma til móts við fyrrum þátttökubygðarlög og gert er ráð fyrir að bjóða tveimur byggðarlögum til þátttöku í tilraunaverkefni til þriggja ára. Unnið er að undirbúningi tilraunaverkefnanna.

Verkefnisstjórar Brothættra byggða hafa verið ráðnir af landshlutasamtökum sveitarfélaga samkvæmt samningum við Byggðastofnun. Aðstæður móta

umgjörðina og umfang starfsins en hver verkefnisstjóri sinnir einu byggðarlagi. Byggðastofnun fjármagnar starf verkefnisstjóranna að stórum hluta af framlögum fjárlaga til Brothættra byggða á byggðaaætlun. Reglubundið samstarf er á milli fulltrúa Brothættra byggða hjá Byggðastofnun, verkefnisstjóra í núverandi og fyrrverandi þátttökubyggðarlögum og verkefnisstjóra í samþærigum byggðapróunarverkefnum sem m.a. hafa farið af stað í kjölfar náttúruhamfara.

Í þátttökubyggðarlögum Brothættra byggða er skipuð verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar Byggðastofnunar, landshlutasamtaka sveitarfélaga, viðkomandi sveitarfélags og íbúa. Í upphafi verkefnis er haldið íbúafundum þar sem rætt er um þau mál sem íbúar vilja setja á dagskrá, til dæmis er varðar stöðu byggðarinnar og leiðir til úrlausna. Framhald verkefnisins byggir á stöðugreiningu, ásamt niðurstöðum íbúafundingsins, markmiðssetningu og verkefnum sem sett eru fram í samhengi við markmiðin. Íbúafundir eru haldnir árlega til að gefa íbúum færi á að koma með ábendingar um verkefnisáætlun og fara yfir stöðu verkefna.

Í verkefnislýsingu Brothættra byggða er gert ráð fyrir að bæði ráðuneyti og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál fjalli um verkefnisáætlanir einstakra byggðarлага. Auk þess leitast umsjónaraðilar Brothættra byggða við að kynna verkefnið áhugasömum. M.a. er verkefnið kynnt árlega fyrir háskólanemendum, félagasamtökum og fleiri aðilum sem þess óska. Á árinu 2024 var óskað eftir þátttöku fulltrúa Brothættra byggða í rannsóknarverkefni á vegum Nordregio og einnig á ráðstefnu hjá ESPON um mikilvægi minni byggðarлага sem haldin var í Noregi.

Verkefnið Brothættrar byggðir hefur nú verið starfrækt í rúman áratug. Tvisvar á tímabilinu hefur verið lagt mat á verkefnið. Í fyrra skiptið var það var EY (Ernst og Young) sem sá um úttekt á árinu 2015, sjá [úttektarskýrslu](#). Í seinna skiptið var það KPMG sem sá um [úttekt og áhrifamat](#) á verkefninu á árinu 2023. Niðurstöðurnar voru kynntar á *afmælimálþingi Brothættra byggða* sem haldið var á Raufarhöfn í október 2023. Sjá má upptökur frá framsöguerindum af málþinginu [á vef Byggðastofnunar](#). Unnið er að uppfærslu verklýsingar Brothættra byggða. Í byggðaaætlun 2022-2036 er gert ráð fyrir fjármunum og rekstri verkefnisins Brothættra byggða næstu ár.




Íbúafundur á Bakkafirði.

Yfirlit yfir þáttökubyggðarlög

Á kortinu eru núverandi þáttökubyggðarlög í Brothættum byggðum táknud með appelsínugulum lit en þau sem lokið hafa formlega göngu í verkefninu með fjólubláum lit.

Í töflunni eru heiti **virkra þáttökubyggðarlaga 2024** rituð með appelsínugulu letri en með fjólubláu letri þau sem lokið hafa þáttöku.



Frumkvæðisstyrkir


Á árinu 2024 voru kr. 62.125.000 til ráðstöfunar í frumkvæðissjóðum þáttökubyggðarlaga og við það bættust fjármunir sem ekki höfðu nýst að fullu í eldri frumkvæðisverkefnum. Heildarúthlutun varð því kr. 63.725.000. Samtals voru veittir 66 styrkir til frumkvæðisverkefna í öllum þáttökubyggðarlögunum. Frumkvæðisverkefnin eru fjölbreytt og ná til atvinnu-, menningar- og samfélagsuppbyggingar. Yfirlit yfir veitta styrki í þáttökubyggðarlögum frá upphafi er aðgengilegt á [heimasíðu Byggðastofnunar](#). Eftir því sem verkefnum hefur undið fram hafa íbúar einnig sótt um styrki í stærri sjóði og sum verkefni fengið meðbyr þar.

Byggðarlag	Verkefnisheiti	Virkur verkefnistími
Bíldudalur	Bíldudalur til framtíðar	2013-2016
Þingeyri og nágrenni	Öll vötn til Dýrafjarðar	2018-2022
Strandabyggð	Sterkar Strandir	2020-2024
Árneshreppur	Áfram Árneshreppur	2017-2023
Hrísey	Hrísey, perla Eyjafjarðar	2015-2019
Grímsey	Glæðum Grímsey	2016-2022
Öxarfjarðarhérað	Öxarfjörður í sókn	2016-2020
Raufarhöfn	Raufarhöfn og framtíðin	2012-2017
Bakkafjörður	Betri Bakkafjörður	2019-2024
Borgarfjörður eystri	Betri Borgarfjörður	2018-2021
Stöðvarfjörður	Sterkur Stöðvarfjörður	2022-2026
Breiðdalur	Breiðdælingar móta framtíðina	2013-2018
Skaftárhreppur	Skaftárhreppur til framtíðar	2015-2018
Dalabyggð	DalaAuður	2022-2026

Samningar við landshlutasamtök um atvinnu- og byggðapróun

Byggðastofnun endurnýjaði samninga um atvinnuráðgjöf og atvinnu- og byggðapróun við landshlutasamtök sveitarfélaga í byrjun árs 2023 með gildistíma til ársloka 2027. Með samningunum taka landshlutasamtök sveitarfélaga að sér að sinna atvinnuráðgjöf og vinna að margvíslegum atvinnu- og byggðapróunarverkefnum á sínum starfssvæðum. Samningsaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandivestra (SSNV), Vestfjarðastofa, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS), Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Austurbrú. Framlag til samningsaðila er ákvarðað af Alþingi ár hvert, framlagið var 240,5 m.kr. árið 2024. Reiknilíkan sem byggir á fimm yfirpáttum og nokkrum undirpáttum er notað til að reikna út skiptingu framlagsins á milli samningsaðila (mynd 7).

Hjá landshlutasamtökunum starfar fjöldi atvinnuráðgjafa og byggðapróunarfulltrúa með víðtæka menntun og reynslu og getur þjónusta þeirra skipt sköpum fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á svæðunum. Þjónustan felur m.a. í sér leiðsögn og ráðgjöf til einstaklinga, hópa og fyrirtækja er til þeirra leita, s.s. er varðar stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðum þeirra, markaðssókn, styrkumsóknir, vöruþróun, fjármögnun, endurskipulagningu og erlend samskipti. Einnig er veitt ráðgjöf um lána- og styrkjaumsóknir til Byggðastofnunar eftir atvikum. Útfærsla ráðgjafarinnar á hverju svæði er í höndum samningsaðila og er hún veitt á fjölbreyttan hátt, s.s. í opnum viðtalstímum víðsvegar á starfssvæði þeirra, með símtölum, námskeiðum, fyrirlestrum og fyrirtækjaheimsóknum. Undanfarin ár hafa netnámskeið, viðtöl og örfyrirlestrar í gegnum vefinn færst í aukana. Samningurinn fjármagnar einnig að hluta til aðkomu atvinnuráðgjafa og annarra verkefnastjóra að fjölda



Mynd 7. Skipting fjármagns 2024.

byggðapróunarverkefna, en landshlutasamtökin hafa mikilvægu hlutverki að gegna er kemur að samkeppnishæfni, bættum búsetuskilyrðum, atvinnulífi og nýsköpunarumhverfi innan starfssvæða sinna. Starfsfólk landshlutasamtakanna hefur á ári hverju unnið að yfir 80 atvinnu- og byggðapróunarverkefnum innan ramma samninga við Byggðastofnun.

Haldnir eru mánaðarlegir fundir með framkvæmdastjórum samningsaðila, auk þess sem sameiginlegir vor- og haustfundir eru haldnir með fulltrúum Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna ár hvert. Jafnframt er lögð áhersla á reglulegt námskeiðahald og náms- og kynnisferðir.

Á árinu 2024 tóku fulltrúar frá Byggðastofnun, SSNE, Austurbrú og SSNV þátt á námskeiðinu *Árangursríkar vinnustofur*. Námskeiðið var haldið bæði á Akureyri þar sem kynning og þjálfun fór fram en einnig með fjarfundasniði þar sem ákveðnum námsþáttum var fylgt eftir. [Lára Kristín Skúladóttir](#) lóðs, og leiðtogaþjálfari annaðist námskeiðið sem var afar fróðlegt, gagnlegt og skemmtilegt í senn. Áhersla var lögð á eflingu liðsheildar og samvinnu og að búa til menningu umbóta og nýsköpunar. Lærdómurinn var fólgin í að hanna árangursríkar vinnustofur, læra hvernig hægt er að leiða árangursríka samvinnu og þjálfra einstaklinga og teymi til að takast á við breytingaferli.

Haustfundur landshlutasamtakanna og Byggðastofnunar var haldinn á Austurlandi í byrjun nóvember. Austurbrú hafði veg og vanda af þéttri dagskrá þar sem boðið var upp á heimsóknir til nýsköpunarfyrirtækja á svæðinu ásamt kynningum frá Austurbrú. Meðal annars var sagt frá vaxtarrýminu Austanátt, framkvæmdastjóri DataLab hélt fyrirlestur um gervigreind og atvinnuþróun, þá var starfsemi NORA kynnt og Sigurður Árnason hjá Byggðastofnun fjallaði um byggðaáætlun og byggðastyrki.

Í lok árs 2024 lagði meirihluti fjárlaganefndar til 35 m.kr. aukaframlag til *Atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni* árið 2025 en Byggðastofnun og landshlutasamtökin hafa á undanförunum árum ítrekað óskað eftir auknu fjármagni. Það er því einkar ánægjulegt að tekist hafi að sækja viðbótarfjármagn fyrir árið 2025 til að tryggja áframhaldandi lykilþjónustu atvinnuráðgjafa og byggðapróunarfulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga við fólk og fyrirtæki í byggðum landsins.



Á Skagaströnd.

Mælaborð

Á heimasíðu Byggðastofnunar ervefsvæði fyrir mælaborð. Þeim er ætlað að veita einfalt og fljótlegt yfirlit yfir ýmis byggðatengd gögn. Þó áfram sé notast við hefðbundið skýrsluform í reglubundnum verkefnum þróunarsviðs gefa mælaborðin ítarlegri sýn á tölulegu gögnin sem unnið er með og henta því mjög vel sem viðauki. Í mælaborðunum geta notendur síað gögn eftir hentugleika og einblínt til dæmis á einn ákveðinn landshluta. Tölur úr gagnasafni birtast þá jafnóðum í töflum eða gröfum fyrir valin svæði, tiltekið ár eða aðra þætti sem valdir eru. Mæligildi birtast einnig á skýran hátt á kortum þar sem ítarlegri upplýsingar fást með því að færa músarbendil yfir tiltekið landsvæði.


Sífelld er leitast við að uppfæra og auka gagnaförða mælaborðanna sem styðja við starfsemi Byggðastofnunar og koma við sögu í fjölmörgum verkefnum sem þar eru unnin. Mælaborðin nýtast jafnframt í greiningarvinnu hjá samtökum sveitarfélaga, í ýmsum verkefnum innan stjórnsýslunnar svo sem hjá sveitarfélögum og ráðuneytum, sjálfstæðum ráðgjöfum, nemendum og akademísku starfsfólki auk almennings sem lætur sig byggðamál varða.

Áður hafa eftirfarandi [mælaborð](#) verið birt á vefsvæðinu:

1. [Sveitarfélagskipan](#) eftur til 1875, bæði í stökum árum og í tímabilum, þar sem breytingum á sveitarfélagskipan eru gerð skil.
2. [Íbúafjöldi í ársbyrjun](#) árin 1998-2024 eftir sveitarfélögum og landshlutum. Íbúafjöldi eftir kyni og aldri skipt í byggðakjarna og dreifbýli.
3. [Breytingar á íbúafjölda sveitarfélaga](#) og landshluta fyrir valið tímabil, sundurliðað niður í fædda/dána og aðflutta/brottflutta á hverjum stað.
4. [Mannfjöldaspá 2023-2074](#) sem sýnir fjölda íbúa í sveitarfélögum landsins næstu 51 ár samkvæmt mannfjöldaspá Bygðastofnunar.
5. [Ríkisfang íbúa](#) svæða þar sem fjöldi íslenskra og erlendra íbúa sveitarfélaga og landshluta er sýndur og kynja- og aldursdreifing í hvorum hópi fyrir sig. Auk þess er yfirlit yfir helstu þjóðerni erlendra ríkisborgara sem búa á Íslandi.
6. [Orkukostnaður viðmiðunareignar](#) um allt land, sundurliðað í raforku- og húshitunarkostnað, með og án varmadælu til húshitunar þar sem það á við.

7. [Fasteignagjöld viðmiðunareignar](#) um allt land, sundurliðað í fasteignaskatt, lóðarleigu, fráveitugjald, vatnsgjald og sorpgjald ásamt yfirliti yfir hús- og lóðarmat viðmiðunareignarinnar á hverju matssvæði.
8. [Stöðugildi á vegum ríkisins](#) í árslok eftir landshlutum, sveitarfélögum, kynjum og málaflokkum ráðuneyta.
9. [Tekjur einstaklinga](#) eftir svæðum. Tekjur einstaklinga skiptast í atvinnutekjur, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkra-tryggingum, atvinnuleysisgreiðslur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur. Þar er hægt að skoða stöðu og þróun heildartekna og tekna á hvern íbúa eða tekjuþega eftir svæðum, tekjulið, kyni og atvinnugreinum.
10. Árið 2024 var mælaborð um [íbúakönnun lands-
hlutanna](#) uppfært með gögnum úr nýrri könnun. Þar er hægt að greina svör við valinni spurningu eftir bakgrunni svarenda, þ.e.a.s. búsetu, kyni, aldri, ríkisfangi, menntun, vinnumarkaðsstöðu og heimilisgerð. Jafnframt er þar samanburður á stöðu og mikilvægi 40 búsetubátta eftir svæðum.

Til viðbótarvið mælaborðin sem búið er að birta er á næstu misserum gert ráð fyrir nýjum mælaborðum um m.a. mælikvarða í byggðaaætlan, styrki og lán Byggðastofnunar og niðurstöður búferla- og þjónustukannana.



Mynd 8. Af skjáskoti úr uppfærðu mælaborði um íbúakönnun landshlutanna.

Orkukostnaður heimila

Byggðastofnun hefur fengið Orkustofnun til að reikna út kostnað heimila á flestum þéttbýlisstöðum og fáeinum dreifbýlisstöðum vegna rafmagns og hita á ársgrundvelli frá árinu 2013. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m² að grunnfleti og 350 m³. Almenn raforkunotkun er sú raforka sem er notuð í annað en að hita upp húsnæði, s.s. ljós og heimilistæki en miðað er við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kWst við húshitun án varmadælu en 14.200 kWst með varmadælu. Mikill munur er á orkuverði á milli þéttbýlisstaða, fyrst og fremst vegna mismunandi húshitunarkostnaðar. Orkukostnaður í dreifbýli er almennt hærri en í þéttbýli en bilið þar á milli hefur minnkað síðustu ár, vegna aukins dreifbýlisframlags. Alls eru 92 byggðakjarnar í greiningunni og ná tölur fyrir þá aftur til ársins 2014. Auk þess er orkukostnaður fyrir dreifbýli án hitaveitu reiknaður.

Raforka

Notendur eru bundnir því að greiða fyrir flutning og dreifingu á rafmagni frá dreifiveitum sem hafa sérleyfi á viðkomandi svæði. Notendur geta keypt raforku af hvaða sölufyrirtæki sem er en þau eru nokkur og með mismunandi verð. Lægsta mögulega verð er það verð sem fæst með því að velja orkusala sem býður lægsta söluverð á raforku á hverjum tíma.

Lægsta mögulega verð fyrir viðmiðunareignina, með flutnings- og dreifingarkostnaði, fæst hjá Veitum á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi, um 99 þ.kr. Hæsta gjald í byggðakjörnum sem eru skilgreindir sem þéttbýli er um 119 þ.kr. hjá Orkubúi Vestfjarða en raforkuverð eru hærri í dreifbýli, hjá RARIK og Orkubúi Vestfjarða, eða um 136-141 þ.kr. Munur á raforkukostnaði milli þéttbýlis og dreifbýlis minnkaði mikið árið 2021, vegna aukins dreifbýlisframlags og breytinga á fyrirkomulagi þess. Hæsta raforkuverð fyrir viðmiðunareign er í Grímsey 147 þ.kr., þar sem rafmagn er framleitt með díselrafstöð.




Gemlufallsheiði séð frá Þingeyri.

Húshitun

Lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign er í Brautarholti á Skeiðum um 75 þ.kr. og á Flúðum um 83 þ.kr. Á þessum stöðum er lægsti hús-hitunarkostnaður um þriðjungur af kostnaðinum þar sem hann er hæstur. Hæsti húshitunarkostnaðurinn er í Grímsey um 281 þ.kr., þar sem kynt er með olíu. Þar fyrir utan er húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareign hæstur á stöðum þar sem hitaveita er dýr. Á Grenivík er hitaveita og þar er húshitunarkostnaður 252 þ.kr. Á Höfn í Hornafirði og í Nesjahverfi er nýleg hitaveita og húshitunarkostnaður viðmiðunareignar er 243 þ.kr. Á Kópaskeri er einnig hitaveita og þar er húshitunarkostnaður 238 þ.kr. Á stöðum þar sem þarf að nota beina rafhitun er lægsti húshitunarkostnaður fyrir viðmiðunareignina nú um 219 þ.kr. en með varmadælu er hér áætlað að hann geti verið um 109 þ.kr.

Áætlað er að með svokallaðri loft í vatn varmadælu sé hægt lækka kostnað við rafhitun um 50%. Þeir sem eru með beina rafhitun í íbúðarhúsnæði sínu geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Orkustofnunar til að setja upp varmadælu. Íbúar sem fá orkuna frá kyntri hitaveitu eða hitaveitu geta ekki fengið slíka eingreiðslu en þó er mögulegt að fá eingreiðslu þar sem verið er að leggja hitaveitu á rafhituðum svæðum, ef útreikningar sýna að það sé hagstæðara að vera áfram með niðurgreidda rafhitun heldur en hitaveitu. Fólk sem býr í íbúðarhúsnæði sem er með beina rafhitun í Vestmannaeyjum og á ekki kost á tengingu við sjóvarmaveituna getur sótt um eingreiðslu.

Nánari upplýsingar um orkukostnað heimila eru í skýrslunni [Samanburður á orkukostnaði heimila árið 2024](#) og í mælaborði sem hvort tveggja eru aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar.



Mynd 9. Orkukostnaður alls árið 2024, miðað við gjaldskrá 1. september 2024.

Fasteignamat og fasteignagjöld

Byggðastofnun hefur fengið Þjóðskrá Íslands til að reikna út fasteignamat á sömu viðmiðunarfasteigninni í þéttbýli um allt land. Viðmiðunareignin er einbýlishús sem er 161,1 m² að grunnfleti og 476 m³ á 808 m² lóð. Fasteignagjöld viðmiðunareignarinnar eru reiknuð út af Byggðastofnun samkvæmt álagningarreglum ársins 2024 eins og þær eru í hverju sveitarfélagi út frá fasteignamati Þjóðskrár sem gildir frá 31. desember 2023. Fasteignagjöld samanstanda af fasteignaskatti, lóðarleigu, fráveitugjaldi, vatnsgjaldi og sorpgjöldum. Matssvæðin eru nú 103 í 49 sveitarfélögum, þar af 27 á höfuðborgarsvæðinu og 76 utan þess.

Heildarfasteignamat, þ.e.a.s. samanlagt verðmat fasteignar og lóðar, er mjög mismunandi eftir því hvar á landinu fasteignin er. Meðaltal heildarfasteignamats allra 103 matssvæðanna er 63,2 m.kr. Meðalfasteignamat matssvæðanna 27 á höfuðborgarsvæðinu er 111,3 m.kr., á Suðurnesjum 61,2 m.kr. (6 svæði), á Vesturlandi 46,3 m.kr. (11 svæði), á Vestfjörðum 37,0 m.kr. (12 svæði), á Norðurlandi vestra 40,3 m.kr. (5 svæði), á Norðurlandi eystra 46,0 m.kr. (16 svæði), á Austurlandi 38,1 m.kr. (12 svæði) og á Suðurlandi 56,4 m.kr. (14 svæði).

Þróun fasteignagjalda frá árinu 2014 hefur verið sú að þau hafa víðast hvar hækkað nokkuð en fasteignamat hefur að sama skapi hækkað mikið. Á 30 matssvæðum sem eldri gögn ná til hefur meðaltal heildarfasteignagjalda hækkað um 39% frá 2014 til 2024 (m.v. verðlag 2024). Á sama tíma hækkaði fasteignamat á sömu svæðum að meðaltali um 87%.


Árið 2024 er meðaltal heildarfasteignagjalda (án sorpgjalda) á öllum 103 matssvæðunum um 392 þ.kr. Meðalfasteignagjöld á matssvæðunum 14 á Suðurlandi eru 455 þ.kr., á Suðurnesjum 420 þ.kr. (6 svæði), á Vesturlandi 400 þ.kr. (11 svæði), á höfuðborgarsvæðinu 397 þ.kr. (27 svæði), á Norðurlandi vestra 395 þ.kr. (5 svæði), á Austurlandi 380 þ.kr. (12 svæði), á Norðurlandi eystra 357 þ.kr. (16 svæði) og á Vestfjörðum 348 þ.kr. (12 svæði).

Þó það séu nokkuð sterk línuleg tengsl milli heildarfasteignamats og heildarfasteignagjalda eru ekki bein tengsl þar á milli vegna mismunandi álagningarreglna sveitarfélaga. Til dæmis er hæsta fasteignamat viðmiðunareignarinnar í Suður-Þingholti, í Fossvogi, á Ægissíðu og í Högum en gjöld eru þó víða hærri. Að meðaltali samsvara heildarfasteignagjöld viðmiðunareignarinnar (án sorpgjalda) um 0,8% af heildarfasteignamati á matssvæðunum 103. Hlutfall fasteignagjalda af fasteignamati er þó almennt hæst þar sem matið er lægst og lækkar með hækkingu fasteignamati en þó hvergi undir 0,3%.

Nánari upplýsingar má sjá í skýrslunni [Samanburður fasteignagjalda heimila árið 2024](#) og í [mælaborði](#) á heimasíðu Byggðastofnunar.

Landshluti	Mats- svæði	Sveitar- félög	Fasteigna- mat m.kr* (meðaltal)	Fasteigna- gjöld þ.kr* (meðaltal)
Höfuðborgarsvæði	27	6	111,3	396,6
Suðurnes	6	3	61,2	419,9
Vesturland	11	7	46,3	400,0
Vestfirðir	12	6	37,0	348,0
Norðurland vestra	5	4	40,3	394,5
Norðurland eystra	16	10	46,0	357,3
Austurland	12	3	38,1	379,5
Suðurland	14	10	56,4	454,9
Landið allt	103	49	63,2	392,4

Tafla 2. Fasteignamat og fasteignagjöld eftir landshlutum.



Mynd 10. Hlutfall fasteignagjalda af fasteignamati (punktartit).

Tekjur einstaklinga eftir svæðum

Byggðastofnun greinir gögn frá Hagstofu Íslands um tekjur einstaklinga eftir svæðum og tekjuliðum. Atvinnutekjur eru greindar sérstaklega til þess að skoða hvaða atvinnugreinar standa undir tekjum íbúa eftir landsvæðum og greina breytingar sem verða þar á. Tekjur einstaklinga fylgja lögheimili þeirra en ekki staðsetningu launagreiðanda.

Heildartekjur einstaklinga á árinu 2023 námu 2.632 ma.kr. Þar af voru atvinnutekjur 71,1%, fjármagnstekjur 10,3%, lífeyrisgreiðslur 9,8%, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum 6,5%, atvinnuleysisgreiðslur 0,8%, fæðingarorlofsgreiðslur 0,8%, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga 0,2% og aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur 0,5%.

Á árinu 2023 námu heildaratvinnutekjur 1.866 milljörðum kr. sem var um 65 milljörðum eða 3,6% meira en árið 2022. Hlutfall atvinnutekna kvenna á landinu öllu var 41,2% en atvinnutekjur karla voru 58,8% af heildaratvinnutekjum á landinu öllu. Til viðmiðunar voru konur um 49% af íbúum landsins 1. janúar 2023 en karlar 51%. Hlutfall kvenna af einstaklingum sem höfðu launatekjur (launþegum) árið 2023 var nokkuð lægra eða 47%.

Stærsta atvinnugreinin mæld í atvinnutekjum árið 2023 var opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta með 566 milljarða kr. (30,3%), heild- og

smásöluverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum kom næst með 191 milljarð (10,2%), framleiðsla án fiskvinnslu var með 169 milljarða (9,1%) og fjármálastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta með 166 milljarða (8,9%).

Á tímabilinu 2016 til 2023 jukust heildaratvinnutekjur í flestum atvinnugreinum um 10-35%. Mest hlutfallsleg aukning 2016-2023 var í fiskeldi, en heildaratvinnutekjur í greininni hækkuðu úr 3,7 milljörðum í 8,4 eða um 130%. Mjög mikil aukning atvinnutekna varð einnig í byggingastarfsemi árin 2016-2023 eða 67%. Árin 2016-2019 var mikil aukning atvinnutekna í rekstri gisti- og veitingastaða en árin 2020 og 2021 varð mikill samdráttur í greininni vegna COVID-19. Árið 2022 höfðu heildaratvinnutekjur aftur tekið við sér og voru orðnar hærri en önnur ár sem gögnin ná yfir og á árinu 2023 jukust atvinnutekjur í greininni aftur um 9%. Atvinnutekjur í fiskveiðum og fiskvinnslu voru 2% lægri árið 2023 en þær voru árið 2016, en þær náðu þó lágmarki árið 2017.

Árið 2023 voru atvinnutekjur á íbúa hæstar á Austurlandi eða um 5,4 milljónir, næst hæstar á höfuðborgarsvæðinu 5,1 milljón og þar næst á Vestfjörðum 4,8 milljónir. Mest hækkun atvinnutekna á hvern íbúa á árinu 2023 varð á Suðurnesjum 2,8% og Austurlandi 2,5% en á Vesturlandi og Vestfjörðum lækkuðu atvinnutekjur á íbúa um 0,5%.

	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Höfuðborgarsv.	992	1.073	1.124	1.131	1.078	1.129	1.194	1.231
Suðurnes	96	109	120	120	104	110	129	141
Vesturland	65	69	73	73	70	74	77	79
Vestfirðir	29	30	31	32	31	33	34	34
Norðurland v.	26	27	28	29	28	29	30	30
Norðurland e.	120	126	130	131	126	132	140	143
Austurland	48	49	51	51	50	55	57	58
Suðurland	108	117	124	128	121	130	142	149
Landið allt	1.485	1.598	1.681	1.695	1.608	1.691	1.802	1.866

Nánari upplýsingar má sjá í [mælaborði](#) á heimasíðu Byggðastofnunar.

Tafla 3. Heildaratvinnutekjur landshluta 2016-2023 í milljörðum króna (verðlag ársins 2023).

Ríkisstörf

Byggðastofnun hefur frá áramótum 2013/2014 gert árlega könnun á staðsetningu starfa á vegum ríkisins. Fyrir liggja nú tölur um fjölda stöðugilda við áramót 2023/2024. Störfin eru mun fleiri en stöðugildin en Byggðastofnun hefur kosið að setja upplýsingarnar fram í fjölda stöðugilda. Miðað er við hvar stærfin eru unnin, en ekki hvar viðkomandi starfsmaður býr. Mikið er lagt upp úr því að hafa gögnin sambærileg milli ára en engin önnur gögn eru til um staðsetningu og fjölda starfa eða stöðugilda hjá ríkinu. Gagnaöflun fer því fram með skipulögðum hætti og mikil vinna fer í að rýna gögnin. Auk skýrslu með helstu niðurstöðum kemur út mælaborð sem sýnir fjölda stöðugilda eftir landshlutum, sveitarfélögum og málaflokkum ráðuneyta.

Stöðugildi á vegum ríkisins voru 28.535 við áramót 2023/2024. Flest stöðugildin eru unnin á höfuðborgarsvæðinu enda er meirihluti landsmanna búsettur þar. Hins vegar er hlutfall stöðugilda á höfuðborgarsvæðinu (70%) hærra en hlutfall landsmanna sem þar býr (64%). Frá áramótum 2014/2015 hefur stöðugildum fjölgað um 5.727 eða um 25,1% á meðan íbúum landsins fjölgaði um 18,8%. Á árinu 2023 fjölgaði stöðugildum um 817 eða um 2,9%. Stöðugildum kvenna fjölgaði um 421 (2,3%) árið 2023 en stöðugildum karla um 396 (4,1%). Mest fjölgun stöðugilda

karla var hjá ISAVIA en þeim fjölgaði einnig nokkuð hjá Hrafnistu, RÚV, Landspítala, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Vegagerðinni og Háskóla Íslands. Stöðugildum kvenna fjölgaði mest hjá Landspítala, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Háskóla Íslands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Heilbrigðisstofnun Norðurlands.

Flest stöðugildi, eða 45% eru vegna málaflokka heilbrigðisráðuneytisins og skipa konur um 82% þeirra. Þeirra á meðal eru tæplega fimm þúsund stöðugildi vegna Landspítalans og mikill fjöldi starfa hjá heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og hjúkrunar- og dvalarheimilum. Mörg stöðugildi eru einnig vegna málaflokka háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis (10,1%), innviðaráðuneytis (9,3%), mennta- og barnamálaráðuneytis (8,5%) og dómsmálaráðuneytis (8,4%).

Í eftirfarandi töflu má sjá heildarfjölda stöðugilda hjá ríkinu um áramót, tíu ár í röð, skipt niður á kyn. Sjá má að stöðugildum hefur alltaf fjölgað á milli ára, þó hlutfallslega mest árið 2021.


Skiptingu ríkisstarfa eftir kyni, sveitarfélagi, landshluta og málaflokkum ráðuneyta er að finna í skýrslunni [Hvar eru ríkisstörfin?](#) og í [mælaborði](#) sem hvort tveggja eru aðgengileg á heimasíðu Byggðastofnunar.



Frá Seyðisfirði.

Dags.	Stöðugildi kvenna	Stöðugildi karla	Samtals stöðugildi	Breyting milli ára
31.12.2014	14.377	8.431	22.808	+154 (+0,7%)
31.12.2015	14.621	8.558	23.178	+371 (+1,6%)
31.12.2016	15.053	8.687	23.739	+561 (+2,4%)
31.12.2017	15.521	8.891	24.412	+673 (+2,8%)
31.12.2018	15.873	9.028	24.901	+489 (+2,0%)
31.12.2019	16.018	9.201	25.219	+317 (+1,3%)
31.12.2020	16.460	9.127	25.587	+368 (+1,5%)
31.12.2021	17.367	9.563	26.930	+1343 (+5,2%)
31.12.2022	18.037	9.681	27.718	+788 (+2,9%)
31.12.2023	18.458	10.077	28.535	+817 (+2,9%)

Tafla 4. Fjöldi stöðugilda á vegum ríkisins í lok árs 2014-2023.



Mynd 11. Mannfjöldaspá 2024-2051.

Mannfjöldaspá 2023-2074 á sveitarfélagagrunni

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2023-2074 á sveitarfélagagrunni var gefin út í janúar 2024. Um er að ræða niðurbrot mannfjöldaspár Hagstofu Íslands á sveitarfélög og er þetta í fjórða sinn sem Byggðastofnun gefur út mannfjöldaspá með þessum hætti.

Mannfjöldaspáin er gerð með mannfjöldalíkani Byggðastofnunar sem er slæmbilíkan og byggir á hlutlægum aðferðum og notast eingöngu við söguleg gögn, þ.e. engar forsendur eru fyrirfram gefnar og hvergi er notast við sérfræðiálit. Mannfjöldalíkan Byggðastofnunar byggir því á því „að fram haldi sem horfir“. Niðurstöður mannfjöldaspárinnar eru settar fram sem meðaltal og 80% spábil 10.000 slæmbiúrtaka líkansins og skalað við miðgildi mannfjöldaspár Hagstofu Íslands.


Opinber gögn frá Hagstofu Íslands um mannfjöld, búferlaflutninga, fæðingar og dauðsföll eru notuð sem inntaksgögn fyrir mannfjöldalíkanið. Leiðrétt er fyrir ofmati á skráðum mannfjölda til samræmis við manntöl Hagstofu Íslands frá 2011 og 2021.

Spásvæðin eru alls 124 og samanstanda af 64 sveitarfélögum og 60 öðrum spásvæðum sem skiptast niður í sex mismunandi svæðaskipanir. Mannfjöldaspáin gefur fjölda fyrir hvern aldur frá 0-99 ára og safnflokk fyrir 100 ára og eldri.

Mannfjöldaspáin nær frá 1. janúar 2023 til 1. janúar 2074, eða 51 ár fram í tímann. Spáin gefur til kynna að fólki fjölgi hraðast á höfuðborgarsvæðinu en hægar á öðrum svæðum og að búast megi við fólksfækkun víða á landsbyggðunum þegar líða tekur á spátímabilið. Hafa ber í huga að óvissa þessarar mannfjöldaspár er töluverð og hún hefur tilhneigingu til að ofmeta mannfjölda minnstu sveitarfélaganna sem eru með innan við 300 íbúa. Fyrir önnur sveitarfélög og svæði getur hún þó gefið þokkalega mynd af mannfjöldaþróun til skemmri tíma, t.d. 15 ára, en taka verður niðurstöðum til lengri tíma með fyrirvara.

Höfundur mannfjöldaspár Byggðastofnunar er Einar Örn Hreinsson.

Mannfjöldaspána má skoða í [mælaborði](#) Byggðastofnunar.



Mynd 12. Aldursdreifing Íslendinga árið 2024.

Stöðugreining landshluta

Á árinu 2024 var unnin stöðugreining landshlutanna. Henni var skipt í þrettán yfirflokka frá lýðfræði til sjávarútvegs og lýðheilsu sem dæmi. Yfirflokkarnir hafa allt frá tveimur og upp í ellefu undirflokkum sem mæla allt frá tekjum eftir landshlutum yfir í fjölda hjúkrunarrýma eða fjármagns sem fer til rannsókna og þróunar eftir landshlutum. Greiningin að þessu sinni er öðruvísi uppbyggð en fyrri greiningar, einungis er um að ræða eina skýrslu þar sem allir landshlutarnir eru teknir saman en ekki sér skýrsla fyrir hvern landshluta. Í hverjum flokki eru settir inn hlekkir á mælaborð opinberra stofnana þar sem þau er að finna og má þar glöggva sig betur á stöðunni, hvort sem er eftir landshlutum eða jafnvel sveitarfélögum.

Lýðfræði

Fólki hefur fjölgað í öllum landshlutum á síðustu fimm árum og vegur þar þyngst að fólki með erlent ríkisfang fjölgar verulega í öllum landshlutum. Fólki fjölgar einnig náttúrulega í öllum landshlutum þ.e. fleiri fæðast en deyja í öllum landshlutum. Suðurnes, Suðurland, Vesturland og Vestfirðir eru með mestu hreyfinguna á íbúum til og frá landshlutunum á tímabilinu 2018 til 2022. Langhæst er hlutfall íbúa með erlent ríkisfang á Suðurnesjum eða rúm 26% árið 2024. Á sama tíma er hlutfallið lægst á Norðurlandi vestra og eystra eða um 10%.

Efnahagur

Tekjur á íbúa eru hæstar á höfuðborgarsvæðinu en lægstar á Norðurlandi vestra og Suðurlandi. Í öðrum landshlutum eru þær á svipuðu róli. Hlutfallslegt atvinnuleysi á tímabilinu 2019-2022 var mest á Suðurnesjum en lægst á Norðurlandi vestra og Austurlandi. Aðstæður Covid áranna 2020 og 2021 höfðu mikil áhrif á atvinnuleysi í flestum landshlutum en þó langmest á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi fór úr 6% í 16%. Meðal fermetraverð seldra fasteigna í landshlutum utan höfuðborgarsvæðisins, á árunum 2019-2023, skiptist í tvo flokka, annars vegar var það svipað á Suðurnesjum, Vesturlandi, Norðurlandi eystra og Suðurlandi, á meðan það var heldur lægra á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi.

Landbúnaður og sjávarútvegur

Fjöldi sauðfjár- og kúabúa fór heldur fækkandi í öllum landshlutum frá 2017-2022 þó sínu mest á Suðurlandi, en þar eru þau líka flest. Tölur yfir landaðan afla utan uppsjávarafla standast nokkurn veginn í stað í öllum landshlutum frá 2017-2022 nema á Vesturlandi þar sem hann jókst umtalsvert. Á tímabilinu 2018-2023 hefur framleiðsla í fiskeldi aukist úr um 7.500 tonnum í um 36.000 tonn á Vestfjörðum og úr um 3.000 tonnum í 15.000 tonn á Austurlandi.

Ferðapjónusta

Covid árin 2020 og 2021 höfðu mikil áhrif á þróun ferðapjónustu í öllum landshlutum en árið 2023 var ferðapjónustan komin á svipað ról og hún var árið 2019 ef litið er til gistinátta og herbergjanýtingar. Fjöldi farþega um Keflavíkurlugvöll var orðinn hærri árið 2023 en hann var árið 2019 og einnig fjöldi farþega með ökutæki sem komu með bílferjum til landsins.

Lýðheilsa

Nýlunda í þessari stöðugreiningu eru mælikvarðar um lýðheilsu landsmanna. Vísbendingar eru um að lýðheilsu hafi hrakað hjá landsmönnum í kjölfar Covid hvort sem litið er til mats fólks á eigin hamingju, einmanaleika, streitu í daglegu lífi eða almennu mati á andlegri heilsu. Vísbendingar eru allar í þá átt hvort sem litið er til fullorðinna eða ungmenna.

Umhverfismál

Önnur nýjung í þessari stöðugreiningu er kafli um umhverfismál þar sem teknar eru saman tölur yfir losun CO₂ eftir landshlutum og stöðu orkuskipta í bílaflotanum eftir landshlutum. Enn á eftir að gera úttektir fyrir losun CO₂ fyrir Suðurnes og Vestfirði og verður því enn fróðlegra að sjá í næstu stöðugreiningu hvernig landshlutarnir standa í þessum málaflokki. Hlutfall rafmagnsbíla eftir landshlutum lækkar eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæðinu og var heildarhlutfallið fyrir landið í maí 2024, 6,2%.

Þjónustukort

Þjónustukortið á vefsíðu Byggðastofnunar sýnir aðgengi landsmanna að allri almenntri þjónustu hins opinbera og einkaaðila. Þjónustukortið bætir yfirsýn og skapar grundvöll fyrir aðgerðir til að tryggja íbúum þjónustu og jafna kostnað. Byggðastofnun hefur unnið að þjónustukortinu frá því á fyrri hluta árs 2018 og sótti ráðgjöf til Landmælinga Íslands, Alta ráðgjafarstofu og Capacent. Fyrstu drög að kortinu voru sett fram í júlí 2018. Fjölmörgum þjónustubáttum hefur verið bætt við kortið og upplýsingum um hvar þjónustuna er að finna. Skoða má [þjónustukortið](#) á vef Byggðastofnunar.

Vinna við þjónustukortið felur í sér gagnaöflun og uppfærslu gagna í samstarfi við fjölda ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga. Kortið þarf að vera sem réttast hverju sinni og uppfæra þarf gögnin reglulega.

Gagnasafnið er opið og aðgengilegt öllum. Niðurhalssíða fyrir kortið opnaði á árinu 2019 en þar má hlaða niður á einfaldan hátt gögnum sem Byggðastofnun á og birt eru á kortinu. Sem notandi landupplýsinga er Byggðastofnun í hópi stofnana sem taka þátt í samráðshópi stjórnenda um grunngerð landupplýsinga sem stýrt er af Landmælingum Íslands.

Þeim þjónustubáttum sem hægt er að koma í sjálfvirka uppfærslu hefur nú verið komið þannig fyrir en mörg gagnasett þarf enn að uppfæra handvirk.

Í árslok 2024 var yfirlit yfir samtals 70 þjónustubætti í kortinu. Tegund þjónustubátta hefur breyst í gegnum tíðina, bættir verið sameinaðir eða teknir út og reynt er að hafa yfirlit yfir þjónustubætti í takt við eftirspurn úr samfélaginu. Þjónustukortið er aðgengilegt á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku.



Egilsstaðir.

Sóknaráætlanir landshluta

Með lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir frá árinu 2015 og fimm ára samningum milli ríkisins og landshlutasamtaka sveitarfélaga var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi. Vel hefur tekist til og virðist ríkja almenn ánægja með þetta fyrirkomulag. Mörg áhugaverð verkefni hafa farið af stað á vegum sóknaráætlana, bæði sem áhersluverkefni og verkefni styrkt af uppbyggingarsjóðum. Byggðastofnun hefur frá upphafi sóknaráætlana árið 2012 farið með verkefnisstjórn auk þess að eiga áheyrnarfulltrúa í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Verkefni hópsins er m.a. að auka samráð ráðuneyta á sviði byggðamála og samhæfa byggðamál að annarri stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera, þ.m.t. sóknaráætlana landshluta.

Landshlutasamtök sveitarfélaga bera ábyrgð á framkvæmd sóknaráætlana og eru þær unnar í víðtæku samráði heimamanna. Skipta má verkefninu í þrjá meginþætti, þ.e. hin eiginlega sóknaráætlun sem er stefnuskjal og svo áhersluverkefni og verkefni uppbyggingarsjóða sem ætlað er að styðja við framgang þeirra. Núgildandi samningar ná yfir tímabilið 2020-2024 og var unnið að nýjum samningum á árinu 2024.

Árlega vinna landshlutasamtökin greinargerð sóknaráætlana liðins árs og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur fram heildargreinargerð, sem unnin er af Byggðastofnun. Sú greinargerð liggur fyrir að vori eða hausti eftir aðstæðum. Greinargerð ársins 2024 er í vinnslu en [greinargerð ársins 2023](#) er aðgengileg á heimasíðu sem og [greinargerðir fyrri ára](#).

Grunnframlög ríkisins til sóknaráætlana landshluta koma frá innviðaráðuneytinu og menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Heildarframlag ríkisins til sóknaráætlana árið 2024 var kr. 781.600.000.

Framlög ríkisins renna annars vegar til uppbyggingarsjóða og hins vegar til áhersluverkefna. Hver landshluti ákveður skiptingu fjármuna. Þá er landshlutunum heimilt að nýta tiltekna upphæð í umsýslu. Sjá nánari upplýsingar um úthlutað fjármagn í greinargerð hvers árs ásamt greinargóðu yfirliti um ráðstöfun fjármuna og framvindu samninga á vef [Byggðastofnunar](#).

Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja verkefni sem falla að sóknaráætlun landshlutans, menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlun hvers landshluta. Sjóðirnir styrkja að jafnaði ekki meira en 50% af kostnaði verkefna. Sérstök úthlutunarnefnd fer fyrir hverjum sjóði, skipuð af heimamönnum.

Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Ekki er gerð krafa um mótframlag. Á höfuðborgarsvæðinu er ekki sérstakur uppbyggingarsjóður heldur kveður samningurinn einungis á um áhersluverkefni.

Landshlutar	Framlag 2024	Framlag 2023	Breyting	Breyting %
Vesturland	98.732.123	100.177.112	-1.444.988	-1,4%
Vestfirðir	107.286.266	108.856.448	-1.570.182	-1,4%
Norðurland vestra	104.888.742	106.423.835	-1.535.093	-1,4%
Norðurland eystra	127.933.731	129.806.098	-1.872.367	-1,4%
Austurland	104.266.283	105.792.267	-1.525.983	-1,4%
Suðurland	113.457.371	115.117.870	-1.660.499	-1,4%
Suðurnes	95.035.483	96.426.370	-1.390.887	-1,4%
Höfuðborgarsvæði	25.000.000	25.000.000	-	0,0%
Umsóknagáttin	5.000.000	5.000.000	-	0,0%
Samtals	781.600.000	792.600.000	-11.000.000	-1,4%

Tafla 5. Skipting grunnframlaga milli landshluta árið 2024.

Þjónustukönnun Byggðastofnunar

Samkvæmt stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036 setja stjórnvöld sér þau markmið að jafna aðgengi að þjónustu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða. Þjónustukannanir eru liður í að greina hvort þjónustustig sé sambærilegt um allt land svo meta megir hvort og hvaða breytinga sé þörf. Frá júní til nóvember 2024 var rafræn þjónustukönnun lögð fyrir íbúa landsins vegna rannsókna á þjónustusókn sem Maskína framkvæmdi fyrir hönd Byggðastofnunar. Allir íbúar utan höfuðborgarsvæðisins gátu svarað könnuninni en til að tryggja áreiðanleika svara var notast við rafræn skilríki. Með liðsinni landshluta-samtaka og sveitarfélaga landsins var upplýsingum um könnunina og svarhlekk ásamt QR kóða, komið á framfæri



KÆRI ÍBÚI
TAKTU ÞÁTT OG
HAFÐU ÁHRIF!

DEAR RESIDENT
PARTICIPATE AND
MAKE A
DIFFERENCE!

DRODZY MIESZKAŃCY
ZAPRASZAMY DO
UDZIAŁU TWOJA
OPINIA SIĘ LICZY!

Hvaða þjónusta skiptir þig máli
í þinni heimabyggð?
Þjónustukönnun Byggðastofnunar 2024

What services are important to you
in your local community?
Icelandic Regional Development Institute's
service survey 2024

Jakie usługi są dla Ciebie ważne
w Twoim rejonie?
Ankiecie badawczej Byggðastofnun 2024

Maskína  **BYGGÐASTOFNUN**

Póstkort með upplýsingum um þjónustukönnunina.

til íbúa á heimasíðum og samfélagsmiðlum, auk þess sem prentuðum póstkortum með upplýsingum um könnunina var dreift um landið. Könnunin var á íslensku, ensku og pólsku sem og allar upplýsingar um könnunina.

Í könnuninni er spurt um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er (síðustu 30 daga) og þjónustu sem notuð er sjaldnar (á ársgrundvelli). Spurt er hvert íbúar fara til að sækja þjónustu. Einnig er spurt um væntingar til breytinga á framboði þjónustu, hvaða þjónustu þarf helst að bæta við eða efla og hvaða þjónustumissir eða skerðing hefði helst áhrif á núverandi búsetu. Niðurstöður könnunar eru liður í að skilgreina þjónustusvæði, greina hvort þjónustustig sé sambærilegt milli svæða og til að fá mynd af viðhorfum íbúa mismundandi svæða til breytinga á þjónustu.

Sérstaklega var reynt að höfða til íbúa í dreifðum byggðum landsins til að tryggja svörun á fámennum svæðum svo unnt væri að vinna með niðurstöðurnar þannig að sem réttust mynd fengist einnig af þjónustusókn íbúa í fámennum byggðarlögum. Svörun á sumum svæðum var dræmari en vonir stóðu til. Unnið er að úrvinnslu þjónustukönnunar og verða niðurstöður gerðar aðgengilegar í mælaborði á vef Byggðastofnunar til nánari rýni og notkunar fyrir hagaðila. Jafnframt verður gefin út skýrsla og haldnar kynningar með samantekt á helstu niðurstöðum, á árinu 2025.

Þjónustukannanir hafa einu sinni áður verið lagðar fyrir. Þjónustukannanir voru unnar í tengslum við Byggðaaætlun 2014-2017 til að komast að því hvert og hversu oft íbúar sækja margvíslega þjónustu. Þá voru kannanirnar lagðar fyrir í sjö landshlutum árin 2016-2017 og niðurstöður þeirra birtar í skýrslum hvers landshluta 2017 og 2018 (sjá nánar [útgefið efni](#) á vef Byggðastofnunar).

Verkefnastyrkir samkvæmt stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022–2026

Á grundvelli gildandi byggðaaætlunar 2022-2026 var ákveðið að veita styrki í fjögur verkefni á byggðaaætlun. Um er að ræða í fyrsta lagi *sértæk verkefni sóknar-áætlanasvæða*, C.1., en alls eru áætlaðar 870 m.kr. af byggðaaætlun í þau verkefni á tímabilinu. Í öðru lagi framlög til að styðja *verslun í strjálbýli*, A.9., en 55 m.kr. eru áætlaðar í þau verkefni og í þriðja lagi *almenningsamgöngur um land allt*, A.10., en í þau verkefni eru áætlaðar 107,5 m.kr. Loks eru framlög vegna *óstaðbundinna starfa*, B.7., en áætlað er að styrkir til þeirra verði 300 m.kr. á tímabilinu.

Á árinu 2024 var úthlutað 17 m.kr. vegna verslunar í strjálbýli, 140 m.kr. vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða og ríflega 7,5 m.kr. vegna óstaðbundinna starfa. Úthlutað er skv. reglum settum af ráðherra. Samkvæmt reglunum fer Bygðastofnun með umsýslu umsókna, gerð samninga, umsýslu greiðslna og eftirlit með framkvæmd samninga þessara verkefna.

A.9. Framlög til verslunar í strjálbýli.

Auglýst var eftir umsóknum um styrki með umsóknarfresti í nóvember 2023 vegna ársins 2024. Tólf umsóknir bárust og hlutu sjö verkefni styrk. Samtals voru 15 m.kr. til úthlutunar.

Verkefnin sem hlutu styrk voru:

- *Verslun í Árneshreppi*. Styrkfjárhæð 3 m.kr. Styrkþegi, **Verzlunarfjélag Árneshrepps ehf.**
- *Styrkur til kaupa á búnaði og styrkur til rekstrar*. Styrkfjárhæð 2 m.kr. Styrkþegi, **Hríseyjarbúðin ehf.**
- *Búðin í Borgarfirði*. Styrkfjárhæð 2 m.kr. Styrkþegi, **Gusa ehf.**
- *Smásöluverslun, pósthjónusta, bensín- og olíuafgreiðsla, pakkaafgreiðsla og samfélagshús*. Styrkfjárhæð 2 m.kr. Styrkþegi, **Verslunarfélag Drangness.**
- *Pöntunarþjónusta Hafnartanga, Bakkafirði*. Styrkfjárhæð 2 m.kr. Styrkþegi, **North East Travel ehf.**
- *Verslun og veitingar á Reykhólum*. Styrkfjárhæð 1,5 m.kr. Styrkþegi, **Kjartan Þór Ragnarsson.**
- *Verslun í Grímsey*. Styrkfjárhæð 2,5 m.kr. Styrkþegi, **Kríuveitingar.**

C.1. Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða.

Auglýst var eftir umsóknum í lok árs 2023 með umsóknarfresti í janúar 2024. Alls bárust 18 umsóknir og veitt var styrkjum til tíu verkefna að fjárhæð 130 m.kr.

Verkefnin sem hlutu styrk voru:

- *Hjartað í Húnaþingi vestra – tæknismiðja til að hvetja nýsköpun og auka fjölbreytni í atvinnulífi*. Styrkfjárhæð 10,5 m.kr. Styrkþegi, **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**
- *Samvinnurými á Skagaströnd*. Styrkfjárhæð 15 m.kr. Styrkþegi, **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**
- *Kuklið frumkvöðlasetur matvæla á Hólmavík*. Styrkfjárhæð 15 m.kr. Styrkþegi, **Fjórðungssamband Vestfjarða.**
- *Samfélagsmiðstöð á Bakkafirði*. Styrkfjárhæð 12,5 m.kr. Styrkþegi, **Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.**
- *Tilraunagróðurhús við gagnaver á Blönduósi*. Styrkfjárhæð 15 m.kr. Styrkþegi, **Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**
- *Stuðningur við uppbyggingu, þróun og markaðssetningu á Reykjanesi*. Styrkfjárhæð 17 m.kr. Styrkþegi, **Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.**
- *Lýsistankarnir á Rauðarhöfn*. Styrkfjárhæð 15 m.kr. Styrkþegi, **Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.**
- *Fjölmennig og inngildingaráætlanir á Suðurlandi*. Styrkfjárhæð 10 m.kr. Styrkþegi, **Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.**
- *Samkomuhúsið Breiðablik – íbúa og gestastofa á Snæfellsnesi*. Styrkfjárhæð 10 m.kr. Styrkþegi, **Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.**
- *Sjávarföll*. Styrkfjárhæð 10 m.kr. Styrkþegi, **Samband sveitarfélaga á Austurlandi.**

B.7. Óstaðbundin störf.

Í október 2024 voru auglýstir styrkir vegna óstaðbundinna starfa hjá ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu sem annað hvort voru flutt út fyrir höfuðborgarsvæðið eða ráðið var í utan svæðisins. Á árinu 2024 bárust sex umsóknir og voru fimm þeirra samþykktar. Samtals voru veittir styrkir að upphæð 7.550.000 kr. Störfín sem um ræðir eru á Neskaupstað, Húsavík, Hvammstanga, Akranesi og í Suðurnesjabæ.



Fuglahræður standa vörð um Kotatjörn við Kópasker.

Aðlögun íslenskra sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga

Verkefnið er hluti af aðgerð sem er að finna í aðgerðaáætlun byggðaaætlunar 2022-2036 og var samþykkt í júní 2022. Aðgerðin er á ábyrgð umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, en verkefnið er unnið í samstarfi ráðuneytisins, Byggðastofnunar, Skipulagsstofnunar og skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands. Auk þeirra eru fjölmargir aðilar sem koma að verkefninu á ýmsum stigum þess, líkt og Samband íslenskra sveitarfélaga, sveitarfélög og fagstofnanir. Verkefnið er áætlað til tveggja ára og stefnt á að því ljúki árið 2025. Í verkefninu verður leitast við að þróa og sannreyna aðferðafræði til mótunar aðlögunaraðgerða og aðlögunaráætlana fyrir íslensk sveitarfélög. Fimm sveitarfélög voru valin til að taka þátt í verkefninu og kemur það í þeirra hlut að móta og sannreyna aðferðafræði sem nýst getur öðrum íslenskum sveitarfélögum í framhaldinu.

Þátttökusveitarfélögin eru: Akureyrarbær, Sveitarfélagið Hornafjörður, Reykhólahreppur, Reykjanesbær og Fjallabyggð. Markmið verkefnisins eru eftirfarandi:

- Að hámarka aðlögunargetu íslenskra sveitarfélaga

gagnvart neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og lágmarka um leið efnahagslegt tjón og neikvæð áhrif á byggðir og samfélög.

- Að greina þarfir íslenskra sveitarfélaga þegar kemur að gerð aðlögunaráætlana sem og helstu hindranir og áskoranir sem þau standa frammi fyrir á þeirri vegferð. Þetta felur m.a. í sér greiningu á þörfum og áskorunum í samskiptum við helstu fagstofnanir og skiptingu hlutverka þegar kemur að mótun aðlögunaraðgerða.
- Að veita fulltrúum sveitarfélaga leiðbeiningartil mótunar aðlögunaraðgerða og aðlögunaráætlana vegna áhrifa loftslagsbreytinga, í samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum og stefnumótandi byggðaaætlun 2022-2036.
- Að auka þekkingu sveitarstjórnarfulltrúa á Íslandi á sviði aðlögunar að loftslagsbreytingum og þar með getu sveitarfélaga til að grípa til nauðsynlegra aðlögunaraðgerða.
- Að leiða saman viðeigandi ráðuneyti og stofnanir innan málaflöksins og leggja grunn að því þverfaglega samstarfi og samtali sem þarf að eiga sér stað innan loftslagsmála, ekki síst innan aðlögunar.




Kúskerpi. Verkað í flatgryfju.

Snemma árs 2024 var lokið við að halda fyrri vinnustofunnar með þátttökusveitarfélögunum og hagaðilum þeirra. Á þessum vinnustofum deilir fólk þekkingu sinni með hvert öðru og vinnur saman að því að greina þær áskoranir sem sveitarfélagið hefur tekist á við m.t.t. loftslagstengdra náttúruváa ásamt því að skoða líklegar framtíðarviðsmyndir og meta stöðu sveitarfélagsins m.t.t. þeirra. Þessar niðurstöður og staðarþekking frá þátttakendum er lykilviðbót fyrir gagnavinnu verkefnisins og mikilvægt skref í átt að farsælli aðlögunarstefnu með breiðri sátt í sveitarfélaginu.

Síðla vetrar og vor 2024 var unnið að því að staðfæra aðferðafræði sem kallast RAST (Regional Adaptation Support Tool) að íslenskum aðstæðum. Aðferðafræðin byggir á verkfæri sem tekur mið af ákveðnum atriðum hjá sveitarfélaginu m.t.t. þeirrar náttúruvár sem er verið að skoða (sjá mynd 13).

Unnið var með sveitarfélögunum frá vori til hausts 2024 með RAST tólið til að fá dýpri skilning á tjónnæmi og aðlögunargetu sveitarfélagsins til að bregðast við eða aðlagast vanni. Þessar niðurstöður gefa tölulegt gildi fyrir viðkvæmnimat sveitarfélagsins.

Yfir árið var leitað eftir innblæstri úr öðrum aðlögunar-áætlunum frá Evrópu og valdar úr þeim aðgerðir sem gætu virkað fyrir aðstæður á Íslandi. Aðgerðirnar voru sniðnar til og betrubættar samkvæmt tillögum frá þátttakendum fyrri vinnustofanna, úr varð stór aðgerðabanki með fjölbreyttum aðlögunaraðgerðum. Fyrir hvert sveitarfélag voru skilgreindar 20-30 mismunandi aðgerðir sem gætu bætt stöðu sveitarfélagsins gagnvart loftslagstengdu vanni sem þau eru bregðast við.



Mynd 13. Einfölduð mynd af RAST tólinu.



Námaskarð.

Um haust og vetur 2024 voru seinni vinnustofurnar með þátttökusveitarfélögunum haldnar þar sem niðurstöðum var miðlað. Á vinnustofunum var einnig flutt hugvekjandi erindi í þeim tilgangi að hvetja til lausnamiðaðrar nálgunar gagnvart þeim áskorunum sem sveitarfélögin standa frammi fyrir. Þátttakendum var skipt upp í hópa og í sameiningu valdi hver hópur aðgerðir sem þeim leist vel á og skilgreindi aðgerðina nánar. Niðurstöður vinnustofanna voru 9-12 aðlögunaraðgerðir fyrir hvert sveitarfélag sem hafa í framhaldinu verið mótaðar nánar með tengiliðum verkefnisins.

Áhættuskimun og viðkvæmnismót hafa verið gerð fyrir öll sveitarfélögin og fyrstu aðlögunaráætlanirnar komu út í lok árs 2024 (sjá mynd 14). Stefnt er að því að klára aðlögunaráætlanir og lokaskýrslur fyrir öll þátttöku-sveitarfélögin fyrri hluta árs 2025.



Seinni vinnustofa í Reykjanesbæ.

Aðgerðir úr vinnustofu fyrir Akureyri				Ábyrgð og framkvæmd			Tími og kostnaður					Tenging við aðrar stefnur.
Einfaldar aðgerðir:	Helstu aðgerðir:	Náttúruvæ:	Þáttur:	Ábyrgðaraðilar:	Samstarfsaðilar:	Framkvæmdaraðilar:	Markmið:	Tímasetning:	Tímalengd:	Kostnaður:	Fjármögnun:	
Mild	1. Samskiptavettvangur a. Koma á samskiptavettvangi milli atvinnurekenda, viðbragðsaðila og stjórnsvalda vegna flóða á Akureyri.	Sjálvræðið	Atvinnurekstur	Akureyrarbær, Norðurorka	Öðrir fagaðilar, atvinnurekendur/vinnustaðir	Upplýsingavæð Ak byrjar samtalið?	Tryggja upplýsingagjöf til atvinnurekenda vegna flóða	2025-2027 Fyrsti fasi 2025		1 milljón	Akureyrarbær og hagarðilar	Upplýsinga og vefstefna Akureyrar 2023-2026.
Mild	2. Viðbragðsaðætlun a. Útfæra viðbragðsaðætlun í samstarfi við hagarðila. b. Útfæra viðbragðsaðætlun fyrir íbúa og fyrirtækjagæðendur. c. Tryggja að viðeigandi búnaður sé til staðar. d. Skipta verkaskiptingu. e. Tryggja fræðslu.	Sjálvræðið	Líf og heilsa	Akureyrarbær, Norðurorka, Vegagerðin, hófinn	Þjörgunarsveitir, slökkvilið, Almannavarnir	Akureyrarbær, Norðurorka, H	Eftir viðbragð og tryggja að allar hagarðilar sé viðbúnað. Skipulag og byggingarðilar tali saman og allir aðilar séu upplýstir.	2025-2027	1-2 ár	5 milljónir fyrir fyrsta fasa.	Fjármagn gæti komið frá mörgum mismunandi aðilum. Skoða styrktarumhverfi fyrir fræðsluferni.	Áætlunir vegna náttúruhamfara, umhverfis og loftslagsstefna Akureyrarbæjar.
Mild	3. Vitundarvakning íbúa og fyrirtækja. A. Bæjarstjórn búið fyrirtækjagæðendur á fund til upplýsinga. B. Að eigendur tryggja að ekki geti flætt upp um náburföll. C. Upplýsa um fyrirbyggjandi aðgerðir í vinnsluframkvæmd.	Sjálvræðið / gróðureldar	Innvildir, atvinnurekstur	Akureyrarbær, Norðurorka	Bæjarstjórn og framkvæmdarstjórn Norðurorku, fyrirtæki á svæðinu.	Vitundarvakning íbúa og fyrirtækja (um að þau þurfa að útbúa sínar byggingar þannig að ekki flæði inn í þær verði flóði).		2025-2026	Fyrsti fasi 6 mánuðir. Lokað innan 5 ára.	1 milljón.	Akureyrarbær, Norðurorka.	Aðgerðisætlun Akureyrarbæjar í umhverfis og loftslagsmálum.
Grá	4. Atvinnurekstur - verðmætabyrgjun. Bæti samþjögnur og samþjögnunnnvildir, minnkar alag á svæðinu.	Gróðureldar	Atvinnurekstur, innvildir, líf og heilsa	Akureyrarbær	Akureyrarbær, Skógræktin, atvinnurekendur.	Akureyrarbær, Skógræktin, atvinnurekendur.	Verðmætabyrgjun.	Nú þegar hafið hluti framkvæmda (vinnslu 2025. Að mestu lokið 2030.	Að vissu leyti lokið á 5 árum en eftir það sífella.	40 milljónir.	Akureyrarbær.	Aðgerðisætlun Akureyrarbæjar í umhverfis og loftslagsmálum.
Grá	5. Forvarnir og viðbragð vegna gróðurelda, gnár aðgerðir. 1) Ljúka rýmingarsætlun fyrir Kjarnaskóg og ljúka brunasætlun fyrir allt svæðið. 2) Auglýs skilti og neyðarbjalla. 3) Sjálfvirkir simból (til allra síma innan ákveðins radius), eða skoða aðrar tæknilausnir. 4) Upplýsinga einblöðungur/sms þegar þú borgar þig inn á svæðið.	Gróðureldar	Líf og heilsa	Akureyrarbær	Stökkvilið, Skógræktin, Skútafélagið, lögreglan	Stökkvilið, Skógræktin, Skútafélagið, lögreglan	Lágmarka manntjón.	Fasi 1 er að hluta til kominn, verði að vinna í flóttaleiðum á Hömrum. Fasi 4 er hafinn á Hömrum.	2025-2030	Fasi 1= 10-15 milljón Fasi 2= 15 milljónir	Akureyrarbær, Landsætlun um uppbyggingu innviða.	Aðgerðisætlun Akureyrarbæjar í umhverfis og loftslagsmálum.
Mildar		Gróðureldar	Líf og heilsa	Akureyrarbær	Stökkvilið, Skógræktin, Skútafélagið, lögreglan	Stökkvilið, Skógræktin, Skútafélagið, lögreglan	Lágmarka manntjón.	Fasi 1 er að hluta til kominn. Rýmingarsætlun er tilbúin fyrir Hömra. Fasi 4 er hafinn á Hömrum.	2025-2026	Fasi 1= 2-3 milljón Fasi 2= 4-5 milljón Fasi 3= 1 milljón Fasi 4= 1 milljón	Akureyrarbær, Landsætlun um uppbyggingu innviða.	Aðgerðisætlun Akureyrarbæjar í umhverfis og loftslagsmálum.

Mynd 14. Dæmi um tilbúna aðgerðaráætlun.

Borgarstefna

Í febrúar voru birtar í samráðsgátt stjórnvalda [tillögur starfshóps um mótun borgarstefnu](#) en hópurinn var skipaður af innviðaráðherra síðla árs 2022 til að vinna að aðgerð C.4. *Borgarstefna* á byggðaaætlun. Umsagnartími var til 10. apríl og alls bárust 17 umsagnir frá stofnunum, samtökum sveitarfélaga, sveitarfélögum og einstaklingum. Í meginatriðum voru umsagnir jákvæðar þó einnig væri bent á atriði sem betur mættu fara og taka þyrfti á. Samantekt á þeim umsögnum sem bárust og viðbrögð við þeim er að finna í [sérstakri skýrslu um samráðið](#) sem birt er í samráðsgátt. Í framhaldinu hefur verið unnið að gerð þingsályktunartillögu í innviðaráðuneytinu á grunni tillögunnar og hún kynnt nýjum ráðherra málaflokksins.

Aflamark Byggðastofnunar

Aflamark Byggðastofnunar byggir á 10. gr. a. í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og hefur stofnunin til ráðstöfunar aflaheimildir til að styðja við fámenn byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Nánar er kveðið á um framkvæmd verkefnisins í reglugerðum nr. [643/2016](#) og [1256/2024](#). Megintilgangur verkefnisins er að auka byggðafestu í þeim sjávarbyggðum sem; a) standa frammi fyrir alvarlegum og bráðum vanda vegna skorts á aflaheimildum eða óstöðugleika í sjávarútvegi, b) eru háðastar sjávarútvegi og eiga minnsta möguleika á annarri atvinnuuppbyggingu, c) eru fámennar, fjarri stærri byggðakjörnum og utan fjölbreyttra vinnusóknarsvæða.



Pollurinn á Akureyri.


Verkefnið hófst á fiskveiðiárinu 2013/2014 og þá hafði stofnunin 1.800 þorskígildistonn til ráðstöfunar. Magnið er ákveðið árlega af ráðherra í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni og hefur aukist í áföngum en stofnunin hafði til úthlutunar rúm fimm þúsund þorskígildistonn á fiskveiðiárinu 2023/2024.

Í samræmi við markmið laganna hefur stofnunin gert samninga við fiskvinnslur og útgerðaraðila til allt að sex ára í senn. Í gildi voru samningar í eftirtöldum byggðarlögum sem giltu út fiskveiðiárið 2023/2024; Bakkafirði, Breiðdalsvík, Djúpavogi, Drangnesi, Grímsey, Hrísey, Raufarhöfn, Suðureyri, Tálknafirði/Patreksfirði, Þingeyri og Hólmavík. Þá er í gildi samningur á Flateyri út fiskveiðiárið 2024/2025. Ástæðan er að sá samningur var gerður ári síðar en hinir samningarnir að samningnum á Hólmavík undanskildum en byggðarlagið kom nýtt inn í verkefnið á síðasta fiskveiðiári með eins árs samning. Þá var einnig í gildi eins árs samningur á Breiðdalsvík sem tók við af samningi sem gerður hafði verið 2017 og féll úr gildi í lok fiskveiðiársins 2022/2023.

Þar sem allir samningarnir nema einn voru lausir í lok fiskveiðiársins 2023/2024 var meginverkefni starfsársins að undirbúa gerð nýrra samninga. Sú vinna hófst með greiningu og vali á þeim byggðarlögum sem til álita koma á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016 en reglugerðin var uppfærð í apríl, m.a. með tilliti til íbúaþróunar frá því að reglugerðin var sett og einnig hvað varðar eftirlitsheimildir stofnunarinnar. Á fundi stjórnar 10. maí var samþykkt að auglýsa eftir samstarfsaðilum um nýtingu aflamarks stofnunarinnar í eftirtöldum byggðarlögum til næstu sex fiskveiðiára, þ.e. 2024/2025 – 2029/2030:

- Tálknafirði í Vesturbyggð – allt að 400 þorskígildistonn
- Þingeyri í Ísafjarðarbæ – allt að 500 þorskígildistonn
- Suðureyri í Ísafjarðarbæ – allt að 500 þorskígildistonn
- Drangnesi í Kaldrananeshreppi – allt að 300 þorskígildistonn
- Hólmavík í Strandabyggð – allt að 500 þorskígildistonn
- Hrísey í Akureyrarbæ – allt að 350 þorskígildistonn
- Grímsey í Akureyrarbæ – allt að 300 þorskígildistonn
- Raufarhöfn í Norðurþingi – allt að 500 þorskígildistonn
- Bakkafirði í Langanesbyggð – allt að 300 þorskígildistonn
- Borgarfirði eystri í Múlaþingi – allt að 200 þorskígildistonn
- Breiðdalsvík í Fjarðabyggð – allt að 400 þorskígildistonn

Einnig var samþykkt að auglýsa eftir samstarfsaðilum til



Mynd 15. Samningar um aukna byggðafestu, staðsetningar og stærð í þorskígildistönnum (þígt.).

næstu þriggja fiskveiðiára, þ.e. 2024/2025 – 2026/2027 í einu byggðarlagi:

- Djúpavogi í Múlaþingi – allt að 350 þorskígildistonn

Í framhaldi af umsóknarfresti sem rann út 28. maí tók við mat á umsóknum í einstökum byggðarlögum og gerð tillögu til stjórnar um val á samningsaðilum að undangengnu samráði við viðkomandi sveitarfélög. Fyrir árslok var búið að ljúka [samningum á öllum stöðunum](#) nema á Djúpavogi og í Grímsey.

Í tilfelli Djúpavogs hefur dregist að ganga frá ýmsum tæknilegum atriðum. Eftir yfirferð á umsóknum sem bárust vegna Grímseyjar var ákveðið að freista þess að fá umsækjendur til samstarfs um vinnslu til að styrkja byggðafestu í eyinni. Þær umleitanir skiluðu ekki árangri og í byrjun nóvember setti matvælaráðuneytið reglugerð nr. 1256/2024 sem sniðin er að Grímsey og er án vinnsluskyldu. Í framhaldinu var samþykkt að auglýsa eftir samstarfsaðilum um nýtingu á allt að 300 þorskígildistönnum á grundvelli hinnar nýsettu reglugerðar til næstu þriggja fiskveiðiára, þ.e. 2024/2025 – 2026/2027. Alls bárust 14 umsóknir en vinna við mat umsókna hefur tekið nokkurn tíma, m.a. vegna athugasemda einstakra umsækjenda við þær forsendur sem matið byggir á. Umsóknir voru afgreiddar í febrúar 2025.

Nú á tólfta ári er komin talsverð reynsla á framkvæmd verkefnisins sem jafnframt hefur þróast, bæði að umfangi og framkvæmd. Þannig hefur eftirfylgni vegna vinnslu afla

verið aukin og ákvæði sett í nýja samninga sem ætlað er að tryggja sem skilvirkasta framkvæmd verkefnisins. Á árinu skilaði Ríkisendurskoðun [stjórnsýsluúttekt á ráðstöfun byggðakvóta](#), þ.m.t. aflamarki Byggðastofnunar en úttektin var unnin að beiðni Alþingis í maí 2023. Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur fram að aflamark stofnunarinnar sé ekki eins umdeilt og almenni byggðakvótinn og úthlutun þess feli í sér meiri fyrirsjáanleika hvað varðar úthlutun til byggðarlaga og ætlaða þýðingu fyrir byggðafestu. Þá metur Ríkisendurskoðun umsýslu Byggðastofnunar góða hvað varðar jafnræði og stjórnsýslu. Þá er einnig vert að benda á það sem segir um þróun byggðakvótakerfisins og hlutverk Byggðastofnunar í því í niðurstöðukafla skýrslunnar:

„Ástæða er til að gaumgæfa þann mun sem hefur orðið á þróun almenna og sértæka kerfisins miðað við þann tilgang sem þeim er ætlaður í lögum og þar hefur almenna kerfið raunar dagað uppi með nánast algerri stöðnun. Nokkuð öðru máli gegnir um sértæka kerfið, markmiðin eru sértækari, úthlutun byggist á sérstöku mati, deilist á færri hendur og árangur er háður reglubundnu mati. Ítarleg rök hníga að því að ástæða sé til að endurskoða samspil kerfanna, skera byggðakvótakerfið alveg upp og sameina almenna hlutann þeim sértæka. Jafnframt verði hlutverkaskipan um úthlutun endurskoðuð og dregið úr því að ráðuneyti komi að starfrækslu úthlutunarkerfis og því þess í stað beint í auknum mæli að Byggðastofnun, og eftir atvikum Fiskistofu, með tæknilega útfærslu.“

Það er ljóst að aflamark Byggðastofnunar hefur átt mikinn þátt í að viðhalda störfum á stöðum sem byggja afkomu sína að öllu eða mestu leyti á sjávarútvegi. Þannig hefur það stuðlað að aukinni byggðafestu á þessum stöðum og í einhverjum tilfellum viðhaldið þrótti í atvinnulífinu til að byggja upp nýja starfsemi sem getur tekið við hlutverki kvótabundins sjávarútvegs. Þetta hefur m.a. komið skýrt fram í skilagreinum vegna framkvæmdar samninganna og í samtölum við samningsaðila og aðra haghafa. Er það mat sérfræðinga stofnunarinnar að mikilvægt sé að viðhalda góðu og sem breiðustu samstarfi um framkvæmd verkefnisins enda um að ræða ráðstöfun verðmæta sem ætlað er að hámarka samfélagslegan ábata.



Húsavíkurhöfn.

Sérfræðipjónusta á heilbrigðissviði

Í árslok 2022 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra starfs-
hóp sem m.a. hafði það hlutverk, með vísan til aðgerðar
A.6. *Aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði* á
byggðaáætlun, að skoða með hvaða hætti mætti nýta
ívilnanaákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna til að
fjölga sérfræðingum á heilbrigðissviði á landsbyggðinni.
Nokkrar tafir urðu á framgangi verkefnisins.

Í júlí skilaði stofnunin [skýrslu](#) til háskóla-, iðnaðar- og
nýsköpunarráðuneytisins með skilgreiningu þeirra svæða
sem beita mætti ívilnun á skv. 1. mgr. 28. gr. laganna um
sérstaka ívilnun vegna námsgreina á sérstökum svæðum.
Ráðuneytið hefur fallist á þá svæðisskilgreiningu hvað
varðar heilbrigðisstéttir, en skilgreiningin er forsenda
þess að unnt sé að sækja um ívilnun á grundvelli laga-
greinarinnar. Í framhaldinu kynnti Byggðastofnun, í
samvinnu við heilbrigðisráðuneytið, málið fyrir landshluta-
samtökum sveitarfélaga og heilbrigðisstofnunum á lands-
byggðinni. Hafa ráðuneytinu nú borist nokkrar umsóknir
sem eru til vinnslu hjá Byggðastofnun í samráði við Sam-
band íslenskra sveitarfélaga, á grundvelli 2.tl. 2.mgr. 28.gr.
laganna, þar sem kveðið er á um að fyrir liggji skýrsla unnin
af Byggðastofnun um mikilvægi þess að bregðast við þeim
aðstæðum sem tilgreindar eru í hverri umsókn fyrir sig.

Þróun byggðavísitölu

Þróun byggðavísitölu byggir á aðgerð C.13. í þingsályktun
stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036
sem fjallar um opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.
Markmið aðgerðarinnar er að þekkingargrunnur stefnu-
mótunar og framkvæmdar á sviði byggðamála verði
styrktur.

Á árinu 2024 var unnið áfram að þróun byggðavísitölu
fyrir sveitarfélög á Íslandi. Vísitalan er staðfærð útgáfa af
Distriktsindeksen í Noregi og er íslenska útgáfan uppbyggð
þannig: Mannfjöldapróun síðustu tíu ár 40%, fjölgun
atvinnutækifæra síðustu tíu ár 10%, fjölbreytni atvinnulífs
10% og vinnu- og þjónustusókn samtals 40%. Síðasti
þátturinn skiptist þannig að stærð vinnusóknarsvæðis
gildir 20%, þjónustusókn vegna fjarlægðar frá Reykjavík eða
Akureyri 10% og þjónustusókn vegna fjarlægðar frá 1500
manna þéttbýli 10%. Ætlunin er að vísitalan geti í framtíðinni
gefið sem besta mynd af stöðu sveitarfélaga og m.a. nýst
sem árangursmælikvarði á byggðaaðgerðir.



Varmahlíð.

Svæðisbundin flutningsjöfnun

Byggðastofnun annast framkvæmd styrkveitinga flutningsjöfnunarstyrkja til framleiðenda annars vegar og vegna sölu olíuvara hins vegar skv. [lögum nr. 160/2011](#).

Flutningsjöfnunarstyrkir til framleiðenda


Markmið með veitingu styrkjanna er að styðja við framleiðsluðnað og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum. Það er gert með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

Opnað var fyrir rafrænar umsóknir þann 1. febrúar 2024 en umsóknarfrestur er til 31. mars ár hvert fyrir næstliðið almanaksár. Alls bárust 85 umsóknir, þar af 77 vegna framleiðslustarfsemi í C-bálki en átta vegna grænmetisræktunar í A-bálki. Er þetta svipaður fjöldi og árið áður en ein umsókn var dregin til baka. Stærstur hluti styrksins fór til framleiðslu á Norðurlandi eystra eða 37% af heildarstyrkfjárhæð en 83,6% fjárhæðarinnar var vegna framleiðslu í ÍSAT bálki CA – Matvæla- og drykkjavöruiðnaður. Fjárhæð tíu hæstu styrkjanna nam samtals 61,9 m.kr. sem er 38,4% af heildarúthlutun en það er töluvært lægri fjárhæð en í fyrra þegar tíu hæstu styrkir voru 92,7 m.kr. eða 56,4% af heildarúthlutun. Má rekja breytinguna til nýrra úthlutunarreglna þar sem kveðið er á um að ekki skuli lækka styrki sem eru undir 1,25% af heildarfjárveitingu né lækka styrki neðar en 1,25% af heildarfjárveitingu.


Fjárheimildir ársins voru 163,3 m.kr. og voru 160,9 m.kr. greiddar til styrkþega. Heildarfjárhæð samþykktar styrkumsókna nam 467,7 m.kr. og því er útgreiðsluhlutfallið 34,4%.

Flutningsjöfnunarstyrkir vegna sölu olíuvara

Markmið með veitingu styrkjanna er að tryggja framboð olíuvara með því að jafna flutningskostnað á olíuvörum sem eru til notkunar innanlands til svæða sem búa við skerta samkeppnisstöðu vegna landfræðilegra og lýðfræðilegra aðstæðna.



Mynd 16. Flutningsjöfnunarstyrkur til framleiðenda eftir landshlutum.



Mynd 17. Flutningsjöfnunarstyrkur vegna sölu olíuvara eftir landshlutum.

Árið 2022 var í fyrsta skipti sem flutningsjöfnunarstyrkjum vegna sölu olíuvara var úthlutað, en áður hafði byggðastuðningur verið í öðru formi undir stjórn flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara sem hefur verið lagður niður. Umsóknarfrestur rann út 31. mars 2024 og bárust fjórar umsóknir vegna flutningskostnaðar á árinu 2023 sem allar voru samþykktar. Fjárheimildir ársins voru 172 m.kr. og var rúmlega 171,7 m.kr. úthlutað til styrkþega í samræmi við lög nr. 160/2011 og reglugerð nr. 890/2021. Stærstur hluti styrksins var veittur vegna sölustaða á Austurlandi, eða 37,4%.

Byggðarannsóknasjóður og styrkir til meistaranema

Byggðarannsóknasjóður

Á ársfundi Byggðastofnunar, þann 17. apríl 2024, voru veittir sex styrkir úr Byggðarannsóknasjóði. Markmið sjóðsins er að veita styrki til rannsókna- og þróunarverkefna sem stuðlað geta að jákvæðri byggðaþróun og bætt þekkingargrunn sem nýtist við stefnumótun, áætlanagerð og aðgerðir á sviði byggðamála. Þetta var í tíunda sinn sem úthlutað er úr sjóðnum en hann er fjármagnaður af fjárlagalið byggðaaætlunar og með framlagi frá Byggðastofnun, en stofnunin fer með umsýslu sjóðsins. Til úthlutunar voru 17,5 m.kr. Umsóknarfrestur var til 3. mars og bárust alls 22 umsóknir. Eftirfarandi verkefni hlutu styrki:

- *Svæðisbundinn stuðningur í íslenskum landbúnaði.* Styrkfjárhæð 3,4 m.kr.

Styrkþegi er Jóhanna Gísladóttir, Lbhí, ásamt Torfa Jóhannessyni.

Verkefnið felur í sér samanburð á stöðu og þróun á Íslandi við það hvernig Noregur, Finnland og Svíþjóð hafa valið að skilgreina svæði. Greining verður gerð á hvernig landbúnaðar- og byggðastuðningi er beitt til að jafna aðstöðumun milli svæða í þessum löndum. Markmið verkefnisins er að vinna tillögur um hvernig útfærslu svæðistengds stuðnings á Íslandi gæti verið háttáð. Grundvöllur slíkra tillagna mun byggja á samanburði um hvernig slíkar greiðslur eru útfærðar í nágrannalöndum okkar og þeirri svæðaskiptingu sem þar liggur að baki. Greindar verða forsendur svæðaskiptingar með hliðsjón af búskaparskilyrðum ásamt náttúrulegum, félagslegum og hagrænum þáttum og hver áhrif slíkrar skiptingar gætu verið á Íslandi.

- *Ferðaleiðir um fámenn svæði. Rannsókn á aðkomu og sýn heimamanna á uppbyggingu ferðamannaleiða.* Styrkupphæð 3,1 m.kr.

Styrkþegi er Rannsóknamiðstöð ferðamannaleiða, Þórný Barðadóttir, ásamt SSNE og SSNV.

Rannsóknin beinir sjónum að aðkomu og sýn heimamanna á nýjum ferðamannaleiðum sem fara um jaðarsvæði íslenskrar ferðaþjónustu. Tilgangur rannsóknar er að auka skilning á samfélagslegum



Á Rangá í Kaldakinn.

áhrifum ferðamannaleiða í dreifbýli. Til rannsókna eru hlutar Norðurstrandarleiðar, Vatnsnes og Melrakkaslétta. Ætlunin er að fanga sýn heimafélks á tilurð leiðarinnar og áhrifum hennar til mögulegrar atvinnuuppbyggingar í ferðaþjónustu og tengdum greinum. Markmiðið er að rannsóknin veiti hagnýta þekkingu sem nýtist við uppbyggingu í ferðaþjónustu með stuðningi heimafélks í dreifbýlissamfélögum utan alfaraleiða.

- *Óstaðbundin störf: Hvernig er reynslan?* Styrkupphæð 3,1 m.kr.

Styrkþegi er RHA – Rannsóknamiðstöð HA, Sæunn Gísladóttir.

Verkefnið felur í sér viðtöl við starfsfólk í óstaðbundnum störfum hjá hinu opinbera sem og viðtöl við forstöðufólk með óstaðbundið starfsfólk í vinnu til að kanna reynsluna af óstaðbundnum störfum. Niðurstöður viðtala og rýnihóps verða teknar saman í þeim tilgangi að öðlast betri innsýn í reynsluna af óstaðbundnum störfum og hvað megi betur fara til að byggðaaðgerðin óstaðbundin störf nýtist á sem farsælastan hátt. Markmiðið er að komast að ábendingarum hvernig megi ná betri árangri með byggðaaðgerðinni óstaðbundin störf.



Frá afhendingu styrkja til byggðarannsóknna á ársfundi Byggðastofnunar 2024. Kjartan Ólafsson formaður Byggðarannsóknasjóðs, Steinþór Logi Arnarsson, Ari Klængur Jónsson, Þóroddur Bjarnason, Jóhanna Gísladóttir og Hanna Dóra Björnsdóttir verkefnisstjóri Byggðarannsóknasjóðs. Á myndina vantar Þórnýju Barðadóttur og Sæunni Gísladóttur.

- *Dreifbýlisvæðing eða þéttbýlisflæði? Byggðapróun á Selfossi, Suðurlandi og annars staðar á suðvestur-svæðinu.*

Styrkupphæð er 3,2 m.kr.

Styrkþegi er Þóroddur Bjarnason.

Meginmarkmið er að auka skilning á þeim hreyfilögmálum sem leitt hafa til vaxtar suðvestur-svæðisins og leggja mat á líklega framtíðarþróun þess. Verkefninu er ætlað að varpa ljósi á mynstur og eðli byggðapróunar almennt á suðvestursvæðinu í seilingarfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og sérstaklega á Selfossi. Áhersla verður lögð á mynstur, orsakir og afleiðingar búferlaflutninga í ljósi breytinga á atvinnu, samgöngum, tækni, skipulagi þjónustu og búsetuháttum.

- *Beinar og óbeinar byggðaaðgerðir og þróun mannfjölda í sex sveitarfélögum: Samanburðarrannsókn*

Styrkupphæð 2,2 m.kr.

Styrkþegi er Ari Klængur Jónsson, HÍ.

Verkefnið snýr að því að greina íbúðapróun í sex sveitarfélögum og setja hana í samhengi við uppbyggingu atvinnugreina á svæðunum sem um ræðir og beinar og óbeinar byggðaaðgerðir sem ráðist hefur verið í. Verkefnið mun varpa ljósi á breytingar á stærð og samsetningu mannfjöldans á hverju svæði fyrir sig

með tilliti til lýðfræðibreyta, tekna og menntunarstöðu og þróun þessara breyta yfir fyrirfram skilgreind tímabil og í samanburði við landið í heild sinni. Tilgangur rannsóknarinnar er tvíþættur. Annars vegar sá að varpa ítarlegu ljósi á íbúðapróun yfir langt tímabil á völdum svæðum hringinn í kringum landið og hins vegar að setja þá þróun í samhengi við aðgerðir sem ráðist hefur verið í og ættu að hafa áhrif á samsetningu og stærð mannfjöldans á hverjum stað fyrir sig (með beinum eða óbeinum hætti).

- *Nýliðun og kynslóðaskipti í landbúnaði – hindranir og hvatar.*

Styrkupphæð 2,5 m.kr.

Styrkþegi er Samtök ungra bænda, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir.

Fjölmarginir þættir koma við sögu í nýliðun og kynslóðaskiptum í landbúnaði. Farsæl kynslóðaskipti verða þegar báðar kynslóðir hafa tekið ígrundaðar ákvarðanir er varða gildi sín, væntingar og áform til framtíðar. Þessu verkefni er ætlað að leggja faglegt mat á áhrifaþætti starfandi bænda á ákvarðanatöku sína um framtíð búskapar síns. Einnig þeirra sem líklegir eru til að hefja eða taka við búskap. Meginmarkmiðið er að kortleggja hvata og hindranir kynslóðaskipta og nýliðunar í landbúnaði.

Styrkir til meistaranema

Byggðastofnun veitir árlega styrki til meistaranema sem vinna lokaverkefni á sviði byggðapróunar. Í árslok 2024 lagði stjórn Byggðarannsóknasjóðs til að styrkja fjóra meistaranema en þrettán umsóknir bárust. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti tillögurnar á fundi sínum 12. desember. Styrkirnir eru fjármagnaðir af byggðaáætlun og áskilið er að verkefnin hafi skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar. Heildarupphæð styrkjanna var 1,4 m.kr. Hvert verkefni var styrkt um 350.000 kr.

Eftirfarandi fjögur verkefni hlutu styrki:

- *Participatory Energy Planning for Resilient Coastal Westfjords Futures.*

Styrkþegi er Brianna Marie Cunliffe, Háskólasetri Vestfjarða.

Í verkefninu verður leitast við að greina áskoranir orkumála og mögulegar lausnir eða tækifæri orkuáætlana í Ísafjarðarbæ og á Vestfjörðum. Afhending og dreifing orku sem mætir þörf samfélagsins með aðferðum sem sátt er um getur styrkt orkukaup og afhendingaröryggi, afstýrt mögulegum ágreiningi með tilheyrandi kostnaði og töfum og leitt til árangursríkra framtíðarlausna. Rannsóknin miðar að því að flétta saman gildismat, forgangsraða og fanga visku vestfiskra hagsmunaaðila með þátttöku þeirra í áætlanagerð. Í gegnum stefnumótun með framtíðarsýn að leiðarljósi verða kostir þess að endurverkja samræður um orkumál kannaðir og stuðlað að ákvarðanatöku þar sem staðbundnar nýjungar fá vægi innan um stórar áskoranir.

- *Ræs! – Síld!*

Styrkþegi er Daníel Pétur Daníelsson, Háskólanum á Hólum.

Samfélagið á Siglufirði er fjölbreytt. Í rannsókninni verða tengsl milli Síldarminjasafns Íslands og nærsamfélagsins könnuð og hvernig styrkja má þau tengsl. Þrátt fyrir að safnið laði til sín ferðamenn þá hefur það reynst áskorun að fá íbúa til að heimsækja safnið reglulega. Með eigindlegri nálgun og rýnihópum er markmiðið að finna leiðir til að auka þátttöku heimamanna, stuðla að inngildingu og efla vitund um

menningararfinn. Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á hlutverk safna í samfélaginu og skoða möguleika á að tengja betur saman söfn og samfélög með virkari þátttöku íbúa.

- *Climate change adaptation strategies of Iceland's search and rescue teams*

Styrkþegi er Glory Kate Chitwood, Háskóla Íslands.

Í verkefninu verður skoðað hvernig áhrif og líklegar afleiðingar loftslagsbreytinga, þ.e. stigmögnun náttúruvratburða með tíðari og alvarlegri atburðum, hafa áhrif á störf sjálfbóðaliða í björgunarsveitum landsins. Sjálfbóðastarf björgunarsveita er stoð í skipulagi almannavarna. Með þessari eigindlegu rannsókn verður skoðað hvernig núverandi kerfi getur aðlagast og tekist á við auknar eða breyttar áskoranir af völdum loftslagsbreytinga. Hver áhrif loftslagsbreytinga og stigmögnun náttúruvár getur verið á starfsgetu neyðarviðbragðsteyma og hvaða fyrirbyggjandi aðferðir til aðlögunar gætu verið gagnlegar til að tryggja bráðaviðbragð björgunarsveita.

- *Volunteerism and Emergency Management in Iceland: Examining the Role of Place Attachment and Local Engagement in Search and Rescue and Disaster Relief Organizations*

Styrkþegi er Christoph Pfülb, Háskólasetri Vestfjarða.

Markmið rannsóknar er að skoða hvata fólks til þátttöku í sjálfbóðaliðastarfi í björgunarsveit eða Rauða krossinum og um leið ástæður fólks fyrir því að taka ekki þátt. Skoðaður verður svæðisbundinn og lýðfræðilegur breytileiki út frá staðartengslum og skynjun íbúa á ógn náttúruvár. Greind verða möguleg tækifæri til að bæta staðbundna neyðarstjórnun og uppbyggingu eftir hamfarir um allt Ísland. Notuð verða megindleg könnunargögn (frá 2023/2024 úr CliCNord) og verða niðurstöður greininga yfirfarnar í viðtölum við sérfræðinga og hagsmunaaðila. Markmiðið er að efla neyðarviðbúnað og samfélagsþol en gert er ráð fyrir að niðurstöður gefi hagnýtar ráðleggingar sem geti bætt staðbundið neyðarskipulag, sérstaklega í fámennum byggðarlögum og í dreifbýli.

Samstarf við háskóla

Byggðastofnun á samstarf og reglulegt samráð við háskóla og rannsóknasetur vegna ýmissa verkefna. Samstarfsverkefni eru fjölbreytt og breytileg eftir atvikum. Öllu jafna er jákvæður vilji fyrir samstarfi í þágu þeirra markmiða og málefna sem stofnunin vinnur að hvort heldur sem stofnunin eða samstarfsaðilar eiga frumkvæði að samstarfinu. Markmið alls samstarfs er að stuðla að aukinni umræðu og uppbyggingu þekkingar á sviði skapandi greina, byggða- og sveitarstjórnarmála. Þess er ávallt vænst að samstarf skili jákvæðum ávinningi fyrir alla hlutaðeigandi.

Námskeiðið Rannsóknir á sviði menningar og skapandi greina í landsbyggðunum var í fyrsta skipti haldið á sumarönn 2024 og er afkrastursamstarfs Byggðastofnunar við Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri. Hluti af samstarfinu var kynning á starfsemi stofnunarinnar og byggðatendgdum málefnum fyrir nemendur námskeiðsins. Álíka kynningar voru haldnar á árinu fyrir nemendur í land- og ferðamálafræði við Háskóla Íslands og nemendur ferðamáladeildar Háskólans á Hólum. Nemendur frá Háskólasetri Vestfjarða komu í heimsókn í Byggðastofnun í maí ásamt kennurum frá Norðurlöndunum og Eystra-saltsríkjunum og fengu sams konar kynningu.

Undirbúningsvinna hófst á árinu vegna þróunar nýrrar námsleiðar í sjálfbærri byggðafræði, það verkefni er leitt af Háskólanum á Hólum í samvinnu við Háskóla Íslands, Rannsóknasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni, Samtök þekkingarsetra á landsbyggðinni og Byggðastofnunar. Verkefnið er styrkt af Samstarfi háskóla. Námsleiðin verður í boði frá haustmisseri 2026.

Landstólpinn

Landstólpinn, samfélagsviðurkenning Byggðastofnunar, var veittur í fyrsta skipti á ársfundi stofnunarinnar árið 2011. Viðurkenningin var veitt í prettánda sinn á ársfundi Byggðastofnunar sem haldinn var í Bolungarvík 17. apríl 2024. Nafnið Landstólpinn er fengið úr kvæði Jónasar Hallgrímssonar, Alþing hið nýja.

Hugmyndin að baki viðurkenningunni er að efla skapandi hugsun og bjartsýni. Hún er veitt einstaklingi, fyrirtæki eða



Afhending Landstólpans á ársfundi Byggðastofnunar 2024.

hópi/verkefni á vegum fyrirtækis eða einstaklinga sem vakið hefur jákvæða athygli í landsbyggðunum með verkefni, starfsemi, umfjöllun á opinberum vettvangi eða með öðru móti. Við úthlutun er haft í huga hvort viðkomandi hafi gefið jákvæða mynd af landsbyggðunum eða sínu svæði, aukið virkni íbúa, eftt samstöðu og jákvæðni íbúa og/eða dregið að gesti.

Í ár bárust samtals 65 tilnefningar til einstaklinga/verkefna víða af landinu. Niðurstaða dómnefndar, sem skipuð er starfsmönnum Byggðastofnunar, var sú að veita Enskumælandi ráði í Mýrdalshreppi Landstólpann árið 2024. Það voru þau Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri Mýrdalshrepps, Lara Ólafsson og Hilary Jane Tricker sem veittu viðurkenningunni viðtöku, fyrir hönd Enskumælandi ráðs Mýrdalshrepps á ársfundi Byggðastofnunar.

Enskumælandi ráð Mýrdalshrepps er skipað íbúum af erlendu bergi brotnu sem sest hafa að í Vík. Í byggðarlaginu er nú um helmingur allra íbúa sveitarfélagsins af erlendu bergi brotinn en það er hæsta hlutfall sem mælist í byggðarlagi á Íslandi. Fjölgað hefur ört í þessum hópi íbúa á undanförunum árum.

Enskumælandi ráð Mýrdalshrepps er það fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og var sett á fót í kjölfar sveitarstjórnarkosninga árið 2022. Erindisbréf ráðsins kveður skýrt á um dagskrárvald þess og því hefur verið markaður fastur sess í stjórnsýslunni með breytingum á samþykkt um stjórn og fundarskóp sveitarfélagsins. Ráðið gefur íbúum af erlendu bergi brotnu raunveruleg tækifæri til þess að hafa áhrif á stjórn sveitarfélagsins og koma málum á dagskrá.

Enskumælandi ráð eflir samfélagslega þátttöku íbúa sem annars væri hætt við að yrðu jaðarsettir og gefur erlendum íbúum vettvang til þess að koma sjónarmiðum og áherslum sínum á framfæri. Ráðið hefur þegar haft frumkvæði að stórum uppbyggingarverkefnum sem undirbúningur er hafinn að og hefur kallað hina ýmsu aðila á fundi til sín í þeim tilgangi að kynna sér ýmis málefni en jafnframt að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Allar fundargerðir ráðsins eru skrifaðar bæði á íslensku og ensku. Ráðið hefur m.a. fjallað um íslenskukennslu og hefur fjallað umtalsvert um leiðir sem hægt væri að fara til þess að efla stöðu tungumálsins í enskumælandi hagkerfi, sem ferðapjónustusamfélög jafnan eru, líkt og í Mýrdalshreppi.

Sá sem hlýtur viðurkenninguna hverju sinni fær afhentan listmun hannaðan af lista- eða handverksfólki. Viðurkenningargripurinn í ár var verkið „Svífandi“ eftir myndlistarmanninn Ríkhart Valtinójer sem fæddist árið 1935 í Bozen í Suður Tyrol. Ríkhartur var búsettur á Stöðvarfirði frá árinu 1985 ásamt fjölskyldu sinni en hann lést árið 2019. Ríkhartur rak ásamt konu sinni Sólrúnu Friðriksdóttur og fjölskyldu Gallerí Snæros á Stöðvarfirði en galleríið hefur verið starfandi frá árinu 1985 á Stöðvarfirði og er enn starfrækt. Ríkhartur er hvað þekktastur fyrir grafíkverk sín og hafa verk hans verið sýnd víða um heim. Jafnframt fylgdi samfélagsviðurkenningunni fjárhæð að upphæð ein milljón króna.

Landstólpinn verður næst veittur á ársfundi Byggðastofnunar þann 8. maí 2025 sem haldinn verður á Breiðdalsvík.

Eyrarrósir

Eyrarrósir er viðurkenning sem veitt er framúrskarandi menningarverkefni utan höfuðborgarsvæðisins annað hvert ár og hefur verið veitt allt frá árinu 2005. Auk viðurkenningarinnar og verðlaunafjárhæðar er Eyrarróshafa boðið að standa að viðburði á Listahátíð í Reykjavík árið eftir. Sérstök hvatningarverðlaun Eyrarrósinna eru einnig veitt þremur verkefnum sem hafa verið starfrækt í þrjú ár eða skemur. Hvatningarverðlaunin eru veitt metnaðarfullum verkefnum sem þykja hafa listrænan slagkraft, jákvæð áhrif á nærsamfélagið og burði

til að festa sig í sessi. Eyrarrósin er samstarfsverkefni Byggðastofnunar, Ícelandair og Listahátíðar í Reykjavík.

Árið 2023 hlaut Aðalheiður S. Eysteinsdóttir Eyrarrósina fyrir menningarstarf í Alþýðuhúsinu á Siglufirði. Aðalheiður hefur í rúman áratug leitt menningarstarf í Alþýðuhúsinu sem hefur haft mikið gildi fyrir nærsamfélagið og íslenskt menningarlíf. Fjöldi menningarviðburða hafa verið haldnir og yfir tvö þúsund listamenn og aðrir skipandi einstaklingar hafa komið að starfseminni í gegnum tíðina.

Í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 2024 bauð Eyrarróshafi, Aðalheiður og samstarfsfólk hennar, upp á þriggja daga alþjóðlega Listahátíð, INTOO, á Siglufirði 7. – 9. júní 2024. Stjórnendur INTOO eru þau Aðalheiður S. Eysteinsdóttir og Will Owen en þau hafa unnið saman að sýningarverkefnum í Danmörku og á Íslandi í samstarfi við Aros listasafnið í Árósum og heimafólk á hverjum stað. Á dagskrá hátíðarinnar voru fjölmargir viðburðir m.a. myndlistasýningar, gjörningar, útilistaverk, tónleikar og ljóðalestur. Viðburðirnir fóru fram bæði í Alþýðuhúsinu og víðsvegar um bæinn, innan sem utan dyra. Sérstök móttaka var einnig haldin á Siglufirði í upphafi listahátíðarinnar á vegum Eyrarrósinna og Listahátíðar í Reykjavík til heiðurs Aðalheiði Eyrarróshafa.

Vigdís Jakobsdóttir lauk störfum sem listrænn stjórnandi Listahátíðar Reykjavíkur síðla árs 2024 eftir átta ára farsælt starf. Lára Sóley Jóhannsdóttir var ráðin í hennar stað. Um leið og Vigdís er þakkað ánægjulegt og gefandi samstarf vegna Eyrarrósinna er Lára Sóleyju óskað velfarnaðar í nýju starfi. Eiginmaður forseta Íslands, hr. Björn Skúlason, hefur vinsamlega samþykkt að taka að sér hlutverk verndara Eyrarrósinna. Um leið og starfsfólk Byggðastofnunar fagnar nýjum verndara eru frú Elízu Reid færðar þakkir fyrir stuðninginn og velvildina sem hún hefur sýnt Eyrarrósinni undanfarin ár.



Fundur NORA í desember.

NORA, Norræna Atlantssamstarfið

Norræna Atlantssamstarfið (NORA) er samstarfs-vettvangur Íslands, Færeyja, Grænlands og norður- og vesturhluta Noregs. NORA heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og er hluti af norrænu samstarfi á sviði byggðamála og svæðasamstarfs. Aðalskrifstofa NORA er í Þórshöfn í Færeyjum og eru landsskrifstofur í hverju aðildarlandi. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu á Íslandi sem á þrjá fulltrúa í svokallaðri NORA-nefnd en í þeim hópi er einnig fulltrúi innviðaráðuneytisins í framkvæmdastjórn. Aðildarlöndin skiptast á formennsku árlega og voru Íslendingar síðast með formennsku á árinu 2023.

Stærstur hluti tekna NORA kemur frá Norrænu ráðherranefndinni eða 80%. Aðildarlöndin greiða árlega rúmlega 20% af heildarframlögum til NORA og greiðir Ísland um 29% af því framlagi. Að auki fær NORA lítils háttar framlag frá færeysku landsstjórninni og frá Vestnorræna sjóðnum.

NORA leggur áherslu á samstarf innan svæðisins og á miðlun reynslu og þekkingar í byggða- og atvinnumálum, sem og á nýsköpun og sjálfbæra þróun. NORA veitir styrki til verkefna sem stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða með auknu samstarfi milli landanna. Það er gert með því að styrkja nýsköpun á sviði sjávarútvegs og auðlinda hafsins, þróun atvinnutækifæra á sviði ferðaþjónustu, landbúnaðar og orkumála og verkefni á sviði upplýsingatækni, fjarskipta, samgangna og flutninga m.a. með það að markmiði að sigrast á fjarlægðum. Samstarfsverkefni sem NORA hefur styrkt hafa skilað góðum árangri.

Styrkir geta numið allt að 500 þús. d.kr. á ári og verkefni verið styrkt að hámarki í þrjú ár. Styrkfjárhæð getur ekki numið meira en 50% af heildarkostnaði verkefnis og skilyrði er að um samstarf minnst tveggja NORA landa sé að ræða. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í mars og október. Á árinu 2024 bárust 36 umsóknir. Úthlutað var rúmum 6 millj. d.kr. til 23 verkefna og eru Íslendingar þátttakendur í átján verkefnum. Íslensk þátttaka í verkefnum NORA er mjög góð og hefur á undanförunum árum verið á bilinu 70–90%. Á [vef NORA](#) er að finna yfirlit yfir öll verkefnin.

NORA leggur áherslu á að styrkja stöðu sína innan norræns samstarfs en einnig að styrkja tengsl við lönd við Norður-Atlantshafið, s.s. Skotland, Hjaltlandseyjar, Orkneyjar og austurströnd Kanada, m.a. í gegnum ýmis samstarfsverkefni svo sem verkefni um UNESCO svæðin. Á árinu 2023 var gerður samningur á milli NORA og Orkneyjaráðsins sem gerir þátttöku Orkneyinga í styrktum samstarfsverknum NORA mögulega.

NORA starfaði á árinu samkvæmt stefnuáætlun fyrir árin 2021-2024 en í henni er sem fyrr lögð áhersla á sjö fagsvið. Áætlunin hvílir á þremur grunnstoðum sem eru verkefnastuðningur, stefnumörkun og tengslamyndun. Stefnuáætlunin tekur mið af áætlunum ráðherraráðsins um framtíðarsýn 2030.

Norrænir vinnu- og rannsóknarhópar um byggðapróun

Byggðastofnun tekur þátt í norrænu samstarfi er snýr að byggðapróun. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga áttu hvorn sinn fulltrúann í þemahópi um *Græna og samþætta byggðapróun í dreifbýli á Norðurlöndum* en starfstímabil hópsins var tímabilið 2021-2024. Þemahópurinn var framhald af hópi um *Sjálfbæra byggðapróun á Norðurlöndum* sem starfaði á tímabilinu 2017-2020. Meginverkefni sem unnið hefur verið að snúast um þjónustuframboð og aðgengi að þjónustu, réttlát orkuskipti í dreifbýli, svæðisbundin áhrif fjarvinnu, skort á hæfu vinnuafli og brothættar byggðir. Öll verkefni hafa tengingu við byggðapróun á Íslandi og tengjast markmiðum stjórnvalda í gildandi þingsályktun

um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036. Þau eru jafnt aðgengi að þjónustu, jöfn tækifæri til atvinnu og að stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land.

Stofnunin tekur þátt í rýnihópum í tengslum við rannsóknarverkefni Nordregio undir heitinu [Ensuring inclusive economic growth in the transition to a green economy](#) og snýr að greiningu á því hvernig tryggja megi umskipti yfir í grænt hagkerfi sem eru sanngjörn fyrir alla þjóðfélags hópa. Fulltrúi stofnunarinnar sótti rýnifund í Stokkhólmi í febrúar og vefviðburð við útkomu lokaskýrslu þess hluta verkefnisins sem snýr að svæðisbundnum áhrifum grænu umskiptanna (Task3) í byrjun desember. Íslenski hlutinn þar fjallar um áhrif umskiptanna á ferðaþjónustuna, einkum á landsbyggðinni og var unnin af starfsmönnum háskólanna á Akureyri og Bifröst. Hér er hægt að nálgast skýrsluna, [Regional economic effects of the green transition in the Nordic Region](#).

Norðurslóðaaætlunin (NPA)

Norðurslóðaaætlunin (Northern Periphery and Arctic Programme) er samstarfsvettvangur Evrópusambandsríkjanna Írlands, Svíþjóðar og Finnlands annars vegar og Noregs, Íslands, Grænlands og Færeyja hins vegar. Markmið áætlunarinnar er að efla sjálfbært atvinnu- og efnahagslíf og búsetuþætti á starfssvæðinu.

Við upphaf núgildandi áætlunartímabils 2021-2027 hurfu Skotland og Norður-Írland úr samstarfinu vegna útgöngu Bretlands úr ESB. Er það miður þar sem báðar þjóðirnar voru virkir þátttakendur í samstarfinu og höfðu lagt mikið til þess í gegnum þátttöku í verkefnum. Þó aðstæður í löndunum séu ekki einsleitar eru þar ákveðin sameiginleg sérkenni sem felast m.a. í veðráttu, strjálbýli, miklum vegalengdum, náttúruauðlindum, háu menntunarstigi og neikvæðri lýðfræðilegri þróun á dreifbýlum svæðum.

Aðalskrifstofa NPA er í Kaupmannahöfn og landsskrifstofur í hverju aðildarlandi. Byggðastofnun hefur umsjón með starfinu hér á landi, sem felst annars vegar í hlutverki landstengiliðar sem er að kynna áætlunina, aðstoða umsækjendur, þ.m.t. að finna erlenda samstarfsaðila



Frá verkefnastefnumóti NPA að Laugarbakka í Miðfirði.

og taka þátt í mati umsókna. Hins vegar er stofnunin einnig eftirlitsaðili með framkvæmd verkefna og yfirfer framvinduskýrslur vegna útgreiðslu styrkja.

Þátttaka Íslands í NPA er byggðaaðgerð sem á rætur sínar í þingsályktun um stefnu í byggðamálum fyrir árin 2002-2005. Þar var kveðið á um að stuðla markvisst að þátttöku stofnana og atvinnulífs á landsbyggðinni í alþjóðlegu samstarfi. Í þeim tilgangi var lagt til að Ísland gerðist aðili að Norðurslóðaaætlun Evrópusambandsins. Það gekk eftir og hefur Ísland verið virkur þátttakandi síðan 2002 og byggir þátttakan nú á byggðaaætlun fyrir árin 2022-2036. Heildarframlag til NPA á yfirstandandi tímabili, 2021-2027, eru 51,5 milljónir evra og þar af fara 46,8 milljónir evra til að styðja verkefni. Framlag Íslands er 3 milljónir evra og að frádregnum sameiginlegum kostnaði eru 2,6 milljónir evra til stuðnings við íslenska þátttakendur.

Til að ná markmiði sínu um að efla sjálfbært atvinnu- og efnahagslíf og búsetugæði, styður Norðurslóðaaætlunin við samstarfsverkefni sem miða að því að finna lausnir á sameiginlegum viðfangsefnum samstarfslandanna. Skilgreind forgangssvið með undirmarkmiðum fyrir núgildandi áætlunartímabil eru:

1. Styrkja nýsköpunarhæfni þrautseigra og aðlaðandi samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar.
 - 1.1. Þróa og bæta rannsókn- og nýsköpunarhæfni og nýtingu hátækni.
 - 1.2. Nýta kosti stafvæðingarinnar fyrir íbúa, atvinnulíf, rannsóknastofnanir og stjórnvöld.
 - 1.3. Styrkja sjálfbæran vöxt, samkeppnishæfni og fjölgun starfa hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

2. Styrkja getu samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar til að laga sig að loftslagsbreytingum og bættari auðlindanýtingu.
 - 2.1. Stuðla að betri orkunýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
 - 2.2. Styðja aðlögun að loftslagsbreytingum, varnir gegn hamförum og seiglu með beitingu vistkerfislausna (ecosystem based approaches).
 - 2.3. Styðja við umbreytinguna yfir í hringrásarhagkerfið og betri orkunýtingu.
3. Styrkja stofnanagetu samfélaga á starfssvæði áætlunarinnar til að nýta sér samstarfsverkefni.
 - 3.1. Bæta stofnanagetu stjórnvalda og annarra haghafa við innleiðingu svæðisbundinna áætlana á sjó og landi.

Lögð er áhersla á afurðir verkefnanna, vöru og/eða þjónustu sem styrkir atvinnulíf, búsetu eða bætir öryggi íbúa. Þátttakendur geta verið fyrirtæki, sveitarfélög, fyrirtæki þeirra, stofnanir og samtök, ríkisstofnanir, mennta- og rannsóknastofnanir eða frjáls félagasamtök.

Norðurslóðaáætlunin er samkeppnissjóður sem rekinn er á svipuðum forsendum og rannsóknáætlanir innan EES samningsins, þar sem umsækjendur keppa í gæðum um það fjármagn sem er til ráðstöfunar. Umsóknir eru metnar af sérfræðinefndum í öllum aðildarlöndunum og er stuðningur háður a.m.k. 35% mótframlagi umsækjenda hvað íslenska þátttöku varðar en lágmarksmótframlag var áður 40%. Stuðningur við þátttöku íslenskra aðila í verkefnum er eingöngu fjármagnaður af framlagi Íslands. Til að stuðla að sem mestri virkni þeirra fjármuna með því að hámarka fjölda verkefna með íslenskri þátttöku, hefur verið ákveðið að hámarksupphæð kostnaðar íslenskra aðila í einstökum verkefnum verði 200 þús. evrur og hámarksstyrkur 65% af þeim fjármunum sem eru um 130 þús. evrur.

Verkefni og úthlutanir ársins

Á árinu tók landstengiliður áætlunarinnar og íslenski ráðgjafarhópurinn þátt í mati umsókna í fjórða og fimmta kalli sem nánar er fjallað um hér að neðan. Landstengiliður sótti samráðsfund með starfsfólki áætlunarinnar í Kaupmannahöfn í maí og netviðburði

sem starfsfólkið stóð fyrir ætlaða umsækjendum. Haldið var svokallað verkefnastefnumót um mánaðarmótin okt.-nóv. að Laugarbakka í Miðfirði. Til þess voru boðaðir fulltrúar íslenskra þátttakenda í þeim 27 verkefnum, bæði aðal- og forverkefnum, sem hlotið höfðu stuðning áætlunarinnar. Á verkefnastefnumótinu var farið yfir framvindu áætlunarinnar og þátttöku Íslands í henni og sérstaklega yfir þau gögn og framvinduskýrslur sem þarf að skila vegna útborgunar styrkja. Síðast en ekki síst kynntu verkefnisaðilar þau verkefni sem þeir eru að vinna að en alls voru 17 verkefni kynnt á stefnumótinu.

Á árinu var tekin ákvörðun um styrkveitingar í fjórða og fimmta kalli eftir aðalverkefnum. Fjórða aðalkallið var opið 10. okt. 2023 - 2. febr. 2024 og ákvörðun um styrki tekin á fundi stjórnar áætlunarinnar 29. maí 2024. Alls bárust 19 umsóknir, þar af 14 með íslenskri þátttöku. Samþykkt var að styrkja níu verkefni, þar af sjö með íslenskri þátttöku, þau eru:

Arctic Edge - Supply Chain Integration for Interoperability & Enhanced Resilience of SMEs in remote regions

Þátttakendur eru: Sligo Leitrim ITS Regional Development Projects DAC, operating as the AIM Centre (IE), sem leiðir verkefnið, Seamless Aluminium Ltd (IE), Luleå University of Technology (SE), Centria University of Applied Sciences (FI), North Karelia Chamber of Commerce (FI), Sligo County Council (IE), Good4u (IE) og [Háskóli Íslands – iðnaðarverkefni-, vélaverkefni- og tölvunarfræðideild](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.587 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 100 þús. evrur.

SelfCare - Self Management of Health and Wellbeing in Rural Areas

Þátttakendur eru: Region Västerbotten (SE), sem leiðir verkefnið, University of Limerick (IE) og [Heilbrigðis- og velferðartækniklasi](#) Norðurlands. Heildarkostnaður verkefnisins er 1.018 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

BGN - Bauhaus Goes North

Þátttakendur eru: University College Cork (IE), sem leiðir verkefnið, OULU University of Applied Science (FI), UIT The

Arctic University of Norway (NO), City of Bodø (NO), Umeå University (SE), Cork County Council (IE) og [Grænni byggð](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.633 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 191 þús. evrur.

THREADs - Textile and Habilitment Reuse for the Environment and NPA Area Development

Þátttakendur eru: Kajaani University of Applied Sciences (FI), sem leiðir verkefnið, The municipality of Kittilä (FI), Kiertokaari Ltd (FI), Remiks Husholdning AS (NO), Western Development Commission (IE), University of Borås (SE), Technological University of the Shannon (IE), Luleå Miljöresurs AB (SE) og [Textílmíðstöð Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.505 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 129 þús. evrur.

ArcticSewlutions - Sewage management in cold and sparsely populated regions: solutions for the Arctic in view of a changing climate and emerging contaminants

Þátttakendur eru: University of Oulu (FI), sem leiðir verkefnið, Luleå University of Technology (SE), Technical University of Denmark (GL), Lumire (SE) og [EFLA](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.455 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 130 þús. evrur.

CAP-SHARE - Building Bridges of Shared Capacity between Scientists, Policymakers, and Communities

Þátttakendur eru: [Náttúruvinjasafn Íslands](#), sem leiðir verkefnið, Arctic Frontiers (NO), University of Lapland (FI). Samstarfsaðilar eru einnig [Selasetur Íslands](#), [Húnaflúbburinn](#) og [Húnaþing vestra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 794 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 313 þús. evrur.

NAMRO - Arctic and North Atlantic Mass Rescue Operation Guidelines

Þátttakendur eru: Joint Rescue Coordination Centre Norway (NO), sem leiðir verkefnið, Munster Technological University (IE) og [Landhelgisgæslan](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 207 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 74 þús. evrur.

Fimmta kall eftir aðalverkefnum var opið 11. júní - 30. september 2024, alls bárust 23 umsóknir, þar af 20 með íslenskum þátttakendum. Á fundi stjórnar áætlunarinnar 11. desember 2024 var samþykkt að styðja 16 verkefni, þar af eru 14 með íslenskum þátttakendum, þau eru:

Nordic Bridge - Digital portal for collaborative projects to drive sustainability and innovation

Þátttakendur eru Nord University (NO) sem leiðir verkefnið, Lapland University of Applied Sciences (FI), Bodo Business Forum (NO), Sligo Leitrim ITS Regional Development Projects DAC trading as AIM Centre (IE), Atlantic Technological University (IE), [Háskólinn á Hólum](#) og [Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.456 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 257 þús. evrur.

CyberGrass 2.0 - Innovative tools for farmers to optimize the management of harvested grasslands

Þátttakendur eru Swedish University of Agricultural Sciences (SE) sem leiðir verkefnið, Rural Economy and Agricultural Society Norrbotten- Västerbotten (SE), Natural Resources Institute Finland (FI), Finnish Geospatial Research Institute in National Land Survey of Finland (FI), [Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins](#) og [Svarmi ehf.](#) Heildarkostnaður verkefnisins er 1.131 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

BATTSi - Valorization of Industrial Waste Streams for Battery Grade Silicon

Þátttakendur eru Centria University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, University of Eastern Finland (FI), University of Limerick (IE), Luleå University of Technology (SE), MACON (FI) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.530 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

AMPLE - Advanced Makerspaces for PiLot production by micro-Enterprises

Þátttakendur eru University of Galway (IE) sem leiðir verkefnið, Centria University of Applied Sciences (FI), Oulu University of Applied Sciences (FI), Mint-Tek (IE), Manorhamilton Innovation & Development CLG T/A Future

Cast (IE) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.499 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

InnoGS - Innovation Through Gamification Solutions

Þátttakendur eru Savonia University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Region Västerbotten (SE), Creative Crowd AB (SE), Galway Film Resource Centre CLG t/a Ardán (IE), Humak (FI), Government of Greenland (GL) og Háskóli Íslands. Heildarkostnaður verkefnisins er 1.604 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 160 þús. evrur.

RemoTED - Digital and Technological Social and Healthcare enhanced delivery in Remote areas

Þátttakendur eru Lapland University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, Karelia University of Applied Sciences (FI), Atlantic Technological University (IE) og [Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður er 1.500 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

BOCOD - Boosting Continuity and Digitalisation of Rural Region Businesses

Þátttakendur eru Munster Technological University (IE) sem leiðir verkefnið, Lapland University of Applied Sciences Ltd (FI), Business Joensuu Ltd. (FI), University of Oulu (FI), [Austurbrú](#) og [Vestfjarðastofa](#). Heildarkostnaður er 1.500 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

GIFT - Geographical Indication boosting Food, Non-food and Tourism sectors in Northern areas

Þátttakendur eru University of Helsinki Ruralia Institute (FI) sem leiðir verkefnið, Local Enterprise Office, Donegal County Council (IE), Ministry of Agriculture, Self-Sufficiency, Energy and Environment (GL) og [Íslenskt lambakjöt](#). Heildarkostnaður er 1.027 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 289 þús. evrur.

Sustainable SMEs - Sustainability reporting enhancing SMEs' market reach, competitiveness, and sustainable growth

Þátttakendur eru Jamk University of Applied Sciences (FI) sem leiðir verkefnið, BioFuelRegion (SE), Sligo Leitrim ITS Regional Development Projects DAC, operating as the AIM Centre (IE), Irish Wood and Interiors Network CLG (IE) og

[Háskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.395 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 100 þús. evrur.

RIAQ - Retrofitting for Improved Air Quality: promoting sustainable and healthy homes

Þátttakendur eru University of Oulu (FI) sem leiðir verkefnið, University of Galway (IE), Umeå University (SE), Finnish Institute for Health and Welfare (FI), [Háskóli Íslands](#) og VERKVIST. Heildarkostnaður verkefnisins er 1.496 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 170 þús. evrur.

RETURN - Regenerative Economic Transfers for Universal Resilience in the North

Þátttakendur eru University of Lapland (FI) sem leiðir verkefnið, Munster Technological University (IE), Leave No Trace Ireland (IE), University of Greenland (GL), University of the Faroe Islands (FO), Mid Sweden University (SE) og [Háskólinn á Akureyri](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.600 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 187 þús. evrur.

NACEMAP - Northern and Arctic Communities Emergency Management and Preparedness

Þátttakendur eru Munster Technological University (IE) sem leiðir verkefnið, Laurea University of Applied Sciences (FI), Ambipar Response Ltd (IE), The Finnish National Rescue Association (FI), [Háskólinn á Akureyri](#) og [Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.500 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 198 þús. evrur.

FORESTCARBOVISION - Empowering Communities through Forest Carbon Farming: Building Climate Resilience and Sustainable Resource Management

Þátttakendur eru Natural Resources Institute Finland (FI) sem leiðir verkefnið, UiT, The Arctic University of Norway (NO), Oulu University of Applied Sciences (FI), GREEN SKIBBEREEN (IE), og [Landbúnaðarháskóli Íslands](#). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.199 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 212 þús. evrur.

REGENERATE - Regenerative Tourism in the Northern Periphery and Arctic for building resilient communities and preserving the unique heritage of the region

Þátttakendur eru [Visit Reykjanes](#) sem leiðir verkefnið, [Reykjanes jarðvangur](#), Olemisen Balanssia ry (FI), Karelia University of Applied Sciences (FI), Gold of Lapland economic association (SE) og Cuilcagh Lakelands UNESCO Global Geopark (IE). Heildarkostnaður verkefnisins er 1.194 þús. evrur og þar af er íslenski hlutinn 200 þús. evrur.

Frekari upplýsingar um verkefnin má nálgast á [heimasíðu Byggðastofnunar](#) og um öll verkefni áætlunarinnar á [heimasíðu hennar](#).

Öflug íslensk þátttaka

Það sem af er þessu áætlunartímabili 2021-2027 hefur þátttaka íslenskra aðila verið mjög öflug. Af 79 umsóknum um aðalverkefni hafa íslenskir þátttakendur verið í 57 þeirra eða í ríflega 72% tilvika. Þegar kemur að samþykktum verkefnum er hlutfallið enn hærra en þar hafa íslenskir aðilar verið meðal þátttakenda í 34 af 41 verkefni sem samþykkt hefur verið að styrkja eða í tæplega 83% tilvika. Í þessum verkefnum er heildarverkefniskostnaður 47,5 milljónir evra og þar af er kostnaður íslensku þátttakendanna 6,5 milljónir evra.

Vegna þessarar öflugu þátttöku íslenskra aðila í áætluninni hefur gengið hratt á íslenska framlagið og þegar kom



að seinni úthlutun ársins voru einungis eftir rúmar 400 þús. evrur af 2,6 millj. evra framlagi Íslands til verkefna áætlunarinnar. Til að tryggja virka þátttöku af öllu áætlunarsvæðinu ákváðu ESB löndin Svíþjóð, Finnland og Írland í áætluninni að fjármagna þátttöku frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi kæmi sú staða upp að fjármunir landanna dygðu ekki. Þetta þýddi að þegar ákvarðanir höfðu verið teknar um styrkveitingar til einstakra verkefna hafði verið ráðstafað um 1,3 millj. evra til íslenskra þátttakenda af fjármunum ESB landanna. Hér er um verulegt fjármagn að ræða ef horft er til heildarupphæðar íslenska framlagsins til áætlunarinnar allt sjö ára tímabilið 2021-2027. Um leið er þetta til marks um þau verðmæti sem í þessu alþjóðlega samstarfi felast og ástæða til að þakka þann rausnarskap sem í ákvörðuninni er fólgin af hálfu ESB landanna. Ljóst er að óbreyttu að frekari þátttaka íslenskra aðila í verkefnum er alfarið háð því að framhald verði á þessum stuðningi ESB landanna í áætluninni.



Þingeyri.

NorValue – Sustainable Value Chains in Nordic Coastal Communities

NORVALUE er samstarfsverkefni Íslands, Grænlands, Færeyja og Noregs, fjármagnað af Norrænu ráðherra-nefndinni og danska ríkinu. Verkefnið varð til í formennskutíð Danmerkur og var hluti af formennskuáætlun þeirra. Háskóli Grænlands í Nuuk leiðir verkefnið, en auk hans er hugmynda- og fræðileg vinna á vegum háskólans í Hróarskeldu. Byggðastofnun tekur þátt í þessu verkefni af Íslands hálfu ásamt Grétari Þór Eypórssyni prófessor við HA. Heildarfjármagn þessa verkefnis eru um 5 milljónir danskra króna. Verkefnið hófst formlega í ársbyrjun 2020 og lauk í árslok 2024.

Í verkefninu er skoðað hvaða áhrif breytingar á atvinnu-háttum hafa haft í sjávarbyggðum af tiltekinni stærð. Hvert land tekur fyrir tvö byggðarlög/bæi sem byggja eða hafa byggt á sjávarútvegi. Hugtök eins og virðiskeðja (*value chain*) og viðnámsþróttur (*resilience*) eru mikilvæg rannsóknarhugtök í þessu verkefni. Niðurstöður eru bornar saman milli landanna fjögurra, hvaða þættir eru sameiginlegir og hverjir ekki. Hvað ákvarðar velgengni og hvað hefur áhrif til hins verra?

Tvö byggðarlög, eða bæir, eru til skoðunar í íslenska hluta verkefnisins. Það eru Siglufjörður og Ólafsfjörður. Árið 2021 var viðhorfskönnun lögð fyrir úrtak íbúa þessara bæja þar sem meðal annars var spurt um afstöðu til aðgerða stjórnvalda í formi sameiningar sveitarfélaga í Fjallabyggð 2006, til opunar Héðinsfjarðarganga 2010, tilkomu Menntaskólans á Tröllaskaga og uppbyggingar í atvinnulífi. Niðurstöðum könnunarinnar voru gerð skil í skýrslunni [Value Chains and Resilient Coastal Communities in the Nordic Atlantic](#).

Sumarið 2022 voru tekin viðtöl og haldnir fundir með rýni-hópum á Siglufirði og Ólafsfirði. Eitt af því sem kom í ljós í viðhorfskönnuninni frá árinu 2021 er að íbúar á Ólafsfirði eru almennt neikvæðari gagnvart þeim breytingum sem hafa orðið í atvinnulífi og samfélagi, árin frá sameiningu og eldri íbúar eru neikvæðari en þeir yngri. Ólafsfirðingar telja einnig að þjónusta í þeirra bæ hafi farið aftur við samein-

inguna. Þessar skoðanir komu einnig sterkt fram á fundum og í viðtölum ársins 2022. Síðari skýrslan kom út í nóvember 2024 og ber heitið [Open local communities in the Nordic Atlantic](#).

ESPON

ESPON er ein af áætlunum ESB um milliríkjasamstarf sem Ísland er þátttakandi í ásamt öllum 27 aðildarríkjum ESB auk Noregs, Liechtenstein og Sviss. ESPON, stendur fyrir European Territorial Observatory Network, miðar að því að efla umfang og gæði byggðarannsóknna í löndum Evrópu og greiða aðgengi opinberra stjórnvalda að áreiðanlegum og vönduðum gögnum og rannsóknarniðurstöðum, til notkunar í opinberri stefnumótun innan byggðamála.

Ísland hefur tekið þátt í ESPON-áætluninni frá árinu 2007. Fulltrúar Byggðastofnunar sitja bæði í stýrinefnd ESPON (Monitoring Committee-MC) og sem landstengiliðir (National Contact Point-ECP) fyrir Íslands hönd. Helstu verkefni ESPON á árinu 2024 voru uppgjör á fráfarandi áætlun, ESPON 2014 – 2020 og áframhaldandi mótun nýrrar áætlunar ESPON 2030.

Hin nýja starfsáætlun var sett af stað undir lok árs 2022. Í henni er tekin upp ný nálgun þar sem allar niðurstöður,



Í Öxnadal.

rannsóknir og viðburðir innan ESPON þurfa að falla innan ákveðinna áhersluþemaaflokka (e. Thematic Action Plans, TAPs) sem skilgreindir eru af stýrinednd áætlunarinnar út frá þörfum þátttökulandanna, vísindasamfélagsins og annarra hagsmunaaðila. Áhersluþemun verða tíu en átta þeirra eru komin í gagnið:



Fulltrúar Byggðastofnunar á ráðstefnu í Noregi á vegum ESPON.



Mynd 18. Áhersluþemaaflokkar ESPON.

Megináherslur rannsókna eru sem fyrr hagnýtar rannsóknir á byggðapróun (Applied research) og verkefnaíðaðar greiningar (Targeted Analysis). Þær síðarnefndu byggja á óskum hagaðila hverju sinni og geta þeir sent inn óskir um viðfangsefni í gegnum ESPON heimasíðuna. Allar rannsóknaniðurstöður, gögn, kort og aðrar upplýsingar sem framleiddar eru á vegum ESPON eru öllum aðgengilegar í gegnum heimasíðu ESPON www.espon.eu og í gagnatorgi ESPON, ESPON PORTAL. Þar er hægt að skoða öll kort ESPON og fletta upp rannsóknaniðurstöðum eftir málefnum, gagnasöfnum og/eða löndum. Þetta þýðir að þó svo að rannsóknir og viðfangsefni ESPON ráðist af þörfum stjórnvalda og hagaðila innan þátttökulanda áætlunarinnar hverju sinni, þá geta allir hagnýtt sér niðurstöðurnar, s.s. vísindasamfélagið, háskólar, ráðgjafar, fyrirtæki, félagasamtök, fréttamiðlar og almenningur.

Þrír fulltrúar frá Byggðastofnun tóku þátt í ESPON ráðstefnu í Trýsil í Noregi í september 2024, þar sem m.a. var varpað ljósi á ýmis byggðatengd málefni s.s. þróun dreifðra byggða, stuðning og ívilnanir vegna búsetu og atvinnulífs, áhrif lýðfræðilegra breytinga á byggð og búsetuskilyrði. Ýmsar aðgerðir og áætlanir innan Evrópusambandsins voru kynntar s.s. Interreg áætlunin, þar sem m.a. eru veittir

styrkir til samstarfsverkefna yfir landamæri, svokallaðra „crossborder“ verkefna þar sem byggðarlög vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, gjarnan á mörkum landamæra. Í þeirri áætlun er áhersla lögð á að fulltrúar byggðarlaga og íbúar komi að stefnumótun og framkvæmd verkefna. Einnig voru haldnar vinnustofur þar sem farið var yfir áskoranir sem við þeim blasa og sóknarfæri sem fólgin eru í búsetu á strjálbýlum svæðum.

Upplifun þátttakenda frá Byggðastofnun eftir ráðstefnuna er að svo virðist sem vaxandi skilningur á mikilvægi smærri byggðarlaga ríki í Evrópu. Þrátt fyrir að fækkun íbúa og lýðfræðilegar breytingar, s.s. varðandi aldurssamsetningu, blasi víða við þá eru ýmis tækifæri fólgin í hinum dreifðu byggðum og þær ríkar af auðlindum. Miklu skiptir að stefnumörkun á hverjum stað sé unnin með íbúum, byggt sé á sérstöðu hvers svæðis og þarfir íbúa og samfélags séu kjarninn í allri ákvörðunartöku og samfélagsþróun. Hér eru lykilhugtökinn traust, samheldni og samvinna. Auk þess er það forgangsmál í samstarfsverkefnum í dreifum byggðum að byggja upp hæfni og getu íbúanna sjálfra til að hafa áhrif á þróun samfélagsins. Að hugsa stórt á litlu stöðunum – það skiptir öllu máli.

Samfélagsmiðlar Byggðastofnunar


Hjá Byggðastofnun er lögð áhersla á sýnileika stofnunarinnar og að kynna verkefni hennar með markvissum hætti. Umsjón miðla og kynningarmála Byggðastofnunar er í höndum „miðlateymis“ sem skipað er af forstjóra hverju sinni og heyrir undir hann. Miðlateymi sér um samskipta- og upplýsingamál og samhæfða og áreiðanlega upplýsingamiðlun um Byggðastofnun og starfsemi hennar.

Allt kynningarstarf og allir samfélagsmiðlar sem starfræktir eru undir nafni eða merki Byggðastofnunar skulu leitast við að veita skýrar og greinargóðar upplýsingar, deila uppbyggjandi og jákvæðu efni.


Markmið Byggðastofnunar á samfélagsmiðlum er að vekja athygli fjölmiðla og almennings á hlutverki stofnunarinnar og þeirri fjölbreyttu starfsemi sem fer þar fram. Auk þess að hvetja til umræðu um byggðamál og að ábendingum sé komið á framfæri eftir atvikum. Þá þykir einnig mikilvægt að fjölga þjónustuleiðum sem notendum standa til boða og að nota fjölbreyttar leiðir miðlunar til að auglýsa fræðslufundi, viðburði og fleira og ná þannig til ólíkra markhópa, svo sem eftir aldri og áhugasviðum.



Listaverkið Orbis et Globus í Grímsey.



<https://www.facebook.com/byggdastofnun>



<https://www.instagram.com/byggdastofnun>

ÁRIÐ Í MYNDUM



Á Sólheimum í Grímsnesi.



Frá ársfundi 2024.



Heimsókn í Reykhólahreppi.



Starfsfólk á starfsdegi.

ÁRÍÐ Í MYNDUM



Heimsókn í Hallormsstaðaskóla.



Á Vestfjörðum með framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu og forsvarsmönnum stúdentagarða.



Íbúafundur á Stöðvarfirði.



Þátttakendur Nordregio vinnustofu í Osló.



Frá íbúafundi Betri Bakkafjarðar.



Fuglaskoðunarskýlið Stélið í Finnfirði.



Nemendur og starfsfólk frá Háskólasetri Vestfjarða í heimsókn.



Afhending á stóra neyðarkallinum.



Heimsókn í Eiríksstaði í Dölum.



Stjórnendur á ferð og flugi.



Frá ársfundi 2024 í Bolungarvík.


ÁRIÐ Í MYNDUM



Heimsókn í Laxey.



Heimsókn í Örnú.



Frá ársfundi 2024.



Heimsókn í Drimlu.


ÁRIÐ Í MYNDUM



Heimsókn í Dalabyggð.



Heimsókn frá sendiherra ESB.



Ársfundur 2024.




Innlit hjá Jakobi Valgeiri.



Jólapeysudagur.





ÁRSREIKNINGUR BYGGÐASTOFNUNAR 2024

SKÝRSLA STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR OG FORSTJÓRA.....	64
ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA	70
YFIRLIT UM AFKOMU.....	77
EFNAHAGSREIKNINGUR	78
SJÓÐSTREYMI.....	79
YFIRLIT UM BREYTINGU EIGIN FJÁR.....	81
SKÝRINGAR.....	82
VIÐAUKI (ÓENDURSKOÐAÐUR)	
STJÓRNARHÁTTARYFIRLÝSING.....	115

SKÝRSLA STJÓRNAR BYGGÐASTOFNUNAR OG FORSTJÓRA

Hlutverk

Um stofnunina gilda lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök sveitarfélaga, sveitarfélög og aðra haghafa. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hefur með henni eftirlit eins og nánar er kveðið á um í lögum.

Rekstur ársins 2024

Ársreikningur Byggðastofnunar fyrir árið 2024 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS").

Samkvæmt rekstrarreikningi var afkoma jákvæð um 1.305 m.kr. en til samanburðar var afkoma jákvæð um 704 m.kr. árið 2023. Eigið fé í lok desember 2024 samkvæmt efnahagsreikningi var 6.003 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 23,17% en var 22,64% í lok árs 2023.

Efnahagur stofnunarinnar nam í lok desember 2024 30.117 milljónum króna og hefur hækkað um 4.782 milljónir króna frá árslokum 2023. Stærsti einstaki liðurinn á eignahlið efnahagsreiknings eru útlán til viðskiptavina og námu þau 25.061 milljónum króna og höfðu hækkað um 2.989 milljónir króna frá árslokum 2023. Handbært fé í lok desember 2024 nam 2.637 milljónum króna, en var 927 milljónir króna í árslok 2023. Lántökur og skuldabréfaútgáfur námu 23.406 milljónum króna og höfðu hækkað um 3.505 milljónir króna á árinu. Aðrar skuldir námu 708 milljónum króna og höfðu lækkað um 28 milljónir króna. Ný útlán á árinu 2024 námu 4.336 milljónum króna á móti 3.172 milljónum króna árið 2023.

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem innleiða tilskipun 2013/36/ESB (CRD IV), og reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sem hefur verið veitt lagagildi hér á landi ásamt síðari breytingum, kveða á um lagalegar kröfur til eiginfjárstofnunarinnar. Lágmarkskrafa um eiginfjárlutfall undir stoð I er 8% af áhættugrunni fyrir útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu. Skv. breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem samþykkt voru á Alþingi 15. júní 2022 og tóku gildi 1. júlí 2022 gildir X. kafli um eiginfjárauka ekki um Byggðastofnun og er stofnunin því undanþegin kröfum um sveiflujöfnunar- og verndunarauka frá þeim tíma.

Stjórnarhættir

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Á ársfundi stofnunarinnar 17. apríl 2024 skipaði innviðaráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2025. Í stjórnina voru skipuð Óli Halldórsson stjórnarformaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir, varaformaður, Halldóra Kristín Hauksdóttir, Haraldur Benediktsson, Karl Björnsson, María Hjálmarsdóttir og Oddný Árnadóttir. Á sama tíma voru sjö varamenn skipaðir, þau Álfhildur Leifsdóttir, Sigrún Birna Steinarsdóttir, Rúnar Þór Guðbrandsson, Lilja Björg Ágústsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Jónína Björk Óskarsdóttir. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Fjármálaeftirlit SÍ metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Á árinu 2024 hélt stjórn Byggðastofnunar fjórtán stjórnarfundi. Fundargerðir stjórnar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar, en úr þeim útgáfum eru fjarlægðar allar upplýsingar sem falla undir 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Stjórn samþykkti stjórnháttaryfirlýsinu 1. nóvember 2023. Er yfirlýsingin birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Í 4. gr. laga um Byggðastofnun er nánar kveðið á um verkefni stjórnar. Stjórn hefur sett sér reglur um störf sín og voru þær síðast endurskoðaðar 24. nóvember 2023.

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn hefur skilgreint hlutverk regluvarðar. Hjá stofnuninni

starfar lánanefnd sem fjallar um allar lánsumsóknir, sölu fullnustueigna og hlutafjár auk þess að gera tillögu til stjórnar um sölu hlutabréfa, fullnustueigna og afgreiðslu lánamála yfir sínum heimildamörkum. Þá eru til staðar hjá stofnuninni aflamarksnefnd, áhættumatsnefnd, vanskilafundir og öryggisnefnd sem settar hafa verið verklagsreglur um. Í verklagsreglum um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar. Voru reglurnar síðast uppfærðar og samþykktar af stjórn á fundi hennar 26. september 2024.

Í umboði stjórnar starfar endurskoðunarnefnd sem hefur lögbundið eftirlitshlutverk með endurskoðun stofnunarinnar. Endurskoðunarnefnd skal aðstoða stjórn við að uppfylla skyldur sínar með því að starfa sem óháður og hlutlægur aðili sem hefur eftirlit með reikningsskilaferli stofnunarinnar og innra eftirliti hennar ásamt störfum ytri og innri endurskoðenda stofnunarinnar eins og nánar er tilgreint í verklagsreglum hennar og í samræmi við 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar og skal nefndin svara beint til stjórnar. Hún skal skipuð þremur aðilum eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum Byggðastofnunar og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður Byggðastofnun. Á fundi stjórnar 6. júní 2024 voru Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, Ása Kristbjörg Karlsdóttir og María Hjálmarsdóttir skipuð í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar til eins árs og Halldóra Kristín Hauksdóttir til vara.

Stjórn skipar regluvörð samkvæmt erindisbréfi og kemur regluvörður að lágmarki einu sinni á ári fyrir stjórn og kynnir skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra. Þá hefur stjórn einnig skipað persónuverndarfulltrúa skv. erindisbréfi.

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól PricewaterhouseCoopers ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2018-2024. Á árinu 2024 bauð Ríkisendurskoðun út endurskoðun Byggðastofnunar fyrir rekstrarárin 2025-2029 og samdi í kjölfarið við Grant Thornton endurskoðun ehf.

Byggðastofnun er undanþegin rekstri á innri endurskoðunardeild skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020. Árið 2020 var samningurinn við KPMG framlengdur til ársins 2025.

Verkefni forstjóra eru nánar tilgreind í 5. gr. laga um Byggðastofnun og í erindisbréfi ráðherra.

Stofnunin skiptist í fjögur svið, fyrirtækjasvið, lögfræðisvið, rekstrarsvið og þróunarsvið. Fjöldi starfsmanna í lok desember var 26 í jafnmörgum stöðugildum.

Áhættustýring

Skv. niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar sem mælt er fyrir um á stjórn Byggðastofnunar.

Skv. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi og takmarkar það áhættuvilja hennar, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Núgildandi áhættustefna Byggðastofnunar var staðfest af stjórn í október 2024.

Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstöðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjáraáhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa flestir ferlar verið skráðir. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Hafa úttektir sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar.

Í samræmi við 78. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2023. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Fjármögnun

Skv. Fjárlögum 2024 hafði Byggðastofnun 3.000 m.kr. lántökuheimild á árinu 2024 en með Fjárukalögum sem samþykkt voru 18. nóvember 2024 var lántökuheimildin hækkuð í 5.000 m.kr. Stofnunin nýtti sér 4.965 m.kr. af heimildunum með lántöku hjá Endurlánum ríkissjóðs á árinu.

Á árinu 2025 hefur stofnunin 5.000 m.kr. lántökuheimild skv. Fjárlögum 2025.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf samkvæmt**66. gr. d laga nr. 3/2006 um ársreikninga**

Byggðastofnun telst til eininga tengdum almannahagsmunum eins og hugtakið er skilgreint í lögum um ársreikninga nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Stjórn Byggðastofnunar hefur sett sér starfsreglur eins og að framan greinir, þar er m.a. kveðið á um að stjórnarformanni í Byggðastofnun sé óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir stofnunina en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti hans sjálfs, fyrirtækis sem hann á virkan eignarhlut í, situr í stjórn, er í forsvari fyrir, er starfsmaður við eða á verulegra hagsmuna að gæta í eða telst að öðru leyti innherji í, svo og varðandi samkeppnisaðila slíkra fyrirtækja. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls sem tengist aðila sem er venslaður stjórnarmanni persónulega eða fjárhagslega. Aðalmenn og varamenn í stjórn Byggðastofnunar, eða fyrirtæki sem þeir eiga eða eru í forsvari fyrir, skulu ekki sækja um lán og/eða styrki hjá stofnuninni. Öll önnur viðskiptaerindi stjórnarmanna og/eða varamanna, og fyrirtækja sem þeir kunna að eiga eða vera í forsvari fyrir skulu lögð fyrir stjórn.

Stjórn samþykkti stefnu um mat á hæfi stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar á fundi 24. nóvember 2023. Tilgangur þessarar stefnu er að tryggja að Byggðastofnun uppfylli á hverjum tíma kröfur viðeigandi laga, reglna, viðmiða og leiðbeininga um mat á hæfi stjórnarmanna og forstjóra Byggðastofnunar að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs reksturs, til þess meðal annars að framfylgja viðmiðum um góða stjórnarhætti og auka trúverðugleika stofnunarinnar.

Stjórn Byggðastofnunar samþykkti siðareglur á fundi 1. nóvember 2023 sem gilda um stjórn og starfsmenn. Siðareglur minna starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og

aðra þá sem starfa í umboði hennar á víðtækar og strangar siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðugleika sem stofnuninni er nauðsynlegt að hafa.

Byggðastofnun fylgir lögum, reglum og samningum sem snerta jafnréttismál og gilda á hverjum tíma. Byggðastofnun er vinnustaður þar sem starfsfólk er metið á eigin forsendum, hefur jafna möguleika og sömu réttindi í starfi og til starfsframa. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar er ætlað að stuðla að jöfnum rétti og stöðu kynja innan stofnunarinnar og samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í starfi og stefnumótun Byggðastofnunar. Jafnréttisáætlun Byggðastofnunar nær til allrar starfsemi hennar.

Í lok árs 2023 veitti Jafnréttisstofa Byggðastofnun heimild til að nota jafnlaunamerkið árin 2024-2027. Í því fólst staðfesting á að Byggðastofnun hafi fengið vottun á jafnlaunakerfi sínu samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og uppfyllti öll skilyrði staðalsins. Með því er staðfest að launaákvæðanir séu kerfisbundnar, að fyrir hendi sé jafnlaunakerfi samkvæmt kröfum jafnlaunastaðals og að reglubundið er fylgst með því hjá stofnuninni að starfsfólk sem vinnur sömu eða jafnverðmæt störf hafi sambærileg laun óháð kynferði.

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Umhverfis- og samfélagsstefna og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar.

Byggðastofnun steig sín fyrstu skref í að uppfylla kröfur laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar og reglugerð ESB nr. 2020/852. Stofnunin hefur sett sér loftslagsstefnu og umhverfis og samfélagsstefnu eins og áður segir. Stofnunin býður upp á lánaflokk sem kallast Græn lán. Lán þessi eru veitt til verkefna sem með einum eða öðrum hætti stuðla að umhverfisvernd, s.s. nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa (smávirkjana, vatns-, vind- og sólarorku, lífgas), bættrar orkunýtni (í iðnaði, húsnæði og í samgöngum), mengunarvarna, bættrar auðlindanotkunar (söfnun úrgangs, meðhöndlun, endurvinnsla, endurnotkun, orkuvinnsla, meðferð spilliefna), lífrænnar matvælaframleiðslu o.s.frv. Í lok desember 2024 voru kröfuvirði Grænna lána 724 m.kr. Byggðastofnun stefnir að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um samtals 30% miðað við árið 2019. Byggðastofnun stefnir að því að kolefnisjafna þá losun sem eftir stendur frá árinu 2020. Byggðastofnun mun fyrst og fremst leggja áherslu á að draga úr losun í rekstri en einnig kolefnisjafna alla eftirstandandi losun með t.d. samning um skógrækt hjá viðurkenndum aðila eða kaupum á vottuðum kolefniseiningum. Gert er ráð fyrir að á árinu 2026 verði upplýsingar birtar í ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2025.

Áhrif náttúruhamfara á Reykjanesskaga

Byggðastofnun hefur metið áhrif náttúruhamfaranna í Grindavíkurbæ á rekstur og efnahag stofnunarinnar og telur að þau hafi ekki áhrif á rekstur stofnunarinnar. Nánar er fjallað um áhrifin og viðbrögð stofnunarinnar í skýringu 23 í ársreikningnum.

Framtíðarhorfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl í landsbyggðunum.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Hann er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (IPSAS) sem eru í gildi í lok desember 2024.

Jafnframt er það álit okkar að årsreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri stofnunarinnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem stofnunin býr við.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að årsreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og afkomu Byggðastofnunar árið 2024 í samræmi við ákvæði í lögum um opinber fjármál.

Stjórn Byggðastofnunar og forstjóri fjölluðu um årsreikninginn fyrir árið 2024 á fundi þann 27. febrúar 2025 og staðfestu hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki 27. febrúar 2025

Óli Halldórsson, formaður

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Arnar Már Elíasson, forstjóri

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnunar

Álit með fyrirvara

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Byggðastofnunar fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar, ef frá eru talin áhrif þeirra atriða sem nefnd eru í kaflanum grundvöllur álits með fyrirvara, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2024, efnahag hennar 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miðað við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem „IPSAS“).

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar.

Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra.
- Yfirlit um afkomu fyrir árið 2024.
- Efnahagsreikning þann 31. desember 2024.
- Sjóðstreymi fyrir árið 2024.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla stjórnar og forstjóra, viðauki við ársreikning um stjórnarháttayfirlýsingu og ársskýrsla eru undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits með fyrirvara

Afskriftarreikningur útlána til viðskiptavina í upphafi árs 2024 nam að fjárhæð 1.096 milljónum króna og á árinu 2024 er framlag í afskriftarreikning útlána, lánsloforða og annarra krafna að fjárhæð 277 milljónum króna tekjufært í rekstrarreikningi. Okkur var mögulegt að afla nægjanlegra endurskoðunargagna til að endurskoða mat afskriftarreiknings útlána til viðskiptavina í lok árs 2024 en það var ekki möguleiki að endurskoða hann í upphafi árs 2024. Þar sem afskriftarreikningur útlána til viðskiptavina

hefur áhrif á framlag í afskriftarreikning útlána, lánsloforða og annarra krafna getum við ekki lagt mat á hvort að viðeigandi hefði verið að færa leiðréttingar sem hefðu áhrif á afkomu ársins, handbært fé til rekstrar á árinu eða afskriftarreikning útlána til viðskiptavina og eigið fé í upphafi árs.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði

Við erum óháð stofnuninni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt stofnuninni er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Við höfum ekki veitt stofnuninni aðra þjónustu en endurskoðun á árinu 2024. Sjá nánar í skýringu nr. 5.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar árið 2024. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild. Til viðbótar því sem greint er frá í grundvelli álits með fyrirvara höfum við skilgreint neðangreint atriði sem lykilatriði endurskoðunar.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Virðisrýrnunarsjóður á útlánum til viðskiptavina

Sjá nánar skýringar nr. 2 (k) „Mikilvægar reikningsskila-aðferðir - afskriftarreikningur útlána, lánsloforða og annarra krafna“, nr. 14 „Útlán til viðskiptavina“ og nr. 22 „Áhættustýring - Útlán til viðskiptavina“.

Virðisrýrnunarsjóður á útlánum til viðskiptavina stofnunarinnar nam 843 milljónum króna þann 31. desember 2024. Útlán til viðskiptavina námu 25.904 milljónum króna eða 86% af heildareignum þann 31. desember 2024.

Fjárhæð virðisrýrnunar útlána byggir á forsendum sem margar hverjar eru háðar mati stjórnenda. Við mat á væntu útlánatapi (ECL) notar stofnunin líkan um framtíðarhorfur í samræmi við alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem “IPSAS”). Mikilvægar forsendur við mat eru:

- líkur á alvarlegum vanskilum og framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina,
- hvernig breytingar á efnahagsþáttum hafa áhrif á vænt útlánatap
- mat á tryggingum

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og einnig vegna þess hve útlán eru stór hluti efnahagsreiknings stofnunarinnar teljum við mat á virðisrýrnun útlána til viðskiptavina vera lykilatriði endurskoðunar.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun okkar samanstóð af bæði aðgerða-endurskoðun á innra eftirliti stofnunarinnar á útlána-ferlinu og gagnaendurskoðun á virðisrýrnunarsjóði.

Við öfluðum skilnings á útlánaferlinu, útlánaáhættu og virðisrýrnunarmatinu á útlánum til viðskiptavina.

Við framkvæmdum prófanir á virðisrýrnunarlíkan stofnunarinnar og yfirlitum og lögðum mat á aðferðafræði og forsendur sem notaðar eru fyrir útreikning á væntu útlánatapi (ECL). Við yfirlitum líkan stofnunarinnar til hliðsjónar við kröfur sem gerðar eru í stöðlum.

Endurskoðun okkar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- forsendur sem notaðar eru í líkani fyrir væntu útlánatapi (ECL) til þess að meta líkur á vanskilum og framtíðar sjóðstreymi viðskiptavina voru yfirfarnar og sannprófaðar;
- skráning og mat á tryggingum sem stuðst er við útreikning á væntu útlánatapi (ECL) var yfirfarin;
- helstu afstemmingar voru yfirfarnar;
- úrtaksprófunum úr útlánum þar sem forsendur sem notaðar eru í líkani fyrir vænt útlánatap (ECL) voru yfirfarnar, þar með talið skoðun á forsendum sem notast er við flokkun lána niður á þrep ásamt mati á tryggingum og lánshæfi;
- framkvæmdum sjálfstæða endurútreikninga á væntu útlánatapi (ECL) á úrtaki útlána;

Skýringar vegna virðisrýrnunarsjóðs voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla stjórnar og forstjóra og viðauki við ársreikning um stjórnarháttayfirlýsingu, sem lágu fyrir við áritun okkar.

Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársskýrsla Byggðastofnunar. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu stjórnar og forstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi stofnunarinnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem til-greindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar og forstjóra hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reiknings-skilastaðla fyrir fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrar-grunn og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum stofnunarinnar að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning stofnunarinnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa stofnunina upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi stofnunarinnar. Stjórnendum stofnunarinnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álini okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunar-gagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álini okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað affölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi stofnunarinnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að stofnunin verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við

höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum fyrst tilnefnd sem endurskoðendur stofnunarinnar af Ríkisendurskoðun sbr. 7. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga í desember 2018. Tilnefning okkar var samþykkt í janúar 2019 og hefur verið staðfest árlega síðan þá. Við höfum því verið endurskoðendur stofnunarinnar samfelld í sjö ár.

Reykjavík, 27. febrúar 2025.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi



YFIRLIT UM AFKOMU

		2024	2023
	Skýr.		
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum til viðskiptavina reiknaðar með aðferð virkra vaxta.....		2.573.682	2.600.308
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....		77.468	77.487
Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum.....		19.297	28.847
		<u>2.670.446</u>	<u>2.706.642</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....		<u>1.345.188</u>	<u>1.463.293</u>
Hreinar vaxtatekjur		<u>1.325.258</u>	<u>1.243.349</u>
Aðrar rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	6	453.500	456.800
Gengismunur.....	7	2.367	1.318
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa.....		52.510	16.919
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga.....		46.556	(3.437)
Tekjur af fullnustueignum.....	13	0	4.395
Aðrar tekjur.....	8	188.771	180.940
		<u>743.704</u>	<u>656.934</u>
Hreinar rekstrartekjur		<u>2.068.962</u>	<u>1.900.283</u>
Önnur rekstrargjöld			
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa.....		240.500	245.200
Veittir aðrir styrkir.....		121.325	100.590
Laun og launatengd gjöld.....	3,4	436.977	441.086
Annar rekstrarkostnaður.....		216.095	181.663
Rekstrarkostnaður fullnustueigna.....	13	1.925	2.485
Endurmat fullnustueigna.....		0	37.233
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	15	24.354	24.354
Framlög í afskriftareikning útlána, lánsloforða og annarra krafna.....	22	(276.899)	164.172
		<u>764.277</u>	<u>1.196.783</u>
Afkoma ársins		<u>1.304.685</u>	<u>703.500</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR

		31.12.2024	31.12.2023
	Skýr.		
Eignir			
Handbært fé.....	9	2.636.872	926.930
Markaðsskuldabréf.....	10	355.927	340.013
Aðrar kröfur.....		4.639	25.296
Hlutabréf.....	11	332.572	285.687
Fullnustueignir.....	13	10	10
Hlutdeildarfélög.....	12	968.970	904.568
Útlán til viðskiptavina.....	14	25.060.931	22.071.447
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	15	757.442	781.796
Eignir samtals		30.117.363	25.335.747
Skuldir og eigið fé			
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	16	23.406.323	19.901.162
Óráðstöfuð framlög.....		563.986	529.287
Aðrar skuldir.....		144.030	206.960
Skuldir samtals		24.114.339	20.637.408
Eigið fé			
Eiginfjárframlag.....		7.800.000	7.800.000
Uppsöfnuð afkoma.....	2,17	(1.796.976)	(3.101.661)
Eigið fé samtals		6.003.024	4.698.339
Skuldir og eigið fé samtals		30.117.363	25.335.747

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma tímabilsins.....		1.304.685	703.500
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Hreinar vaxtatekjur.....		(1.325.258)	(1.243.349)
Gengismunur.....		(2.367)	(1.318)
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa.....		(52.510)	(16.919)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага.....		(46.556)	3.437
Endurmat fullnustueigna.....		0	37.233
Hagnaður af sölu hlutabréfa.....		(884)	0
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	15	24.354	24.354
Framlög í afskriftareikning útlána, lánsloforða og annarra krafna.....	22	(276.899)	164.172
		<u>(375.435)</u>	<u>(328.889)</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Afborganir útlána.....		2.045.370	1.667.310
Veitt lán.....		(4.336.205)	(3.171.593)
Kaup og sala fullnustueigna.....		0	34.100
Aðrar kröfur.....		(20.658)	54.710
Aðrar skuldir.....		(62.929)	(29.200)
Óráðstöfuð framlög.....		34.699	(152.182)
		<u>(2.715.158)</u>	<u>(1.925.743)</u>
Innborgaðir vextir.....		2.113.551	1.966.158
Greiddir vextir.....		(1.141.899)	(961.056)
Mótttekinn arður.....		8.743	6.885
Handbært fé til rekstrar		<u>(1.734.762)</u>	<u>(913.756)</u>

Fjárfestingarhreyfingar

Hlutabréf.....	(11.338)	0
Fjárfestingarhreyfingar	(11.338)	0

Fjármögnunarhreyfingar

Afborganir af lántökum.....	(1.491.345)	(1.353.192)
Nýjar lántökur.....	4.965.395	1.516.250
Fjármögnunarhreyfingar	3.474.050	163.058

Hækkun (lækkun) á handbæru fé	1.727.950	(750.698)
Gengismunur á handbæru fé.....	(18.008)	(8.709)
Handbært fé í ársbyrjun	926.930	1.686.337
Handbært fé í lok ársins.....	2.636.872	926.930

Fjárfestingarhreyfingar án greiðsluáhrifa

Sala fullnustueigna og lánveiting fyrir söluverð.....	23.000	36.900
---	--------	--------

Fjármögnunarhreyfingar án greiðsluáhrifa

Uppgreiðsla eldri lántöku með nýrri lántöku.....	0	0
--	---	---

YFIRLIT UM BREYTINGU EIGIN FJÁR

	Skýr.	Eiginfjár- framlag	Uppsöfnuð afkoma	Eigið fé samts
Eigið fé 1. janúar 2023.....		7.800.000	(3.805.161)	3.994.839
Afkoma ársins 2023.....			703.500	703.500
Eigið fé 31. desember 2023.....		<u>7.800.000</u>	<u>(3.101.661)</u>	<u>4.698.339</u>
Afkoma 2024.....			1.304.685	1.304.685
Eigið fé 31. desember 2024.....		<u>7.800.000</u>	<u>(1.796.976)</u>	<u>6.003.024</u>

SKÝRINGAR

1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi auk þess að fylgjast með þróun byggðar á Íslandi, annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu. Lögheimili stofnunarinnar er að Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a) Yfirlýsing um samræmi

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Hann er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS") sem voru í gildi í árslok 2024.

Stjórn og forstjóri Byggðastofnunar staðfestu ársreikninginn þann 27. febrúar 2025.

b) Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að undanskildum færslu hlutabréfa á gangvirði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

c) IPSAS-staðlar sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi

Nokkrir IPSAS-staðlar hafa verið gefnir út en hafa ekki tekið gildi fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2024. Þessum stöðlum var ekki beitt við gerð ársreiknings Byggðastofnunar fyrir árið 2024. Staðlarnir eru eftirfarandi:

IPSAS 43 Leigusamningar

Staðallinn gildir fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2025 og síðar og kemur í stað IPSAS 13 Leigusamningar.

Beiting IPSAS 43 mun hafa þau áhrif að Byggðastofnun mun færa í efnahagsreikning leigueignir, sem endurspegla rétt stofnunar til að nýta hinar leigðu eignir, og leiguskuldir, sem endurspegla núvirtar skuldbindingar stofnunar til að greiða leigu yfir leigutíma. Byggðastofnun mun færa í rekstrarreikning afskriftir leigueigna og vaxtagjöld af leiguskuldum. Byggðastofnun mun geta nýtt undanþágu í IPSAS 43 frá þessum reglum vegna skammtímaleigusamninga og leigusamninga þar sem verðmæti undirliggjandi eignar er lítið.

Byggðastofnun mun beita IPSAS 43 frá og með 1. janúar 2025 miðað við aðferð uppsafnaðra áhrifa, þar sem leigueignir nema sömu fjárhæðum og leiguskuldir þann 1. janúar 2025, án áhrifa á eigið fé 1. janúar 2025, og án þess að breyta samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2024. Byggðastofnun hefur metið möguleg áhrif af upptöku IPSAS 43 á ársreikning fyrir árið 2025 og telur að miðað við þá rekstrarleigusamninga sem samstæðan var leigutaki að í árslok 2024 (sbr. skýr. 18) og forsendum um leigutíma (til 31.12.2030) og núvirðingarvexti (7,48%) sem stofnunin reiknar með, muni stofnunin færa í efnahagsreikning 1. janúar 2025 leigueignir og leiguskuldir að fjárhæð 10,7 milljónir króna. Þá mun stofnunin gjaldfæra í rekstrarreikning ársins 2025 afskriftir leigueigna að fjárhæð 2,6 milljónir króna og vaxtagjöld af leiguskuldum að fjárhæð 0,8 milljónir króna, í stað þess að gjaldfæra leigugreiðslur, sem eru áætlaðar á árinu 2025 að fjárhæð 3,1 milljónir króna, án tillits til verðlagsbreytinga í framtíðinni. Þessar fjárhæðir kunna að breytast þegar innleiðingu stofnunar á IPSAS 43 verður lokið á árinu 2025 en einnig ef umfang og forsendur leigusamninga stofnunar breytast á árinu 2025.

IPSAS 44 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi

Staðallinn gildir fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2025 og síðar. Hann tilgreinir reikningsskilaaðferðir fyrir fastafjármuni sem eru til sölu og hvaða kröfur eru gerðar vegna framsetningar og upplýsinga í reikningsskilum um slíkar eignir og aflögð starfsemi.

Samkvæmt IPSAS 44 ber að flokka fastafjármuni sem „til sölu“ ef bókfært verð þeirra verður endurheimt aðallega með því að selja þá. Til að slíkt teljist vera tilfellið þurfa viðkomandi eignir að vera tilbúnar til tafarlausrar sölu í núverandi ástandi, og einungis háð venjubundnum ákvæðum sem gilda um sölu slíkra eigna, og að sala þeirra sé talin mjög líkleg. Sala telst mjög líkleg þegar stjórnendur sem ráða því hvort eignirnar verði seldar eða ekki hafa skuldbundið sig við söluáætlun vegna viðkomandi eigna, þær eru auglýstar til sölu með virkum hætti sölu, söluverð á verði sem er sanngjarnt með tilliti til núverandi gangvirkis þeirra, þess væri vænt að salan uppfylli skilyrði fyrir færslu sem fullgild sala innan við ár frá flokkunardegi (þó með tilteknum undantekningum), og aðgerðir sem þarf að framkvæma til að ljúka við söluáætlunina gefa til kynna að það sé ólíklegt að mikilvægar breytingar verði gerðar á áætluninni eða að hún verði dregin til baka.

Byggðastofnun mun beita IPSAS 44 framvirkt frá og með 1. janúar 2025. Stofnun hefur metið möguleg áhrif af upptöku staðalsins á ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2025 og telur að engir fastafjármunir sem eru eignfærðir í árslok 2024 uppfylli skilyrði staðalsins fyrir flokkun sem „til sölu“. Að öllu óbreyttu mun IPSAS 44 því ekki hafa nein áhrif á ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2025.

IPSAS 45 Varanlegir rekstrarfjármunir

Staðallinn gildir fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2025 og síðar og kemur í stað IPSAS 17 Varanlegir rekstrarfjármunir.

IPSAS 45 bætir við nýjum leiðbeiningum um arfleifðareignir, innviðaeignir og mat varanlegra rekstrarfjármuna. Stofnunin hefur metið möguleg áhrif af upptöku staðalsins á ársreikning stofnunar fyrir árið 2025 og telur að staðallinn mun að öllu óbreyttu ekki hafa nein áhrif á ársreikning stofnunar fyrir árið 2025.

IPSAS 46 Mat og mælikvarðar

Staðallinn gildir fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2025 og síðar. Hann veitir nýjar og ítarlegar leiðbeiningar á einum stað um hvernig almennum matsgrunnum skyldu beitt í framkvæmd. Stofnunin hefur metið möguleg áhrif af upptöku staðalsins á ársreikning stofnunar fyrir árið 2025 og telur að staðallinn mun að öllu óbreyttu ekki hafa nein áhrif á ársreikning stofnunar fyrir árið 2025.

Eftirfarandi staðlar munu gilda frá fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2026 og síðar. Vinna við að meta áhrif þeirra er í gangi en er ekki lokið:

IPSAS 47 Tekjur;

IPSAS 48 Tilfærsluútgjöld.

Eftirfarandi staðlar og breytingar á staðli munu gilda síðar og að öllu óbreyttu munu þeir ekki hafa nein áhrif á ársreikning stofnunar á því ári þegar þau taka gildi.

IPSAS 49 Eftirlaunasjóðir (gildir frá 1. janúar 2026);

IPSAS 50 Rannsóknir og mat á jarðefnaauðlindum og breytingar á staðli IPSAS 12 Birgðir (Kostnaður við að fjarlægja úrgangsefni á framleiðslustigi í ofanjarðarnámu) (gilda frá 1. janúar 2027).

d) Reikningshaldslegt mat og ákvarðanir

Við gerð þessara reikningsskila hafa stjórnendur tekið ákvarðanir sem byggja á mati og gefnum forsendum sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda sem fram koma í reikningsskilunum. Stjórnendur byggja mat sitt á fyrri reynslu og öðrum þáttum sem taldir eru skynsamlegir miðað við aðstæður, en endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun hjá stjórnendum. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað.

Helstu óvissuþættirnir eru mat á afskriftareikningi útlána, lánsloforða og annarra krafna og mat á virði hlutabréfa og fullnustueigna.

Samkvæmt reglum IPSAS ber stjórnendum að meta hvort lántökur og lánveitingar séu ívilnandi við upphaflega færslu þeirra í bókhaldi. Einnig ber þeim að meta hvort veitt lánsloforð fela í sér loforð um að veita lán á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum. Jákvæð niðurstaða slíks mats hefur ákveðnar reikningshaldslegar afleiðingar í för með sér. Stjórnendur Bygðastofnunar hafa framkvæmt þetta mat og komist að niðurstöðu um að umfang ívilnandi útlána og lánsloforða sem voru útistandandi hjá Bygðastofnun 31. desember 2024 var óverulegt. Eftirfarandi aðferðir voru notaðar við matið:

- Lántökur voru metnar út frá því hvort vaxtaálag ofan á ríkistryggð skuldabréf væri undir vaxtaálagi skráðra skuldabréfa útgefin af Bygðastofnun í síðustu viðskiptum. Fyrir lántökur í erlendum myntum var kannað hvort vaxtaálag ofan á LIBOR væri undir skuldatryggingarálagi (CDS) íslenska ríkisins.
- Vegna útlána og lánsloforða, voru markaðskjör skilgreind sem þau kjör sem lántakendum Bygðastofnunar byðist hjá öðrum íslenskum lánastofnunum. Gert var ráð fyrir að markaðskjör útlána væru samtala grunnvaxta og álags vegna útlánaáhættu. Fyrir lán í íslenskum krónum voru grunnvextir ákvarðaðir sem lægstu vextir á lánamarkaði skv. Seðlabanka Íslands og notast var við LIBOR-vexti fyrir lán í erlendum myntum. Vaxtaálag vegna útlánaáhættu var metið byggt á lánshæfismati viðkomandi lántakanda og veðstöðu.

e) Verðtryggðar eignir og skuldir og eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikningnum. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2025. Útlán og lántökur í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða miðgengi Seðlabanka Íslands í lok desember 2024. Innistæður á gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða kaupgengi viðkomandi viðskiptabanka. Gengismunur sem myndast er færður í yfirliti um afkomu og efnahagsreikning.

Miðgengi Seðlabanka Íslands í lok tímabilsins:	31.12.2024	31.12.2023
USD	138,20	136,20
DKK	19,30	20,19
JPY	0,88	0,96
EUR	143,90	150,50
Kaupgengi Arion banka í lok tímabilsins:		
USD	138,13	135,40
JPY	0,87	0,96
EUR	143,40	149,57
Kaupgengi Landsbankans í lok tímabilsins:		
EUR	143,37	149,55
Kaupgengi Íslandsbanka í lok tímabilsins:		
USD	138,05	135,31
JPY	0,88	0,96
EUR	143,43	149,60
Vísitölur í upphafi tímabils:		
	1.1.2025	1.1.2024
Vísitala neysluverðs til verðtryggingar	634,7	605,8

(f) Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

(g) Markaðsskuldabréf

Markaðsskuldabréf samanstanda af ríkisskuldabréfum. Þau eru færð upphaflega á gangvirði, sem er kaupverðið, auk viðskiptakostnaðar sem má rekja beint til kaupanna. Þau eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði þar sem samningsbundið sjóðstreymi þeirra felur í sér eingöngu endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta og markmið Bygðastofnunar með eignarhald á þeim er að uppfylla kröfur Seðlabanka Íslands um að eiga laust fé til að mæta skuldbindingum við álagsaðstæður næstu 30 daga. Stofnunin gerir ekki ráð fyrir sölu þessara skuldabréfa nema slíkar álagsaðstæður komi upp og markmiðið með eignarhaldinu felur ekki í sér tíðrar sölu á markaðsskuldabréfum að verulegu virði. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu verði skuldabréfanna og eru færð undir liðnum „Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum“ í yfirliti um afkomu.

(h) Eignarhald í félögum

Hlutdeildarfélag, eru félög þar sem stofnunin hefur veruleg áhrif á fjármála- og rekstrarlegar ákvarðanir án þess að hafa yfirráð yfir ákvörðunum þess. Veruleg áhrif eru alla jafna til staðar þegar stofnunin á 20-50% eignarhlut í öðrum félögum. Sé eignarhluti undir 20% en Bygðastofnun með aðila í stjórn félags þá er félagið skilgreint sem hlutdeildarfélag. Stofnunin færir fjárfestingar í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði í gegnum afkomu. Gangvirðisbreytingar eru færðar í yfirliti um afkomu og efnahagsreikning.

(i) Fullnustueignir

Fullnustueignir sem eru fasteignir eru færðar á því sem lægra er af kostnaðarverði eða áætluðu söluverði að frádregnum sölukostnaði. Sumar þessara fasteigna eru leigðar út en útleiga þeirra er tilfallandi á meðan þær eru í söluferli.

(j) Útlán til viðskiptavina

Útlán til viðskiptavina eru færð upphaflega á gangvirði, sem er yfirleitt lánsfjárhæðin, auk viðskiptakostnaðar sem má rekja beint til lánveitinga og að frádregnu lántökugjöldum sem Bygðastofnun innheimtir við lánveitingu. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði þar sem samningsbundið sjóðstreymi þeirra felur í sér eingöngu endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta og markmið Bygðastofnunar með eignarhald á þeim er að innheimta samningsbundið sjóðstreymi þeirra. Áfallnir vextir og verðbætur eru taldir með í bókfærðu verði útlána og eru færð undir liðnum „Vaxtatekjur og verðbætur af útlánunum til viðskiptavina“ í yfirliti um afkomu. Lántökugjöld eru tekjufærð yfir lánstíma með aðferð virkra vaxta.

Útlán eru afskrifuð þegar ekki eru raunhæfar væntingar um endurheimtur. Þetta á yfirleitt við þegar stofnunin metur sem svo að lántaki hafi ekki eignir eða tekjur til að standa undir því sjóðstreymi sem þarf til að endurgreiða fjárhæðirnar sem stendur til að afskrifa. Þetta mat fer fram á grundvelli einstakra eigna. Afskrifuð útlán kunna engu að síður að vera innheimt með fullnustuaðgerðum.

(k) Afskriftarreikningur útlána, lánsloforða og annarra krafna

Afskriftarreikningur er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Afskriftarreikningur er færður vegna útlána, lánsloforða og annarra krafna. Hann er færður í efnahagsreikningi til lækkunar á útlánunum og öðrum kröfum en meðal annarra skulda vegna lánsloforða. Framlög í afskriftarreikning eru færð til gjalda í yfirliti um afkomu að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra útlána og krafna.

Fjárhæð afskriftareiknings á hverjum tíma er metin í samræmi við vænt útlánatöp, þar sem tekið er tillit til liðinna atburða, núverandi ástands og spá um efnahagsleg skilyrði í framtíðinni, út frá áreiðanlegum og nærtækum upplýsingum. Matið endurspeglar núvirði fjárvöntunar vegna mögulegra vanefnda, annaðhvort vegna atburða sem verða á næstu 12 mánuðum frá reikningsskiladegi

eða vegna allra atburða sem verða á líftíma fjáreignar, eftir því hvort veruleg aukning hefur átt sér stað á útlánaáættu fjáreignar á reikningsskiladegi samanborið við þá útlánaáættu sem var við upphaflega færslu hennar í bókhaldi. Við útreikning væntra útlánatapa er tekið tillit til tímavirðis peninga og breytilegra sviðsmynda um framtíðarhorfur. Fjallað er um aðferðir og forsendur við mat á væntu útlánatapi í skýringu 22.

(l) Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í yfirliti um afkomu þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

(m) Lántökur og skuldabréfaútgáfur

Tímagreiningin byggir á samningsbundnu greiðslufláði. Upphæðirnar eru ónúvistar og innihalda framtíðarvaxtagreiðslur, en verðtryggðar upphæðir innihalda ekki áætlaðar verðbætur vegna framtíðarverðbólgu. Heildarupphæð hvers liðar er því hærri en upphæð viðkomandi liðar á efnahagsreikningi, þar sem upphæðir á efnahagsreikningi eru annaðhvort á kröfuvirði og innihalda því ekki framtíðarvaxtagreiðslur, eða á gangvirði þar sem búið er að núvirða. Fjárhæðum í eftirstöðvagreiningu í árslok 2023 er skipt niður á tímabil með tilliti til þess sem eftir er af líftíma samnings (þ.e. miðað við tímasetningu samningsbundins greiðslufláðis).

31.12.2024					
Fjáreignir	0-3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	Yfir 5 árum	Samtals
Handbært fé.....	2.636.872				2.636.872
Markaðsskuldabréf..	355.927				355.927
Aðrar kröfur.....	4.639				4.639
Útlán til					
viðskiptavina.....	1.005.401	2.548.669	12.062.242	28.183.214	43.799.527
Fjáreignir samtals....	4.002.839	2.548.669	12.062.242	28.183.214	46.796.965
Fjárskuldir					
Lántökur og					
skuldabréfaútgáfur.	1.034.084	2.488.784	11.417.016	14.273.266	29.213.151
Óráðstöfuð framlög.	374.315	189.671			563.986
Aðrar skuldir.....	144.030				144.030
Fjárskuldir samtals..	1.552.429	2.678.455	11.417.016	14.273.266	29.921.167
31.12.2023					
Fjáreignir	0-3 mán.	3-12 mán.	1-5 ár	Yfir 5 árum	Samtals
Handbært fé.....	926.930				926.930
Markaðsskuldabréf..	340.013				340.013
Aðrar kröfur.....	25.296				25.296
Útlán til					
viðskiptavina.....	597.848	2.559.277	11.825.068	26.498.356	41.480.549
Fjáreignir samtals....	1.890.087	2.559.277	11.825.068	26.498.356	42.772.789
Fjárskuldir					
Lántökur og					
skuldabréfaútgáfur.	445.080	2.104.863	10.580.093	13.392.312	26.522.349
Óráðstöfuð framlög.	442.423	86.863			529.287
Aðrar skuldir.....	206.960				206.960
Fjárskuldir samtals..	1.094.463	2.191.727	10.580.093	13.392.312	27.258.595

Rekstraráhætta

Undir rekstraáhættu fellur áhættan á fjárhagslegu tapi, upplýsingatækniahætta, pólitísk- og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta.

Til að draga úr rekstraráhættu notar stofnunin fyrirbyggjandi aðgerðir og eftirlit í starfsemi sinni. Meðal fyrirbyggjandi aðgerða eru verkferlar um alla helstu þætti í rekstrinum, þjálfun starfsmanna, aðgreining starfa, afritun gagna og fleira. Þá vinnur Byggðastofnun eftir ISO 27001 staðli um öryggi upplýsingakerfa.

23. Áhrif náttúruhamfara á Reykjanesskaga

Byggðastofnun hefur metið áhrif náttúruhamfaranna í Grindavíkurbæ á rekstur og efnahag stofnunarinnar og telur að þau hafi ekki áhrif á rekstur hennar. Stofnunin er með útistandandi lán til þriggja aðila í Grindavík og er kröfuvirði þeirra 321 m.kr. Stofnunin telur lánin vel tryggð og muni fást greidd að fullu. Stofnunin hefur boðið þessum viðskiptavinum að fresta greiðslum lána sinna meðan á óvissunni sem náttúruhamfarirnar hafa ganga yfir.

24. Aflamark Byggðastofnunar

Skv. gr. 10. a í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116 /2006 hefur Byggðastofnun til ráðstöfunar aflaheimildir sem ráðherra ákvarðar skv. heimild í 5. mgr. 8. gr. áðurnefndra laga til að styðja við byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Byggðastofnun getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn. Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en samningur er undirritaður. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít, ufsa, löngu, keilu og gullkarfa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við þorskígildi og skulu þær dregnar frá með sama hætti og greinir í 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Ráðherra hefur sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð 643/2016.

Á fiskveiðiárinu 2024/2025 hefur Byggðastofnun til úthlutunar 6.302 tonn af afla í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu og hafa verið gerðir 11 samningar um nýtingu aflans í ellefu byggðarlögum. Nánari upplýsingar um samningana má sjá á heimasíðu Byggðastofnunar, byggdastofnun.is

Mat Byggðastofnunar er að verðmæti aflamarksins sé 1.613 m.kr.miðað við meðalverð á markaði á árinu 2024.

25. Yfirlit yfir fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok

	2024	2023
Fjárlög.....	453.500	456.800
Fjáraukalög.....	0	0
Fjárveitingar til tekna.....	453.500	456.800
Greiddar fjárveitingar.....	453.500	456.800
Staða fjárveitinga frá fyrra ári.....	0	0
Eftirstöðvar fjárveitinga.....	0	0

26. Samanburður við áætlun

Rekstraráætlun er staðfest af stjórn Byggðastofnunar. Rekstraráætlun er unnin skv. rekstrargrunni.

	2024	Áætlun 2024
Vaxtatekjur		
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum til viðskiptavina.....	2.573.682	2.800.000
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....	77.468	50.000
Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum.....	19.297	50.000
	<u>2.670.446</u>	<u>2.900.000</u>
Vaxtagjöld		
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum.....	1.345.188	1.995.000
	<u>1.345.188</u>	<u>1.995.000</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>1.325.258</u>	<u>905.000</u>
Aðrar rekstrartekjur		
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum.....	453.500	453.500
Gengismunur.....	2.367	0
Gangvirðisbreyting hlutabréfa.....	52.510	0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna.....	46.556	0
Tekjur af fullnustueignum.....	0	2.000
Aðrar tekjur.....	188.771	200.000
	<u>743.704</u>	<u>655.500</u>
Hreinar rekstrartekjur	<u>2.068.962</u>	<u>1.560.500</u>
Önnur rekstrargjöld		
Veitt framlög til atvinnuráðgjafar.....	240.500	240.500
Veittir aðrir styrkir.....	121.325	130.000
Laun og launatengd gjöld.....	436.977	480.000
Annar rekstrarkostnaður.....	216.095	188.000
Rekstrarkostnaður fullnustueigna.....	1.925	4.000
Endurmat fullnustueigna.....	0	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	24.354	25.000
Framlög í afskriftarreikning útlána og annarra krafna.....	(276.899)	250.000
	<u>764.277</u>	<u>1.317.500</u>
Afkoma ársins	<u>1.304.685</u>	<u>243.000</u>

Helstu frávik frá rekstraráætlun ársins eru vegna hærri hreinna vaxtatekna og endurmati afskriftarreiknings útlána. Vaxtatekjur og vaxtagjöld voru töluvert undir áætlunum sem skýrast af lækkun vaxta og verðbólgu.

27. Starfsþáttayfirlit

2024	Lánastarf- semi	Þróunar- starfsemi	Stjórnsýsla póstmála	Samtals
Vaxtatekjur				
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum til viðskiptavina	2.573.682			2.573.682
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	77.468			77.468
Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum	19.297			19.297
	<u>2.670.446</u>			<u>2.670.446</u>
Vaxtagjöld				
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	1.345.188			1.345.188
	<u>1.345.188</u>			<u>1.345.188</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>1.325.258</u>			<u>1.325.258</u>
Aðrar rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	0	423.458	30.042	453.500
Gengismunur	2.367	0	0	2.367
Gangvirðisbreytingar hlutabréfa	52.510	0	0	52.510
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	46.556	0	0	46.556
Tekjur af fullnustueignum	0	0	0	0
Aðrar tekjur	13.573	175.198	0	188.771
	<u>115.006</u>	<u>598.656</u>	<u>30.042</u>	<u>743.704</u>
Hreinar rekstrartekjur	<u>1.440.264</u>	<u>598.656</u>	<u>30.042</u>	<u>2.068.962</u>
Rekstrargjöld				
Veitt framlög til atvinnuráðgjafa	0	240.500	0	240.500
Veittir aðrir styrkir	0	121.325	0	121.325
Laun og launatengd gjöld	185.800	228.979	22.198	436.977
Annar rekstrarkostnaður	131.602	70.175	14.318	216.095
Rekstrarkostnaður fullnustueigna	1.925	0	0	1.925
Endurmat fullnustueigna	0	0	0	0
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	12.264	10.785	1.305	24.354
Framlög í afskriftareikning útlána, lánsloforða og annarra krafna	(276.899)	0	0	(276.899)
	<u>54.692</u>	<u>671.764</u>	<u>37.821</u>	<u>764.277</u>
Afkoma ársins	<u>1.385.572</u>	<u>(73.108)</u>	<u>(7.779)</u>	<u>1.304.685</u>

2023	Lánastarf- semi	Próunar- starfsemi	Stjórnsýsla póstmála	Samtals
Vaxtatekjur				
Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum til viðskiptavina	2.600.308			2.600.308
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	77.487			77.487
Vaxtatekjur og verðbætur af markaðsskuldabréfum	28.847			28.847
	<u>2.706.642</u>			<u>2.706.642</u>
Vaxtagjöld				
Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum	1.463.293			1.463.293
	<u>1.463.293</u>			<u>1.463.293</u>
Hreinar vaxtatekjur	<u>1.243.349</u>			<u>1.243.349</u>
Aðrar rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum	0	426.955	29.845	456.800
Gengismunur	1.318	0	0	1.318
Gangvirðisbreyting hlutabréfa	16.919	0	0	16.919
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(3.437)	0	0	(3.437)
Tekjur af fullnustueignum	4.395	0	0	4.395
Aðrar tekjur	12.981	167.959	0	180.940
	<u>32.176</u>	<u>594.914</u>	<u>29.845</u>	<u>656.935</u>
Hreinar rekstrartekjur	<u>1.275.525</u>	<u>594.914</u>	<u>29.845</u>	<u>1.900.284</u>
Rekstrargjöld				
Veitt framlög til atvinnuráðgjafar	0	245.200	0	245.200
Veittir aðrir styrkir	0	100.590	0	100.590
Laun og launatengd gjöld	192.095	222.262	26.729	441.086
Annar rekstrarkostnaður	92.038	74.014	15.611	181.663
Rekstur fullnustueigna	2.485	0	0	2.485
Endurmat fullnustueigna	37.233	0	0	37.233
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	12.264	10.785	1.305	24.354
Framlög í afskriftareikning útlána, lánsloforða og annarra krafna	164.172	0	0	164.172
	<u>500.287</u>	<u>652.851</u>	<u>43.645</u>	<u>1.196.783</u>
Afkoma ársins	<u>775.238</u>	<u>(57.937)</u>	<u>(13.800)</u>	<u>703.500</u>



VIÐAUKI (ÓENDURSKOÐAÐUR) STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING

Inngangur

Við gerð þessarar yfirlýsingar um stjórnarhætti Byggðastofnunar er stuðst við leiðbeiningar sem koma fram í ritinu „Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út árið 2015, auk ábendinga innri endurskoðunar Byggðastofnunar. Stjórnarháttayfirlýsing þessi er hluti af ársreikningi Byggðastofnunar.

Hlutverk Byggðastofnunar og lagagrundvöllur

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 106/1999 (lög um Byggðastofnun) er Byggðastofnun sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn innviðaráðherra. Samkvæmt 2. gr. laganna er hlutverk Byggðastofnunar að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagna-söfnun og rannsóknum. Þá skipuleggur stofnunin og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra haghafa. Í 11. gr. laganna kemur fram að Byggðastofnun veiti lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverksitt. Lánastarfsemi Byggðastofnunar hefur þann megintilgang að leitast skal við að tryggja fyrirtækjum lágmarksaðgengi að lánsfé á samkeppnishæfum kjörum á svæðum þar sem viðskiptabankar eða sparisjóðir eru tregir til að lána. Um útlánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og heyrir hún undir fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands. Verkefni Byggðastofnunar eru útfærð nánar í reglugerð um Byggðastofnun nr. 347/2000.

Stjórnarhættir

Stjórn Byggðastofnunar leitast við að viðhalda góðum stjórnunarháttum og hefur sett sér reglur um störf stjórnar auk siðareglna fyrir starfsfólk og stjórn. Þá hafa verið settar starfsreglur fyrir endurskoðunarnefnd og stjórn hefur skilgreint hlutverk umsjónarmanns áhættustýringar og regluvarðar. Hjá stofnuninni starfar lánanefnd sem fjallar um lánsúmsóknir, sölu fullnustueigna og hlutabréfa auk þess að gera tillögu til stjórnar um afgreiðslu þeirra mála sem vísa ber til stjórnar skv. verklagsreglum um útlánastarfsemi. Verklagsreglur um útlánastarfsemi, fjármála- og eignaumsýslu hafa verið uppfærðar reglulega og í þeim er m.a. kveðið á um heimildir lánanefndar. Þá eru til staðar hjá stofnuninni aflamarksnefnd, áhættumatsnefnd, og öryggisnefnd sem settar hafa verið verklagsreglur um. Starfsreglur stjórnar Byggðastofnunar auk annarra stefna og verklagsreglna eru aðgengilegar á vefsíðu stofnunarinnar.

Frávik frá reglum um stjórnarhætti

Byggðastofnun er undanþegin rekstri innri endurskoðunardeildar skv. ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2012. Árið 2016, í kjölfar útboðs, samdi Byggðastofnun við KPMG um að sjá um innri endurskoðun Byggðastofnunar á árunum 2016-2020. Í desember 2020 samþykkti stjórn Byggðastofnunar að framlengja samninginn við KPMG til ársins 2025. Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá árinu 2015 er Byggðastofnun undanþegin starfrækslu áhættunefndar sbr. 5 mgr. 78 gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Vegna þessarar undanþágu þá hvíla starfsskyldur áhættunefndar á stjórn Byggðastofnunar.

Áhættustýring og innra eftirlit

Á árinu 2015 var í fyrsta skipti staðfest áhættustefna af stjórn Byggðastofnunar og er hún endurskoðuð árlega, síðast 26. október 2022. Stjórn Byggðastofnunar ber ábyrgð á áhættustýringu stofnunarinnar. Skv. 2. ml. 3. mgr. 11. gr. laga um Byggðastofnun skal fjárhagslegt markmið lána-starfsemi stofnunarinnar vera að varðveita eigið fé að raungildi. Þetta takmarkar áhættuvilja Byggðastofnunar, en stjórn stofnunarinnar ákveður viðunandi áhættu. Fjórum sinnum á ári fær stjórn stofnunarinnar upplýsingar um áhættu og framkvæmd áhættustýringar. Áhættustýring og virkt innra eftirlit er ein af meginstoðum ábyrgs reksturs stofnunarinnar. Byggðastofnun hefur skilgreint helstu áhættuþætti í rekstri sínum. Þeir eru útlánaáhætta, samþjöppunaráhætta, markaðsáhætta, gengisáhætta, vaxtaáhætta, uppgreiðsluáhætta, verðbólguáhætta, lausafjár-áhætta, útstreymisáhætta, seljanleikaáhætta, rekstraráhætta, upplýsingatækniáhætta, pólitísk og lagaleg áhætta, orðsporsáhætta og starfsmannaáhætta. Virkt innra eftirlit er hjá stofnuninni og hafa ferlar verið skráðir niður. Þessir ferlar og áhættuþættir eru metnir reglulega. Úttektir hafa sýnt fram á að skilgreindar eftirlitsaðgerðir eru virkar. Í samræmi við 17. grein laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki hefur verið skipaður sérstakur umsjónarmaður áhættustýringar hjá Byggðastofnun og gilda um störf hans reglur um umsjónarmann áhættustýringar sem samþykktar voru af stjórn í janúar 2017. Hefur umsjónarmaður áhættustýringar beinan og milliliðalausan aðgang að stjórn Byggðastofnunar og flytur skýrslu um þau málefni sem undir starfssvið hans heyra einu sinni á ári auk þess að leggja fyrir stjórn ársfjórðungslega áhættuskýrslu.

Ytri endurskoðun

Ríkisendurskoðun ber ábyrgð á endurskoðun Byggðastofnunar skv. 4. gr. laga um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga nr. 46/2016. Ríkisendurskoðun fól PricewaterhouseCoopers ehf. í kjölfar útboðs að sjá um endurskoðun á ársreikningi Byggðastofnunar í umboði sínu rekstrarárin 2018-2024.

Gildi Byggðastofnunar og siðareglur

Stjórn Byggðastofnunar hefur sett stofnuninni siðareglur sem hafa að geyma þau gildi sem öll starfsemi hennar byggir á. Allir starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar, svo og aðrir þeir sem starfa í umboði hennar, eiga jafnan að hafa að leiðarljósi ákvæði siðareglna og það gildismat sem í þeim birtist. Forsendur siðareglna eru einkum jafnræðisregla, góð stjórnarsýsla, málefnalegt gegnsæi og þjónustugæði. Siðareglur minna starfsmenn og stjórn Byggðastofnunar og aðra þá sem starfa í umboði hennar á víðtækar og strangar siðferðiskröfur sem gerðar eru til þeirra og stuðla þannig að því að efla það traust og þann trúverðugleika sem stofnuninni ber að hafa. Stofnunin setur sér metnaðarfull markmið um góða stjórnarsýslu, skilvirkni og málefnalegt gegnsæi allra verkferla.

Umhverfi og samfélag

Byggðastofnun hefur sjálfbæra þróun og vernd umhverfisins að leiðarljósi í öllu sínu starfi. Á þann hátt leggur Byggðastofnun sitt af mörkum til að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Byggðastofnun hefur sett sér umhverfis- og samfélagsstefnu og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Byggðastofnunar til

að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi og samfélagslegri ábyrgð. Stefnan tekur til allrar starfsemi Byggðastofnunar þ.m.t. kaffistofu og ræstinga, innkaupa, vinnuumhverfis, notkun auðlinda og meðferð efna og úrgangs og á einnig við um lánastarfsemi stofnunarinnar. Samþykkt stefna ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup og rafræna stjórnsýslu á einnig við um Byggðastofnun og skiptir miklu máli í framkvæmd umhverfis- og samfélagsstefnunnar. Byggðastofnun tekur þátt í verkefninu Græn skref. Verkefnið er fyrir ríkisstofnanir sem vilja draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna. Með þátttöku í Grænum skrefum gefst stofnunum tækifæri á að innleiða öflugt umhverfisstarf með kerfisbundnum hætti.

Stjórnskipulag Byggðastofnunar

Skv. 3. gr. laga um Byggðastofnun skipar ráðherra á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. Á ársfundi stofnunarinnar 2023 skipaði innviðaráðherra nýja stjórn sem sitja skal fram að næsta ársfundi en þó ekki lengur en til 1. júlí 2024. Ráðherra skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands metur hæfi stjórnarmanna skv. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki auk þess sem stjórnin sjálf metur hæfi sitt og einstakra stjórnarmanna í samræmi við stefnu Byggðastofnunar um mat á hæfi stjórnar og forstjóra. Forstjóri Byggðastofnunar er Arnar Már Elíasson. Verkefnum forstjóra og starfsskyldum er nánar lýst í 6. gr. laga um Byggðastofnun, 5. gr. reglugerðar um Byggðastofnun og í erindisbréfi ráðherra. Samkvæmt erindisbréfi er meginhlutverk forstjóra að annast daglega stjórn og rekstur stofnunarinnar. Forstjóri Byggðastofnunar starfar í umboði ráðherra og ber ábyrgð gagnvart honum á því að starfsemin skili tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög, fjármálaáætlun og stefnu í byggðamálum. Hann ber ábyrgð á því að starfsemi Byggðastofnunar sé í samræmi við lög, erindisbréfið og önnur stjórnvaldsfyrirmæli.

Árangursmat

Stjórn Byggðastofnunar skal árlega meta árangur starfa sinna, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda. Árlegu árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar og felur matið m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim þáttum sem stjórnin telur að betur megi fara í störfum sínum. Við matið skal m.a. skoða hvort stjórnin hafi starfað í samræmi við starfsreglur og hvort mikilvæg stjórnarmálefni séu nægilega vel undirbúin og rædd í stjórninni. Stjórnin skal bregðast við niðurstöðum matsins á viðeigandi hátt.

Samþykkt á fundi stjórnar Byggðastofnunar 1. nóvember 2023.

FRAMLÖG OG STYRKIR

Atvinnuráðgjöf

Austurbrú ses.	34.680
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	24.459
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga.....	35.185
Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	32.395
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	33.045
Samtök sveitarfélaga og atvinnupróunar á Norðurlandi eystra.....	40.019
Vestfjarðastofa	40.717
Samtals	240.500

Aðrir styrkir

Brothættar byggðir.....	124.735
Byggðarannsóknasjóður	12.990
Eyrarrósir	3.000
Flutningsjöfnun olíuvara	171.697
Landsstólpinn	1.000
Styrkir vegna aðgerðar A.9 í byggðaaáætlun	19.856
Styrkir vegna aðgerðar A.10 í byggðaaáætlun	1.880
Styrkir vegna aðgerðar B.7 í byggðaaáætlun	2.700
Styrkir vegna aðgerðar B.8 í byggðaaáætlun	21.880
Styrkir vegna aðgerðar C.1 í byggðaaáætlun.....	155.058
Sóknaráætlanir landshluta.....	803.076
Styrkir til meistaranema.....	525
Umhverfistengd verkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga.....	100.000
Samtals	1.418.397

LÖG UM BYGGÐASTOFNUN

[Lög nr. 106 frá 27. desember 1999](#) með síðari tíma breytingum.

Tóku gildi 1. janúar 2000. Breytt með: L. 87/2009 (tóku gildi 20. ágúst 2009). L. 123/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 13/2013 (tóku gildi 9. mars 2013). L. 69/2015 (tóku gildi 21. júlí 2015). L. 130/2016 (tóku gildi 1. júlí 2017). L. 71/2019 (tóku gildi 5. júlí 2019). L. 76/2021 (tóku gildi 1. júlí 2021; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 13. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innviðaráðherra eða innviðaráðuneyti sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði er að finna hér.

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr. Yfirstjórn og staðsetning.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn [ráðherra].¹⁾

[Ráðherra]¹⁾ ákveður staðsetningu Byggðastofnunar að fenginni tillögu stjórnar.

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#)

2. gr. Hlutverk.

[Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.

[Byggðastofnun annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hefur eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni.]¹⁾²⁾

¹⁾[L. 76/2021, 9. gr.](#) ²⁾[L. 69/2015, 6. gr.](#)

3. gr. Ársfundur og stjórn.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Nánar skal kveðið á um ársfund í reglugerð.

[Ráðherra]¹⁾ skipar á ársfundi sjö menn í stjórn Byggðastofnunar til eins árs í senn og sjö menn til vara. [Ráðherra]

¹⁾ skipar formann og varaformann og ákveður þóknun stjórnar.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða.

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#)

4. gr. Verkefni stjórnar.

Verkefni stjórnar Byggðastofnunar eru:

1. Að ákveða starfsskipulag að því leyti sem það hefur ekki verið gert í reglugerð.
2. Að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti og sjá til þess að henni sé framfylgt.
3. Að ákveða rekstrar- og starfsáætlun til eins árs í senn.
4. Að vinna að samstarfi við aðrar stofnanir og sjóði sem starfa að eflingu atvinnulífs í því skyni að samhæfa og gera atvinnuráðgjöf og stuðningsaðgerðir markvissar.

5. Að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar.
6. Að fjalla um og samþykkja ársreikning.
7. Að taka ákvarðanir um heildarlántöku, sbr. 15. gr.
8. Að taka ákvarðanir um hlutafjárkaup og þátttöku í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum.
9. Að setja reglur um lánaðjör og fjármögnun verkefna.
10. Að taka ákvarðanir og setja reglur um lán- og ábyrgðarveitingar. Þá skal stjórn setja reglur um upplýsingagjöf til stjórnar um þau efni. [Reglur stjórnar Byggðastofnunar um lán- og ábyrgðarveitingar skulu hafa hlotið staðfestingu ráðherra áður en þær öðlast gildi.]¹⁾
11. Önnur verkefni sem [ráðherra]²⁾ felur stjórn að vinna á sviði byggða- og atvinnamála.

¹⁾ [L. 13/2013, 1. gr.](#) ²⁾ [L. 126/2011, 291. gr.](#)

5. gr. Forstjóri.

[Ráðherra]¹⁾ skipar forstjóra til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. [Um laun og önnur launakjör forstjóra fer skv. [39. gr. a laga nr. 70/1996](#), um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.]²⁾

¹⁾ [L. 126/2011, 291. gr.](#) ²⁾ [L. 130/2016, 8. gr.](#)

6. gr. Verkefni forstjóra.

Verkefni forstjóra Byggðastofnunar eru:

1. Að stjórna daglegum rekstri stofnunarinnar.
2. Að gera tillögur til stjórnar um:
 - a. starfsskipulag stofnunarinnar,
 - b. rekstrar- og starfsáætlun,
 - c. áherslur í starfsemi,
 - d. lántökur og heildarútlán,
 - e. reglur um lánaðjör.
3. Að ráða stofnuninni starfsfólk.
4. Önnur verkefni sem honum eru falin af stjórn.

II. KAFLI.

Starfsemi.

7. gr. ...¹⁾

¹⁾ [L. 69/2015, 6. gr.](#)

8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðaþróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðaþróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðaþróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

9. gr. Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á landsbyggðinni í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra [haghafa].¹⁾

Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa, m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna. Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

¹⁾ [L. 69/2015, 6. gr.](#)

10. gr. Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna á sviði atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefnin og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórnin, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Einnig er heimilt að fela atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

11. gr. Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Stjórn Byggðastofnunar getur tekið ákvörðun um að gera samninga um að fela fjármálastofnunum afgreiðslu og innheimtu lána, sem og aðra fjármálaumsýslu stofnunarinnar.

[Ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim, sbr. 1. mgr., eru endanlegar á stjórnsýslustigi.]¹⁾

¹⁾[L. 13/2013, 2. gr.](#)

12. gr. Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem [ráðherra]¹⁾ setur að fengnum tillögum stjórnar.

- Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#)

III. KAFLI.

Önnur ákvæði.

13. gr. Upplýsingar um starfsemi.

[Ráðherra]¹⁾ skal gefa Alþingi árlega skýrslu um ...²⁾ framvindu byggðaáætlunar.

Ársreikningum [Byggðastofnunar]²⁾ skal fylgja skrá yfir verkefni stofnunarinnar og fjármögnun þeirra.

¹⁾[L. 126/2011, 291. gr.](#) ²⁾[L. 76/2021, 10. gr.](#)

14. gr. Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru:

1. Framlag úr ríkissjóði eins og ákveðið er í fjárlögum hverju sinni.

2. Fjármagnstekjur.

[3. Þjónustugjöld skv. 2. og 3. mgr.]¹⁾

[Byggðastofnun er heimilt að taka gjald fyrir:

1. Umsýslu og skjalagerð sem tengist lánastarfsemi stofnunarinnar.

2. Umsýslu vegna aflamarks Byggðastofnunar samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

3. Vinnu við verkefni á sviði byggðaáætlunar og alþjóðlegra verkefna sem stofnuninni er falið að sinna.

Stjórn Byggðastofnunar setur gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni erfalið að annast eða stofnunin tekur að sér samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Upphæð gjalda tekur mið af kostnaði við þjónustu og framkvæmd einstakra verkefna og má ekki vera hærri en sá kostnaður. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld má innheimta með fjárnámi.]¹⁾

¹⁾[L. 76/2021, 11. gr.](#)

15. gr. Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

16. gr. ...¹⁾

¹⁾[L. 76/2021, 12. gr.](#)

17. gr. *Undanþága frá gjöldum og sköttum.*

Byggðastofnun er undanþegin öllum opinberum gjöldum og sköttum til ríkissjóðs.

18. gr. *Þagnarskylda.*

[Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.]¹⁾

¹⁾[L. 71/2019, 5. gr.](#)

19. gr. *Reglugerð.*

Nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Byggðastofnunar og framkvæmd laga þessara má setja með reglugerð.¹⁾

¹⁾[Rg. 347/2000.](#)

20. gr. *Gildistaka.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000. ...

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skipar iðnaðarráðherra stjórn Byggðastofnunar skv. 3. gr. fram að fyrsta ársfundi sem halda skal fyrir 1. júlí 2000.

REGLUGERÐ FYRIR BYGGÐASTOFNUN [NR. 347/2000](#)

I. KAFLI

Hlutverk og skipulag.

1. gr. Stjórnsýsluleg staða.

Byggðastofnun er sérstök stofnun í eigu íslenska ríkisins og heyrir undir yfirstjórn iðnaðarráðherra.

2. gr. Hlutverk.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Til að stuðla að vexti, nýsköpun og umbreytingu í atvinnulífi veitir stofnunin m.a. lán og ráðgjöf, fjármagnar og skipuleggur verkefni og stuðlar að öflugri atvinnuráðgjöf. Til að stuðla að eflingu byggðar gerir stofnunin tillögur og áætlanir sem grundvallaðar eru á gagnaöflun og rannsóknum.

3. gr. Ársfundur.

Halda skal ársfund Byggðastofnunar fyrir 1. júlí ár hvert. Stjórn Byggðastofnunar ákveður fundardag, fundarstað og dagskrá fundarins. Á ársfundi skal fjalla um aðgerðir og horfur í byggðamálum og starfsemi Byggðastofnunar.

Ársfundinn sitja iðnaðarráðherra og stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar. Ennfremur skal bjóða til fundarins fulltrúum atvinnuþróunarfélaga og sveitarfélaga, alþingismönnum, fulltrúum annarra stofnana og aðila sem vinna að atvinnu- og byggðarþróunarmálum, fjölmiðlum og öðrum sem málið varðar.

4. gr. Verkefni stjórnar.

Stjórn Byggðastofnunar mótar stefnu fyrir stofnunina og sér til þess að henni sé framfylgt. Formaður stjórnar boðar til funda.

Stjórnin getur falið lánanefnd sem forstjóri veitir forstöðu að taka ákvarðanir um einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Í þeim reglum skal m.a. koma fram markmið lánastarfseminnar, lánskjarastefna og hámark láns og áhættuframlags vegna einstaks fyrirtækis.

Ennfremur skipan og starfsskipulag lánanefndar, viðmiðun við ákvarðanatöku, ferill umsókna, upplýsingagjöf til umsækjenda og svartími. Þá skal kveðið á um reglulega upplýsingagjöf til stjórnar vegna eftirlitshlutverks hennar.

Byggðastofnun skal við ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sambærilegri stöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski sem minnst samkeppnisaðstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni.

5. gr. Verkefni forstjóra.

Iðnaðarráðherra skipar forstjóra Byggðastofnunar til fimm ára í senn að fenginni tillögu stjórnar. Forstöðumaður fyrirtækjasviðs skal vera staðgengill forstjóra. Forstjóri annast framkvæmdastjórn og daglegan rekstur stofnunarinnar og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Hann gerir tillögur til stjórnar um skipulag og stefnu. Forstjóri veitir lánanefnd jafnframt forstöðu. Að öðru leyti en mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun og reglugerð þessari fer um verkefni forstjóra samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

II. KAFLI

Starfsemi.

6. gr. Skipulag starfseminnar.

Starfsemi Byggðastofnunar skal, auk skrifstofu forstjóra, skiptast í eftirtalin svið:

- Fyrirtækjasvið sem annast m.a lánsbeiðnir, ráðgjöf, útborgun lána, verkefnafjármögnun, athuganir og þróunarverkefni vegna fyrirtækja og atvinnulífs.
- Þróunarsvið sem annast samstarf við atvinnuþróunarfélög og stofnanir, gagnasöfnun og úrvinnslu upplýsinga og hefur umsjón með úttektum, rannsóknum og öðru þróunarstarfi á sviði byggðamála og atvinnulífs.

3. Lögfræðisvið sem annast m.a. lögfræðileg verkefni, innheimtu og yfirstjórn skjalagerðar.

4. Rekstrarsvið sem annast m.a. rekstur stofnunarinnar, bókhald, innheimtu lána, ásamt gerð rekstrar- og greiðsluáætlana.

7. gr. Áætlun.

Í upphafi hvers árs skal stjórn Byggðastofnunar láta gera áætlun um starfsemi stofnunarinnar á viðkomandi ári. Áætlun þessi skal vera í tveimur hlutum: Starfsáætlun og áætlun fyrir lánastarfsemi. Lánastarfsemin skal greiða þann kostnað í rekstri stofnunarinnar sem til hennar má rekja. Áætlanir skulu sendar iðnaðarráðherra til kynningar eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Í starfsáætlun skal fjallað um þau verkefni sem stjórn stofnunarinnar vill að unnið sé að og ekki teljast til venjubundinnaverkefna. Þarskaleinnigverarekstraráætlun fyrir annað en lánastarfsemina. Gera skal grein fyrir hvernig framlögum á fjárlögum og öðrum tekjum skal ráðstafað í kostnað við rekstur, þátttöku í kostnaði vegna starfsemi atvinnuþróunarfélaga, fjármögnun verkefna og kaupa á hlutafé.

Í áætlun fyrir lánastarfsemi skal koma fram stefna um útlán ársins og rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir lánastarfsemina. Þar skal m.a. sundurliða nauðsynleg framlög í afskriftareikning útlána vegna almennra lána og áhættulána. Með áhættulánum er átt við lán með meiri áhættu en vaxtamunur þeirra getur greitt.

Í áætlun um fjármögnun verkefna skal gerð grein fyrir þeim verkefnum sem stofnunin hyggst vinna að á árinu og þeim markmiðum sem stefnt er að með þeim. Þar skal gerð grein fyrir því hvert framlag stofnunarinnar er til einstakra verkefna og hvert framlag samstarfsaðila er.

III. KAFLI Atvinnuráðgjöf.

8. gr. Efling atvinnulífs.

Byggðastofnun vinnur að aukinni fjölbreytni atvinnulífsins á landsbyggðinni og aðlögun þess að breyttum aðstæðum, m.a. með eflingu rannsóknar- og þróunarstarfs og aukinni notkun upplýsingatækni í starfsemi fyrirtækja.

Byggðastofnun gerir samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði. Þá skal stofnunin vinna að því að efla samstarf og samhæfingu í atvinnuþróunarstarfsemi.

Byggðastofnun veitir atvinnuþróunarfélögum faglega aðstoð við atvinnuþróun og nýsköpun, miðlar upplýsingum, aðstoðar við endurmenntun, samræmingu á starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og eflingu samstarfs þeirra á milli. Hún myndar tengsl við stofnanir sem vinna að atvinnu- og byggðapróun, skipuleggur samstarfsverkefni og aðstoðar við leit að samstarfsaðilum varðandi sérhæfð mál.

9. gr. Efling búsetupáttá.

Byggðastofnun hefur samvinnu við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og opinberar stofnanir og aðra aðila um eflingu búsetupáttá. Þar má telja menntun og menningu, samgöngur, umhverfismál og þjónustu.

Byggðastofnun getur tekið þátt í gerð svæðisskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Byggðastofnun tekur þátt í samstarfshópum og aðstoðar við greiningu vanda dreifbýlla svæða, þar sem veruleg röskun hefur orðið á atvinnuháttum og búsetu.

10. gr. Rannsóknir, upplýsingar og umsagnir.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði

atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

Byggðastofnun metur áhrif lagasetningar og annarra stjórnvaldsaðgerða á byggðapróun. Byggðastofnun veitir umsagnir og getur unnið greinargerðir og tillögur fyrir Alþingi ráðuneyti, stofnanir, sveitarfélög og aðra á verkefnasviði sínu.

11. gr. Samstarf og samskipti.

Byggðastofnun vinnur að myndun samstarfsneta og getur tekið þátt í og skipulagt innlend og erlend samstarfsverkefni á sviði byggða- og atvinnumála. Byggðastofnun aðstoðar atvinnuþróunarfélög og aðra samstarfsaðila við gerð og öflun slíkra verkefna.

12. gr. Stefnumótandi byggðaáætlun.

Iðnaðarráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil. Áætlunin skal lýsa markmiðum og stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum, áætlunum um aðgerðir á sviði atvinnumála, opinberrar þjónustu o.fl. Koma skal fram með hvaða hætti einstakar aðgerðir skulu fjármagnaðar, tímasetning þeirra og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.

Í byggðaáætlun skal gerð grein fyrir ástandi og horfum í þróun byggðar og framvindu gildandi byggðaáætlunar.

Iðnaðarráðherra skal vinna að byggðaáætlun í samvinnu við Byggðastofnun og leita faglegar ráðgjafar hjá stofnuninni um rannsóknir og úttektir til undirbúnings gerð byggðaáætlunar. Við gerð byggðaáætlunar hafi iðnaðarráðherra samráð við önnur ráðuneyti, sveitarfélög og aðra aðila eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti.

Byggðastofnun fylgist með framkvæmd þeirra þátta

stefnumótandi byggðaáætlunar sem ráðherra felur henni.

IV. KAFLI

Fjármögnun verkefna og veiting lána og ábyrgða.

13. gr. Fjármögnun verkefna.

Byggðastofnun veitir framlög til verkefna vegna atvinnuuppbyggingar og á sviði nýsköpunar. Stjórn stofnunarinnar ákveður verkefnin og leitar eftir samstarfsaðilum um þau. Við umfjöllun um einstök verkefni getur stjórn, ásamt samstarfsaðilum, sett á fót verkefnanefndir til ráðgjafar. Byggðastofnun getur einnig falið atvinnuþróunarfélögum úthlutun fjár til einstakra verkefna.

14. gr. Veiting lána og ábyrgða.

Byggðastofnun veitir lán og ábyrgðir. Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur. Lánskjör skulu ákveðin af stjórn. Lánstími skal ekki vera lengri en 25 ár.

Markmið lánastarfseminnar er m.a. að tryggja fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri á landsbyggðinni aðgang að langtímalánum á sem hagstæðustum kjörum, stuðla að vexti framsækinna fyrirtækja, nýsköpun í atvinnulífi og eflingu byggða.

Fjárhaglegt markmið lánastarfseminnar er að varðveita eigið fé að raungildi.

15. gr. Umsóknir um lán.

Við mat á umsóknum skal hafa til viðmiðunar rekstur og rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu, reynslu og þekkingu fyrirsvarsmanna þess, tryggingar fyrir lánum, nýsköpunargildi, samkeppnissjónarmið og gildi fyrir uppbyggingu atvinnulífs á landsbyggðinni. Þá skal lögð áhersla á samstarf við aðrar lánastofnanir og stuðla að því að þær láni til fyrirtækja á landsbyggðinni. Öll lán skal áhættuflokka við afgreiðslu, m.a. miðað við rekstrarhorfur fyrirtækis, fjárhagsstöðu og tryggingar fyrir lánum.

Umsóknir um lán skulu að jafnaði vera á umsóknar-eyðublöðum sem fást hjá stofnuninni og atvinnu-próunarfélögum.

16. gr. Eftirgjöf lána.

Óheimilt er að gefa eftir veitt lán. Frá þessu má þó gera undantekningar þegar sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar lán eru ekki með haldbærum tryggingum og það samræmist innheimtuhagsmunum stofnunarinnar. Leita skal umsagnar ríkisendurskoðanda áður en einstök lán eru gefin eftir.

17. gr. Takmarkanir.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna verkefni, veita lán og ábyrgðir á landsbyggðinni, þ.e. ekki í eftirtöldum sveitarfélögum: Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Bessastaðahreppi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ.

Um fjármögnunar- og lánastarfsemi Byggðastofnunar gilda ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993.

Aðstoð sem fellur undir c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins vegna fjárfestinga skal ekki nema hærrí fjárhæð en svarar til 17% að teknu tilliti til tekjuskatts, af upphaflegum stofnkostnaði vegna starfsstöðvar eða breytinga á henni. Til viðbótar er heimilt að veita smáum og meðalstórum fyrirtækjum aðstoð er svarar til allt að 10% af sömu kostnaðarþáttum, sbr. skilgreiningu 10.2 í leiðbeiningarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð, sem birtar eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB. Framangreindir hundradshlutar eru hámarksviðmiðanir fyrir alla opinbera fjárhagsaðstoð til sama verkefnis.

Við útreikning og mat á veittri aðstoð skal miða við þá ávöxtun sem fengist hefði við eðlilegar markaðsaðstæður hverju sinni.

V. KAFLI

Þátttaka í atvinnurekstri.

18. gr. Stofnun fyrirtækja.

Byggðastofnun getur, í samræmi við hlutverk sitt, stuðlað að stofnun nýrra fyrirtækja samkvæmt ákvörðun stjórnar. Höfð skal hliðsjón af byggðaaáætlun við slíkar ákvarðanir.

Til að stuðla að stofnun nýrra fyrirtækja getur Byggðastofnun veitt aðstoð og ráðgjöf við undirbúning, svo og veitt ábyrgðir og lagt fram fjármagn. Almennu séð skal fjárhagsleg fyrirgreiðsla miðast við að stofnunin sé ekki sjálf beinn þátttakandi í atvinnurekstri. Þó er stofnuninni heimilt að taka þátt í félagi með allt að 30% hlutafjárframlagi ef ríkar ástæður eru til að mati stjórnar stofnunarinnar. Byggðastofnun er þó ávallt heimilt að taka þátt í félagi með hlutafjárframlagi eða öðrum stofnframlögum sem eigandi ef um er að ræða eignarhalds-, fjárfestingar- eða þróunarfélag, þar með talin atvinnuþróunarfélög.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Byggðastofnun ætíð heimilt að verja kröfur sínar með því að breyta þeim í hlutafé. Þá er Byggðastofnun heimilt að breyta fullnustueignum í hlutafé þegar það er talið vera fjárhagslega hagkvæmasta leiðin til að verja innheimtuhagsmunum stofnunarinnar.

19. gr. Sala hlutabréfa (eignarhluta).

Þjóða skal til sölu á almennum markaði þau hlutabréf sem Byggðastofnun á og skal við það miðað að hlutabréfin séu auglýst til sölu eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Heimilt er einnig að setja bréfin í sölu á viðurkenndum hlutabréfa-markaði.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hlutafjáreignar Byggðastofnunar í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum, þar með talið atvinnuþróunarfélögum, en stjórn Byggðastofnunar er heimilt að selja hlutabréf stofnunarinnar í slíkum félögum.

20. gr. Eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélög.

Með vísan til hlutverks Byggðastofnunar er stjórn stofnunarinnar heimilt að ákveða að stofnunin taki þátt í eignarhalds-, fjárfestingar- og þróunarfélögum með allt að 40% eignaraðild. Skilyrði slíkrar aðildar er að fagfjárfestar, fyrirtæki í einkaeigu og einstaklingar eigi a.m.k. 10% hlutafjár í slíkum félögum. Þá skal stofnunin hafa samstarf við fjárfestingarsjóði og lánastofnanir, eftir því sem við á, um fyrirgreiðslu til verkefna sem samrýmast hlutverki hennar.

VI. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr. Upplýsingar um starfsemi.

Iðnaðarráðherra skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Byggðastofnunar og framvindu byggðaaáætlunar.

22. gr. Tekjur.

Tekjur Byggðastofnunar eru framlag úr ríkissjóði og fjármagnstekjur.

23. gr. Lántaka.

Byggðastofnun er heimilt innan ramma fjárlaga að taka lán til starfsemi sinnar innan lands eða erlendis, annaðhvort í eigin nafni eða fyrir milligöngu annarra aðila.

24. gr. Þagnarskylda.

Stjórnarmenn og allir starfsmenn Byggðastofnunar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

25. gr. Hæfi stjórnarmanna.

Stjórnarmaður skal ekki taka þátt í meðferð máls er varðar fyrirtæki ef hann situr í stjórn þess eða er starfsmaður þess. Hann skal einnig víkja ef hann er verulega fjárhagslega háður fyrirtæki vegna eignaraðildar, viðskipta eða af öðrum ástæðum. Samagildirum þátttökustjórnarmanns í meðferð máls er varðar aðila sem eru honum svo persónulega tengdir að hætta sé á að hann fái ekki litið hlutlaust á málið. Við upphaf stjórnarsetu ber stjórnarmanni að leggja fram yfirlit yfir þau fyrirtæki sem hann telur að svo sé ástatt um

að hann geti ekki tekið þátt í afgreiðslu á málefnum þeirra. Hann skal einnig tilkynna ef breytingar verða á högum hans að þessu leyti.

26. gr. Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun, svo og með vísan til 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2/1993, um lagagildi samningsins hér á landi.

Reglugerð þessi öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. maí 2000.

